

**SKOÐUN** Umhverfisvænst er að rukka inn á ferðamannastaði, skrifar Pawel. 17



**MENNING** Fyndni og dramatík í Ferjunni sem er frumsýnd í kvöld. 26




**LÍFIÐ** Iceland-Mag er nýr frétta- og dægurmiðill á ensku fyrir áhugafólk um Ísland. 38



**SPORT** Það verður Íslendingaslagur í Meistaradeild Evrópu um helgina. 34






# FRÉTTABLAÐIÐ


Föstudagur
21. mars 2014
67. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Tengjast vináttuböndum í gegnum tónlistina

Katrína Mogensen, Alexandra Baldursdóttir og Ása Dýradóttir eru konurnar í hljómsveitinni Mammút. Með þeim í hljómsveitinni eru Arnar Pétursson og Andri Bjartur Jakobsson. Bandið hefur verið áberandi undanfarin misseri og hlaut þrenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum. Lífið ræddi við stöllurnar um listina að lifa sem tónlistarmaður.

**FRÉTTIR**

**Sýnir prjónakjóla** Aðalbjörg Jónsdóttir heldur tvær sýningar á verkum sínum þrátt fyrir að vera orðin 97 ára gömul. 2

**22 milljónir í sögu** Kostnaðurinn við ritun sögu verkafólks á Vestfjörðum er kominn í 22 milljónir króna. 4

**Dansa í verkfalli** Þrjátíu stelpur þáðu boð um ókeypis danstíma í verkfalli kennara. 10




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | NA | 16 |
| Akureyri | 0° | NA | 13 |
| Egilsstaðir | 0° | NA | 14 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | NA | 12 |
| Reykjavík | 3° | NA | 15 |

**STÍF NA-ÁTT** á landinu í dag, víðast 10-18 m/s. Snjókoma eða él N- og A-lands en skýjað með köflum syðra. Hiti 0-6 stig en vægt frost inn til landsins. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Utanríkisráðherra til Úkraínu

**Gunnar Bragi Sveinsson fer í opinbera heimsókn til Úkraínu í dag þar sem hann mun ræða við stjórnvöld um ástandið í landinu. Hann staðfesti í gær þvingunaraðgerðir gegn þeim sem tengjast aðgerðum Rússa á Krímskaga.**

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra heldur til Úkraínu í dag þar sem hann verður í opinberri heimsókn fram á sunnudag. Mun hann eiga samtal við yfirvöld þar í landi um ástandið á Krímskaga.

Fyrirhugað er að Gunnar eigi fund með Andrii Deshchytsia, utanríkisráðherra Úkraínu, ásamt því sem hann mun heimsækja úkraínska þingið þar sem hann hittir þingmenn landsins. Einnig er fyrirhugað að heimsækja Maidantorgið í Kænugarði.

„Við höfum fordæmt Rússa fyrir framferði þeirra en það er líka mikilvægt að ræða við úkraínsk stjórnvöld um hagsmuni íbúa landsins,“ sagði Sunna Gunnars Marteinsdóttir, aðstoðarmaður Gunnars, í samtali við Fréttablaðið.

Gunnar staðfesti í gær þvingunaraðgerðir gegn rússneskum og úkraínskum einstaklingum sem tengjast aðgerðum Rússa á Krímskaga. Um leið fordæmdi hann innlimun Rússlands á Krímskaga og ítrekaði fyrri yfirlýsingar um ólögmæti atkvæðagreiðslunnar sem fór fram 16. mars um að svæðið skyldi verða hluti af Rússlandi. Á heimasíðu utanríkisráðuneytisins segir að í ljósi þeirrar stöðu sem upp sé komin á Krímskaga hafi EFTA-ríkin ákveðið á þriðjudag að slá á frest

> **Það er líka mikilvægt að ræða við úkraínsk stjórnvöld um hagsmuni íbúa landsins**
>
> *Sunna Gunnars Marteinsdóttir*

frekari viðræðum við tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstans um fríverslun.

Með Gunnari í ferðinni eru, auk Sunnu, Urður Gunnarsdóttir fjölmiðlafulltrúi utanríkisráðuneytisins. Þá eru einnig tveir starfsmenn alþjóða- og öryggisskrifstofu ráðuneytisins með í för. - fbj



**ÞUNGUR RÓÐUR** Auður Lára Sigurðardóttir, 29 ára fötluð kona, heimsótti Jón Gnarr borgarstjóra í Ráðhúsið í gær. Heimsóknin var meðal annars til að kynna Fyrirmyndardaginn svokallaða sem fer fram 4. apríl næstkomandi á vegum Vinnumálastofnunar, en þá gefst fötluðu fólki færi á að heimsækja starfsmenn fyrirtækja og stofnana í vinnuna. Jón sýnir hér Auði róðrarvélina sem hann geymir á skrifstofu sinni, en hugmyndin að henni er komin úr sjónvarpsþættinum vinsæla House of Cards. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin fór á frumsýningu Game of Thrones í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Frumsýning í New York:

## Sigur Rós sá Game of Thrones

**FÓLK** Jón Þór Birgisson, Georg Holm og Orri Páll Dýrason, meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar, mættu á frumsýningu fjórðu seríu sjónvarpsþáttarins Game of Thrones í New York á þriðjudag.

Þeir félagar ferðuðust til Króatíu í fyrra til að leika í seríunni en höfundar þáttanna eru miklir aðdáendur Sigur Rósar.

Eftir frumsýningu röbbuðu þeir við George R. R. Martin, höfund bókanna sem þættirnir eru byggðir á, og birtu mynd af sér með rithöfundinum á Facebook-síðu sinni. - lkg / sjá síðu 54

Hljóðfæraleikarar í sýningunni Mary Poppins leita réttar síns í launamálum:

# Ágreiningur í Borgarleikhúsinu

**KJARAMÁL** Hljóðfæraleikararnir sem spiluðu í söngleiknum Mary Poppins í Borgarleikhúsinu hafa leitað réttar síns fyrir Félagsdómi en ágreiningur er um túlkun kjarasamninga milli Leikfélags Reykjavíkur og Félags íslenskra hljómlistarmanna, FÍH.

„Þetta er svona eftir á túlkun hjá FÍH en þetta er ekkert stórmál,“ segir Þorsteinn S. Ásmundsson, framkvæmdastjóri Borgarleikhússins.

Ágreiningurinn snýst um skilgreiningu á hugtakinu leiðandi maður, en FÍH miðar við að allir hljómsveitarmeðlimir séu skilgreindir sem leiðandi menn ef hljómsveitin er skipuð færri en tólf meðlimum.

„Þessi skipting er alþjóðleg og ekki einhver lygi í kjarasamningum,“ segir Björn Árnason, formaður FÍH. „Við höfum haft hana í okkar samningum frá 1984.“



Mary Poppins naut mikilla vinsælda og var sýnd 135 sinnum í Borgarleikhúsinu. - ssb, / sjá síðu 6





FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT
10-11



## SPURNING DAGSINS



### Margrét, þið tjaldið ekki til einnar nætur?

**„Nei, þetta verður algjör sirkus þar sem öllu verður tjaldað til.“**

Margrét Erla Maack og aðrir starfsmenn Sirkuss Íslands óska eftir tillögum um nafn á glænýtt sirkustjald sem er á leiðinni til

Dómur Héraðsdóms Suðurlands yfir karlmanni staðfestur í Hæstarétti:

# Þrjú ár í fangelsi fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Suðurlands um þriggja ára fangelsi og greiðslu miskabóta yfir karlmanni fyrir nauðgun og kynferðisbrot gegn tveimur 13 ára stúlkum.

Maðurinn var annars vegar sakfelldur fyrir að hafa haft samfarir við stúlku sumarið 2010 þegar hún var 13 ára. Hann var dæmdur til að greiða henni 800 þúsund krónur í miskabætur. Hins vegar var hann sakfelldur fyrir að hafa með ólögmætri nauðung látið aðra stúlku hafa við sig munnmök haustið 2012. Hæstiréttur segir manninn hafa nýtt sér yfirburðastöðu sína gagnvart stúlkunni sökum aldurs- og þroskamunar. Auk þess hafi hann komið henni í aðstæður sem vöktu með henni ótta og bjargarleysi. Manninum er gert að greiða stúlkunni eina og hálfa milljón króna í miskabætur. Maðurinn var 18 ára þegar hann framdi seinna brotið. **- hrs**



**HÆSTIRÉTTUR** Ásamt fangelsisvist var maðurinn dæmdur til að greiða stúlkunum miskabætur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kennaranám í Noregi:

## Þriðjungur hættir náminu

**NOREGUR** Einn af hverjum þremur kennaranemum í Noregi hættir í náminu, sem tekur fjögur ár, þegar það er hálfnað.

Breytingar voru gerðar á kennaranáminu árið 2010 til þess að laða að fleiri ungmenni og tryggja að miklu fleiri lykju námi. Það hefur ekki tekist, að því er segir í frétt á vef Dagsavisen.

Brottfallið er eitt það mesta í framhaldsnámi í Noregi og er ástandið sérstaklega alvarlegt í norðurhluta landsins. **- ibs**



**ALLT HVÍTT** Snjónum kyngdi niður á Flateyri í gær. MYND/RÓBERT REYNISSON

Varað við þungri færð á norðan- og austanverðu landinu:

## Mikil ófærð og ekkert ferðaveður

**VEÐUR Vonskuveðri er spáð víða á landinu í dag og mikilli ófærð um landið norðan- og vestanvert. Í dag má búast við stórhríð á flestöllum leiðum á Vestfjörðum og hálkublettum eða snjóþekju á flestum leiðum á Norðurlandi vestra. Í gær var varað við snjóflóðahættu í Ljósavatnsskarði í Suður-Þingeyjarsýslu og á veginum um Ólafsfjarðarmúla. Veðurstofa Íslands varar við þungri færð vegna ofankomu og skafrennings á Norður- og Austurlandi.** **- hg**

Jafnréttisviðurkenning 2013:

## Óvenjumargar tilnefningar

**JAFNRÉTTISMÁL** Samtök kvenna af erlendum uppruna og Orkuveita Reykjavíkur hlutu í gær jafnréttisviðurkenninguna fyrir árið 2013 sem Eygló Harðardóttir, ráðherra jafnréttismála, afhenti. Jafnréttisráð veitir viðurkenningarnar og bárust óvenjumargar tilnefningar í ár sem ráðið telur vísbendingu um að áhugi fyrir jafnréttisstarfi í samfélaginu fari vaxandi.

Eygló Harðardóttir flutti ávarp við afhendingu viðurkenninganna og ræddi meðal annars um mikilvægi þess að vinna að jafnrétti á öllum sviðum. „Það er ekki nóg að virða jafnréttið, það þarf að fremja það,“ sagði fulltrúi Orkuveitunnar við athöfnina. **- fbj**

Fundur Seðlabankaráðs:

## Málskostnaður ekki ræddur

**EFNAHAGSMÁL** Málskostnaðarmál Más Guðmundssonar var ekki rætt á fundi bankaráðs Seðlabanks í gærkvöldi, að sögn Ólafar Nordal, formanns bankaráðs.

„Niðurstaða ríkisendurskoðanda liggur ekki fyrir,“ segir Ólöf og á þar við úttekt ríkisendurskoðanda á lögmannsreikningum Más frá því að hann fór í mál við bankann. Hún segir að ekki verði haldið áfram með málið fyrr en úttekt er lokið.

Á fundinum var farið yfir ársreikninga vegna ársfundar bankans sem haldinn verður í næstu viku. **- bá**

# 97 ára sýnir málverk og fræga prjónakjóla

Aðalbjörg Jónsdóttir er með tvær sýningar á verkum sínum í gangi þrátt fyrir að verða 98 ára á árinu. Hún hefur lifað tímana tvenna en er hin hressasta. Málverk hennar sýna meðal annars Steingrímsfjörð, uppeldisstað hennar, eins og hún man eftir honum.

**HANNYRÐIR** Aðalbjörg Jónsdóttir, myndlistarkona og frumkvöðull í íslenskum hannyrðum, opnaði í gær sýningu á verkum sínum í félagsmiðstöð aldraðra við Dalbraut í Reykjavík. Á sýningunni má sjá fjölda málverka eftir Aðalbjörgu en einnig prjónakjóla og pils sem hún hefur hannað og prjónað um áratugaskeið.

Aðalbjörg er 97 ára gömul, fædd þann 15. desember 1916 í Heiðarbæ í Steingrímsfirði á Ströndum. Faðir Aðalbjargar lést þegar hún var fimmtán ára og í kjölfarið fór hún að vinna fyrir sér í sveitinni. „Ég vann fyrst fyrir mér hjá móðursystur minni en ég fékk svo lágt kaup að ég sá fram á að geta ekki safnað mér fyrir Kvennaskólanum á Blönduósi sem ég ætlaði í.“

Aðalbjörg réð sig í kjölfarið á þann bæ sem bauð besta kaupið. „Ég gekk í öll verk til jafns við karlmenn, sérstaklega heyskap.“ Karlmennirnir fengu 30 krónur í laun á viku. „Ég fékk 27 krónur á vikuna, það var mesta kaup sem kvenmaður fékk. Svo kynntist ég manni sem ég varð hrifin af og giftist honum svo síðar.“

Aðalbjörg giftist Hermanni Guðmundssyni og saman eignuðust þau sjö börn. Fimm þeirra eru enn á lífi. Hún hefur lifað tímana tvenna en dóttir hennar fékk lömunarveiki árið 1955, ári áður en bóluefni gegn veikinni kom til landsins.

Aðalbjörg á sautján barnabörn, fjörutíu langömmubörn og tvö langalangömmubörn.

Prjónakjólar Aðalbjargar hafa notið frægðar en hún hefur meðal annars sýnt þá á Kjarvalsstöðum. Vigdís Finnbogadóttir klæddist kjól eftir hana opinberlega í forsetatíð sinni sem og Ólöf Kolbrún Harðardóttir óperusöngkona.

Aðalbjörg byrjaði að mála árið 1970, þá rúmlega fimmtug. „Það var enginn tími til að gera það sem mann langaði til fyrr en börnin voru öll upp komin,“ segir hún.

Sýning Aðalbjargar við Dalbraut lýkur í dag en kjólar eftir hana eru einnig til sýnis á jarðhæð Þjóðminjasafnsins. Þar má jafnframt sjá skissur Aðalbjargar af hinum ýmsu kjólum sem hún hefur hannað. **-ssb**



**Í PRJÓNAFÖTUM AÐALBJARGAR** Frá vinstri: Sigurborg Ágústa, yngsta systir Aðalbjargar, Brynhildur Olgeirsdóttir, Aðalbjörg Jónsdóttir, Ísold Klara, Klara Njálsdóttir, tengdadóttir Aðalbjargar og amma Ísoldar, og Ragnhildur Hermannsdóttir, dóttir Aðalbjargar.



**EITT AF MÁLVERKUM AÐALBJARGAR** Á málverkinu er mynd af Steingrímsfirði þar sem Aðalbjörg ólst upp.




Ríkisstjórnin vill koma frumvarpi um skuldaniðurfærslu í gegn fyrir þinglok:

# Líklegast kynnt í næstu viku

**EFNAHAGSMÁL** Frumvarp um niðurfærslu verðtryggðra lána heimilanna verður að öllum líkindum afgreitt fyrir þinglok, að mati Elsu Láru Arnardóttur, þingkonu Framsóknarflokks.

Elsa Lára vakti athygli á málinu á Alþingi í vikunni og ítrekaði nauðsyn þess að stóru málin, meðal annars afnám verðtryggingar og skuldamál, kæmu fram sem fyrst.

„Stóru málin eru að detta í hús og verða að öllum líkindum kynnt fyrir ríkisstjórn í byrjun næstu viku,“ segir Elsa Lára. „Ef allt gengur að óskum þá munu þau koma inn í þingið í næstu viku.“ Hún segir stjórnarandstöðu hafa verið duglega að kalla eftir þessum málum og vonast eftir því að andstaðan greiði leið þeirra í gegnum þingið.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir tíma til kominn að ríkisstjórnin standi við þetta stærsta kosningaloforð sitt. Hann segir stjórnarandstöðuna hafa beðið lengi vel eftir alvöru málum frá ríkisstjórninni.

„Það er einfaldlega þannig að ríkisstjórnin skuldar þjóðinni að koma með frumvörp um skuldalækkun og auðvitað um afnám verðtryggingar,“ segir Árni Páll. „Það er ákall frá stjórnarþingmönnum og víða í samfélaginu um að þetta tvennt fylgist að.“ **- khn, - bá**



**ELSA LÁRA OG ÁRNI PÁLL** Ljóst er að ríkisstjórnin ætlar að koma frumvarpi um eitt af stóru kosningaloforðunum í gegn fyrir þinglok í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bíll á mynd: Porsche Cayenne Turbo




***Ríkulegur staðalbúnaður:** 8 gíra Tiptronic sjálfskipting, leðurinnrétting, rafdrifin framsæti m/hita, 18" álfelgur, Led dagljósabúnaður, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fullkomið hljómkerfi, léttstýri, skriðstillir (Cruise Control), sport leðurstýri, o. m. fl. Sjá nánar á benni.is

# Að lifa er að njóta!

**Ríkulega búinn Porsche Cayenne Diesel**
**Verð kr. 13.950 þús. kr.***

**Opið á laugardaginn frá 12:00 til 16:00**
**Verið velkomin í reynsluakstur**



**Fimmtíu ára afmælisútgáfa af Porsche 911 er til sýnis í Porsche salnum í takmarkaðan tíma.**

PORSCHE

Bílabúð Benna

Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík • S: 590 2000 • porsche@porsche.is • www.benni.is

## SVONA ERUM VIÐ



**20 þúsund tonn er það magn af niðursoðnum ávöxtum sem Íslendingar hafa flutt til landsins frá árinu 2000.**

**Árið 2004 gröðguðum við í okkur 1.838 tonn, sem var það mesta á tímabilinu.**
Aldrei höfum við þó farið undir þúsund tonnin á tímabilinu.

Arðgreiðsla í Arion banka nemur um sextíu prósentum af hagnaði bankans:

# Arion greiðir út 7,8 milljarða arð

**VIÐSKIPTI** Á aðalfundi Arion banka í gær var tillaga stjórnar um að greiða út 7,8 milljarða króna arð vegna síðasta árs samþykkt. Arðgreiðslan nemur um 60 prósentum af hagnaði bankans.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, fjallaði um uppgjör bankans fyrir árið 2013. Hann telur afkomu ársins ágæta og í öllum meginatriðum í takt við áætlanir. Hann ræddi sérstaklega góðan stöðugleika í kjarnastarfsemi bankans. Þá sagði hann arðsemi upp á 9,2 prósent viðunandi, sérstaklega í ljósi stórhækkaðs bankaskatts, og sagði fjárhagslega stöðu bankans sterka með eiginfjárhlutfall upp á 23,6 prósent.

Jákvætt var að mati Höskuldar að ný útlán Arion banka á árinu 2013 námu 120 milljörðum króna og er þar um að ræða 60 prósenta aukningu frá fyrra ári. Þó nokkuð hafi verið um einskiptisatburði og virðisbreytingar á árinu hefur dregið úr áhrifum þeirra á afkomu bankans. **- sks**



**ARION BANKI** Höskuldur H. Ólafsson sagði arðsemi upp á 9,2 prósent viðunandi, sérstaklega í ljósi stórhækkaðs bankaskatts. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Karlmaður dæmdur í héraði:

# Réðst á barnsmóður sína

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var í gær dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að ráðast á fyrrverandi sambýliskonu og barnsmóður sína.

Hann þarf að greiða konunni hálfa milljón króna í bætur en hann neitaði sök. Dómara þótti sannað að hann hefði að kvöldi 4. janúar 2011 ráðist á sambýliskonuna og hent utan í vegg þannig að handarbaksleggur brotnaði og mar kom á handarbakið. **- hg**

Fjórar aldir frá fæðingu:

# Afmælishátíð sálmaskálds

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnin hefur, að tillögu forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, ákveðið að veita allt að sex milljónum króna af sameiginlegu ráðstöfunarfé sínu vegna viðburða 2014 og 2015 til að minnast þess að fjórar aldir eru liðnar frá fæðingu Hallgríms Péturssonar, prests og sálmaskálds.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefur verið falin umsjón með verkefninu í heild sinni og ráðstöfun framlagsins í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Biskup Íslands og hlutaðeigandi stofnanir og félög. **- fbj**

Sjávarútvegsráðuneytið:

# Vill einfalda fiskeldisreglur



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**

**FISKELDI** Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um fiskeldi sem miðar að því að einfalda stjórnsýslu, eftirlit og leyfisveitingarferli.

Í frumvarpinu er einnig að finna nýmæli um auknar kröfur til búnaðar í sjókvíaeldi með það að markmiði að verja hagsmuni villtra laxastofna.

Lagt er til að leyfisveitingarferli í fiskeldi verði þjónustað og stýrt frá Matvælastofnun í stað þriggja aðila áður og að leyfi verði afgreidd innan sex mánaða frá umsókn. Verði frumvarpið að lögum mun stofnunin einnig sjá um eftirlit með leyfisskyldri starfsemi og gera þjónustusamninga við aðrar stofnanir. **- fbj**

# Um 22 milljónir í ritun sögu Alþýðusambands Vestfjarða

Ritun sögu verkafólks á Vestfjörðum átti upphaflega að taka tvö til þrjú ár en hefur nú staðið í tólf. Áætlað er að síðasta bindið komi út árið 2016. Kostnaðurinn er kominn í 22 milljónir króna og á eftir að aukast verulega.

**FÉLAGSMÁL** Ritun sögu Alþýðusambands Vestfjarða hefur staðið yfir í rúman áratug og hefur eitt af þremur bindum verið gefið út. Kostnaður við verkið er kominn yfir 22 milljónir króna og er ljóst að hann á eftir að aukast verulega.




**SAGAN SKRIFUÐ** Vindur í seglum, fyrsta bindi sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum, kom út árið 2011. Bókin er 506 blaðsíður, gefin út af Alþýðusambandi Vestfjarða, en dreift af Skruddu.

Engin kostnaðaráætlun var gerð áður en ráðist var í ritunina árið 2001 og engin áætlun er til um endanlegan kostnað við verkið, segir Karitas M. Pálsdóttir, sem á sæti í ritnefnd sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum.

Fljótlega var ákveðið að víkka út svið útgáfunnar og fjalla um atvinnulíf og verkalýðsfélög á Vestfjörðum. Kostnaður við fyrsta bindið, sem kom út árið 2011, varð tæplega 16,9 milljónir króna, samkvæmt svari ritnefndarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins. Áformað er að bindin verði alls þrjú.

„Við renndum aðeins blint í sjóinn með þetta og gerðum enga kostnaðaráætlun. Höfðum sjálfsagt ekki hugsun á því eða kunnáttu,“ segir Karitas.

Kostnaður við annað bindið er þegar kominn í tæpar 5,5 milljónir króna og kostnaður við ritun sögu verkalýðsins á Vestfjörðum því kominn yfir 22 milljónir samanlagt. Þar sem ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði við umbrot og prentun annars bindis, né kostnaði við þriðja bindi, er ljóst að enn á eftir að bætast verulegur kostnaður við verkið.

Karitas segir að Alþýðusamband Vestfjarða hafi átt sjóð sem eyrnamerktur hafi verið sögurituninni, en hann hafi ekki dugað til. Einnig hafi Verkalýðsfélag Vestfirðinga lagt fé í útgáfuna, auk þess sem einhverjir styrkir hafi fengist. Til stendur að reyna að fá fleiri styrki til að ljúka útgáfunni.

Í svari ritnefndarinnar segir að áformað sé að gefa út annað bindi sögu verkalýðshreyfingarinnar á þessu ári, og það þriðja og síðasta árið 2016.

Í frétt ísfirska vefmiðilsins bb.is frá því í janúar 2003 er sagt frá því að unnið sé að því að safna gögnum og leita heimilda vegna vinnu við útgáfu rits sem fjalla eigi um sögu Alþýðusambands Vestfjarða og aðildarfélaga þess. Þar segir að reiknað sé með að verkið taki tvö til þrjú ár.

Umfang verksins jókst þegar verkalýðsfélög á Vestfjörðum sameinuðust á árinu 2002, segir Karitas. Hún segir að þurft hafi að fara í gegnum mikið magn af skjölum, flokka þau og skoða, sem hafi seinkað verkinu mikið.

„Við teljum að verkið hafi ekki farið úr böndum þó tíminn hafi orðið miklu lengri en við gerðum okkur grein fyrir í upphafi,“ segir hún. brjann@frettabladid.is



**SJÓMENN AÐ STÖRFUM** Engin kostnaðaráætlun var gerð áður en ráðist var í útgáfu bókarinnar. Ritunin hefur staðið í rúman áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Sonur forsetans skrifar söguna



**SIGURÐUR PÉTURSSON**

Auk þess að vera sjálfstætt starfandi sagnfræðingur er Sigurður Pétursson bæjarfulltrúi og fráfarandi oddviti Í-listans. Hann er sonur Péturs Sigurðssonar, sem hefur verið forseti Alþýðusambands Vestfjarða frá árinu 1970.

Karitas M. Pálsdóttir, sem á sæti í ritnefnd sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum, segir fjölskyldutengsl Sigurðar hafa verið rædd þegar ákveðið var að fá hann til að rita sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum. Því hafi fylgt bæði kostir og gallar, en ritnefndin hafi metið það svo að kostirnir hafi verið mun veigameiri en gallarnir.

Sigurður segir sjálfur að það orki ekki tvímælis að sonur forseta Alþýðusambands Vestfjarða hafi fengið það verk að rita sögu verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum. „Ég held ef menn skoða í kringum sig, og athuga hverjir hafa fjallað um þetta efni fyrr, þá hafi þetta verið eðlilegt framhald af menntun minni og fyrri rannsóknum,“ segir Sigurður.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 22° | Friedrichshafen | 19° | New York | XX° |
| Aþena | 19° | Gautaborg | 9° | Orlando | XX° |
| Basel | 19° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 10° |
| Berlín | 20° | Las Palmas | 20° | París | 15° |
| Billund | 9° | London | 11° | San Francisco | XX° |
| Frankfurt | 19° | Mallorca | 22° | Stokkhólmur | 10° |




**HELGARVEÐRIÐ** Vindur gengur að mestu leyti niður á morgun og verður yfirleitt hæg norðlæg átt en vestlægari vestantil síðdegis. Dregur einnig úr ofankomu og léttir smám saman til. Kólnar heldur í veðri um helgina.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




FOR SAFER CARS
EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn
frá sérfræðingum fjórhjóladrifsbílanna Suzuki.
Einstaklega rúmgott farþega og farangursrými,
öflug og sparneytin vél.
Eyðsla aðeins 5.7 l/100 km í blönduðum akstri.

ALLGRIP

**MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:**

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

**Komið og reynsluakið**

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf. mars 2014

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hversu háir eru tollar á innfluttar franskar kartöflur?
**2.** Hvaða íslenska hljómsveit er búin að landa samningi við þýskt útgáfufyrirtæki?
**3.** Við hversu mörg kísilver samdi Landsvirkjun í vikunni?

**SVÖR:**
**1.** 76 prósent. **2.** Agent Fresco. **3.** Tvö.

Hælisumsóknum víða um heim fjölgar samkvæmt Sameinuðu þjóðunum:

# Flestir flóttamenn frá Sýrlandi

**FÉLAGSMÁL** Hælisumsóknum í iðnríkjum fjölgaði um heil 28 prósent á árinu 2013 samkvæmt nýrri skýrslu frá Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna. Meginástæða fyrir fjölguninni er áframhaldandi átök í Sýrlandi. Á síðasta ári sóttu rúmlega 612 þúsund manns um hæli í 44 iðnríkjum víða um heim. Þetta er mesti fjöldi umsókna síðan árið 2001. Fleiri flóttamenn frá Sýrlandi sækja nú um hæli en frá nokkru öðru landi. Einnig koma fjölmargir hælisleitendur frá löndum á borð við Afganistan, Írak og Sómalíu sem öll búa við mannskæð átök. António Guterres, flóttamannafulltrúi SÞ, segir í tilkynningu að það sé greinilegt af skýrslunni að dæma að átökin í Sýrlandi hafi mikil áhrif, jafnvel langt frá Mið-Austurlöndum. „Þetta undirstrikar mikilvægi þess að flóttamenn og samfélögin sem taka við þeim fái nægan og góðan stuðning,“ segir Guterres. Mest fjölgaði hælisleitendum í Evrópu, en í álfunni allri sóttu 484 þúsund manns um hæli í fyrra.

**612,700**
manns sóttu um hæli í 44 iðnríkjum á árinu 2013

Á Norðurlöndunum fjölgaði hælisumsóknum um 22 prósent en flestir sóttu um hæli í Svíþjóð. Í skýrslunni segir að 150 hafi sótt um hæli á Íslandi í fyrra sem gerir 36 prósenta aukningu frá því árið 2012. - bá



**SÝRLAND** Hælisleitendur streyma enn frá Asíuríkinu til að flýja áframhaldandi átök. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ


# Kjaradeila eftir metár hjá Mary Poppins

Hljóðfæraleikararnir sem spiluðu í Mary Poppins í Borgarleikhúsinu hafa leitað réttar síns fyrir Félagsdómi en ágreiningur er um túlkun kjarasamninga. Framkvæmdastjóri leikhússins segir að túlkun FÍH á kjarasamningum sé eftir á túlkun.

**KJARAMÁL** Hljóðfæraleikarar sem tóku þátt í uppfærslu Borgarleikhússins á Mary Poppins standa nú í málaferlum við leikhúsið vegna túlkunar á kjarasamningum Leikfélags Reykjavíkur og Félags íslenskra hljómlistarmanna, FÍH.

Mary Poppins var umfangsmesta uppfærsla sem ráðist hefur verið í á Íslandi og sýnd samtals 135 sinnum. Ellefu hljóðfæraleikarar komu að hverri sýningu, þar af einn hljómsveitarstjóri.

Kjarasamningur FÍH og Leikfélags Reykjavíkur kveður á um sérstakar greiðslur fyrir fullgilda hljóðfæraleikara annars vegar og leiðandi menn hins vegar. Ágreiningur Leikfélags Reykjavíkur og FÍH snýst um hvort hljóðfæraleikari teljist leiðandi maður ef hann spilar einn á hljóðfæri án þess að leiða hóp manna.

Þorsteinn S. Ásmundsson, framkvæmdastjóri Borgarleikhússins, segir að FÍH og leikhúsið hafi verið sammála um að fá niðurstöðu í málið fyrir dómstólum því ágreiningurinn komi öðru hvoru upp við uppfærslur leikhússins. „Þeir fara fram á að hlutirnir séu túlkaðir eins og þeir leggja til. Það kemur fram í útreikningum hvernig við lítum á samninginn. Þetta er svona eftir á túlkun hjá FÍH en þetta er ekkert stórmál. Við höfum litið svo á að leiðandi maður leiði einhvern hóp, okkur finnst það liggja í orðanna hljóðan. Okkur finnst skrýtið ef leiðandi maður leiðir bara sjálfan sig.“



**MARY POPPINS** Hljóðfæraleikarar sýningarinnar telja sig hlunnfarna. MYND/GRÍMUR BJARNASON

### → Tvær og hálf milljón standa út af borðinu

Kröfur hljóðfæraleikaranna eru að allir, nema hljómsveitarstjóri, séu skilgreindir sem leiðandi menn. Mary Poppins var sýnd 135 sinnum á sviði Borgarleikhússins. Ef hljóðfæraleikararnir hefðu verið skilgreindir sem leiðandi menn hefðu þeir haft nær 230 þúsund krónum hærri tekjur á tímabilinu. Sé miðað við þann æfingafjölda sem liggur fyrir hefðu þeir haft um 35 þúsund krónum hærri tekjur á æfingatímabilinu. Samanlagðar tekjur tónlistarmannanna tíu eru því rúmar 2,5 milljónir króna.

FÍH miðar við þá skilgreiningu að allir hljómsveitarmeðlimir séu skilgreindir sem leiðandi menn ef hljómsveitin er skipuð færri en tólf meðlimum. Björn Árnason, formaður FÍH segir að hefð sé fyrir skilgreiningunni „Þessi skipting er alþjóðleg og ekki einhver lygi í kjarasamningum. Við höfum haft hana í okkar samningum frá 1984.“ Kjör hljóðfæraleikara við Þjóðleikhúsið miðast við skilgreiningu FÍH. - ssb

Sprengingum verktaka vegna smíði fjölbýlishúss á Lýsisreitnum lýkur brátt:

# Vilja myndir af skemmdum

**SKIPULAG** Sprengingunum á klöpp á Lýsisreitnum, sem hófust þann 6. janúar vegna byggingar fjölbýlishúss, er nú að mestu lokið.

„Þeir sprengdu fyrst fimm til sex sinnum á dag en hafa verið að sprengja einu sinni til þrisvar að undanförnu. Sprengjustjórinn tjáði mér í vikunni að fram undan væri kannski um tveggja vikna hlé áður en þeir færu að sprengja undir skemmu sem fyrst þarf að rífa,“ segir Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir sem býr á Lágholtsvegi, aðeins sex metrum frá klöppinni sem sprengd hefur verið.

Svanlaug er einn íbúanna í nágrenninu sem segja skemmdir hafa orðið á íbúðarhúsum sínum vegna sprenginganna. Íbúarnir hafa verið ósáttir við þau svör tryggingafélags verktakans að það væri ekki skyldugt til að bæta skaðann nema um sök væri að ræða. Byggingarfulltrúi greindi íbúunum frá því að kraftur sprenginganna hefði verið innan leyfilegra marka en hann var síðar minnkaður um helming.



**SKEMMDIR** Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir bendir á sprungu í vegg í húsi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Nú hefur forstöðumaður verktakans sett tilkynningu inn á Facebook-síðu Íbúasamtaka Vesturbæjar um að þeir sem hafi orðið fyrir skemmdum sendi honum myndir og skýringar. Það á eftir að koma í ljós hvernig brugðist verður við því. Vonandi fer þetta að skýrast,“ segir Svanlaug sem óttast að skemmdirnar séu meiri en bara þær sem sjást á yfirborðinu. - ibs



# Verið fyrst til að prófa

# GOOGLE GLERAUGU

**Nova Lágmúla á morgun kl. 13 og kl. 15**

Vertu með þeim fyrstu til að prófa nýju Google-gleraugun. Við verðum með kynningu á þessari ótrúlegu nýjung í verslun Nova í Lágmúla klukkan 13:00 og klukkan 15:00 á morgun, laugardag. Þegar hvorri kynningu lýkur gefst tækifæri á að prófa gleraugun.

**Nánari upplýsingar á Nova.is**

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Brandenburg

# Stjórnvöld verða að marka stefnu

**Landsnet kallar eftir stefnumótun stjórnvalda í jarðstrengjamálum. Ef stjórnvöld heykjast við að klára þá vinnu verður ekki um uppbyggingu flutningskerfisins að ræða á næstunni. Ráðherra boðar niðurstöðu í haust sem tekur tillit til hagkvæmni og umhverfissjónarmiða.**

Stjórnvöld verða tafarlaust að klára stefnumörkun sína varðandi línulagnir. Þangað til sú stefna liggur fyrir, og lýtur að möguleikum Landsnets til nýtingar jarðstrengja með loftlínum, ríkir pattstaða við aðkallandi uppbyggingu flutningskerfis raforku hér á landi.

### Óboðlegt ástand

Þetta var rauði þráðurinn á kynningarfundi Landsnets sem haldinn var í gær. Forsvarsmenn Landsnets kynntu þar hugmyndir sínar um uppbyggingu flutningskerfis raforku hér á landi út frá útfærslum sem geta komið til greina í jarðstrengjamálum. Á fundinum duldist engum að forsvarsmenn fyrirtækisins eru orðnir langeygir eftir því að stjórnvöld greiði þá flækju sem tafið hefur fyrir styrkingu kerfisins.

Landsnet hefur stefnt að uppbyggingu meginflutningskerfisins um langt árabil, en fyrirtækið vísar til þess að deilur um jarðstrengi í stað loftlína hafi tafið þá vinnu úr hófi. Átökin hafa ekki farið leynt og hefur farið mest fyrir deilum um lagningu línu yfir Sprengisand í því samhengi.

„Við búum í reynd við tvö flutningskerfi raforku í landinu í dag. Annars vegar sterkt kerfi á Suðvesturlandi sem þolir að kalla hvað sem er án þess að til meiriháttar truflana komi, og af því höfum við langa reynslu. Hins vegar er sagan allt önnur utan þess svæðis. Byggðalínan er í dag rekin á þanmörkum og það verður ekki lengra gengið þar. Það er borin von að hægt sé að tengja nýjar virkjanir inn á þetta kerfi eða bæta við nýjum notendum án þess að tefla rekstri þessa kerfis í enn meiri tvísýnu en nú er. Ég tel það óforsvaranlegt með öllu að það verði gert,“ sagði Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, og bætti við að í raun mætti líkja stöðunni í dag við það sem þekktist hér á landi um 1970, eða áður en byggðalínan svokallaða var lögð á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Þá eins og nú væri aðgengi að öruggri raforku háð búsetu, hvort sem litið er til fólks eða fyrirtækja. Hann sagði að fórnarkostnaðurinn við núverandi ástand væri öllum ljós, hann væri talinn í hundruðum milljóna.

### Ekki á móti jarðstrengjum

Geir A. Gunnlaugsson, stjórnarformaður Landsnets, vísaði til gagnrýni sem fyrirtækið hefur fengið í umræðunni um jarðstrengi. Að Landsnet veiti rangar upplýsingar um kostnað við lagningu jarðstrengja og að í grunninn sé fyrirtækið á móti jarðstrengjum.

Hann sagði Landsnet hafa í raun enga hagsmuni af því að leggja ekki jarðstrengi, heldur sé fyrirtækið bundið af ákvæðum raforkulaga um að byggja flutningskerfið upp á eins hagkvæman hátt og frekast er unnt, eins og segir í lögum. „Mikilvægt er að stjórnvöld marki nú þegar stefnu um hvernig staðið skuli að styrkingu meginflutningskerfis hvað varðar spurninguna um loftlínur og jarðstrengi og skapi Landsneti nauðsynlegan lagaramma ef vægi jarðstrengja á að auka frá því sem nú er. Meðan það er ekki gert er fyrirsjáanlegt að lítið mun gerast í styrkingu hins miðlæga flutningskerfis,“ sagði Geir.



**TENGIVIRKI** Sprengisandsleið er í forgangi við uppbyggingu Landsnets. Fyrirtækið hefur látið hanna nýjar tegundir mastra og tengivirkja sem eiga að falla betur að íslensku umhverfi og minnka sýnileika háspennulína.

MYND/LANDSNET

### Samvinna

Samkvæmt skipulagslögum er skipulagsvald á hendi sveitarfélaganna, þegar kemur að grunnkerfum landsins; vegum, raflínum og fjarskiptum.

Geir sagði að í flestum tilvikum hefði samstarf Landsnets við sveitarfélög um skipulagsmál gengið vel, eða þegar um er að ræða styrkingu svæðiskerfanna enda fara þá hagsmunir vel saman.

„Samkvæmt núgildandi löggjöf á Íslandi er staðan sú að sveitarfélög virðast ekki hafa skyldur til að líta til heildarhagsmuna þegar kemur að ákvörðun um skipulagsmál. Afleiðingin er sú að einstök sveitarfélög geta hindrað flutningsfyrirtækið í að uppfylla skyldur sínar samkvæmt raforkulögum um hagkvæmni, afhendingaröryggi og gæði raforku,“ sagði Geir og vill að brugðist verði við þessari stöðu, og þá væntanlega með endurskoðun skipulagslaga.

svavar@frettabladid.is

## → Stefnumótun í sátt við náttúru og menn



RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, tekur undir rök Landsnets og í ræðu sinni á fundinum boðaði hún þingsályktunartillögu í haust þar sem sú stefnumótun kemur fram sem Landsnet krefst að líti dagsins ljós.

En ráðherra sagði jafnframt að eitt sé að ráðast í uppbyggingu og annað að gera það í sátt við náttúru og menn, á sem hagkvæmastan hátt. Atvinnuveganefnd Alþingis hefur haft skýrslu um jarðlínulagnir til umfjöllunar frá því í haust. Býst ráðherra við að nefndaráliti um skýrsluna verði skilað á allra næstu dögum.

„Að mínu mati er æskilegt að í slíkri stefnu til framtíðar sé að finna meginreglur og viðmið þegar kemur að lagningu jarðstrengja eða loftlína vegna uppbyggingar flutningskerfis raforku. Slík viðmið þurfa að koma fram í skjali sem lýsir opinberri stefnu stjórnvalda og hefur hlotið þinglega meðferð. Ég tel því rétt að slík stefnumótun komi fram í þingsályktunartillögu og sé ég fyrir mér að tillaga þess efnis verði lögð fram á Alþingi á haustmánuðum. Með samþykkt slíkrar þingsályktunar lægju þá fyrir almenn viðmið um í hvaða tilvikum jarðstrengir komi frekar til álita en loftlínur, og öfugt, og með því yrði flutningsfyrirtækinu Landsneti gert kleift að vísa í kerfisáætlun sinni til þeirrar þingsályktunar varðandi útfærslu fyrirhugaðra framkvæmda í flutningskerfinu.“





AKTU FRAMFÖRUM

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

**Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!**

**BMW X5 - 5,8 l/100 km.* Verð frá 10.490 þús. kr.**

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM61736

B|L

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000



# Við bara breyttum þessu

Við hjá Orkuveitu Reykjavíkur höfum verið spurð um galdurinn á bak við árangur okkar í jafnréttismálum. Svarið er einfalt: Við ákváðum að breyta og fylgdum því eftir. Það fyllir okkur stolti og mikilli gleði að taka á móti **jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs**. Við þökkum fyrir þessa viðurkenningu á markvissu jafnréttisstarfi okkar.

Með því að vinna skipulega að jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum rekstursins hefur okkur tekist að leysa vannýtta orku úr læðingi.

Við heitum því að fylgja áfram árangursríkri jafnréttisstefnu því að enn er verk að vinna.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á: www.or.is

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur

IKEA innkallar himnasæng:

## Flæktist um háls ungbarns

**ÖRYGGI** Himnasængur frá IKEA sem ætlaðar eru til notkunar með barnarúmum eða vöggum hafa flækst um háls ungbarna, að því er segir í fréttatilkynningu frá versluninni.

Engin alvarleg slys hafa orðið en vegna mögulegrar slysahættu eru viðskiptavinir beðnir um að hætta að nota þær.

Himnasængunum, sem eru af nokkrum gerðum og hafa verið seldar frá 1996, má skila í IKEA gegn endurgreiðslu. **- ibs**

Atlantsolía stefnir að framkvæmdum sem eiga að auka sölu félagsins á endurnýjanlegum orkugjöfum:

# Uppfyllir ekki enn ákvæði eldsneytislaga

**ORKUMÁL** Atlantsolía er eina olíufélagið sem uppfyllir ekki ákvæði laga sem skylda seljendur eldsneytis til að tryggja að minnst 3,5 prósent af eldsneytissölu séu af endurnýjanlegum uppruna.

Félagið vinnur nú að því að koma upp etanól- og lífdísiltönkum og búnaði í birgðastöð Atlantsolíu í Hafnarfirði sem mun sjá um að blanda endurnýjanlegu orkugjöfunum við hefðbundið bensín og dísil.

„Það er í hönnunarferli hjá okkur enn þá en við þurfum að gera miklar breytingar á birgðastöðinni en við stefnum að því að geta farið í framkvæmdir í sumar,“ segir Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu.

Lögin um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi tóku gildi um áramótin. Atvinnuveganefnd Alþingis ákvað einum mánuði áður að fresta sektarákvæði sem kveðið er á um í lögunum til 1. október. Guðrún segir að Atlantsolía muni að öllum líkindum ljúka framkvæmdunum fyrir þann tíma.

„Ef við fáum öll leyfi og allt gengur hratt og vel fyrir sig þá ættum við að ná því,“ segir hún.

Olíufélögin gagnrýndu skamman fyrirvara laganna en þau voru samþykkt í mars í fyrra og tóku gildi níu mánuðum síðar. **- hg**




**TANKURINN FYLLTUR** Atlantsolía rekur nítján bensínstöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**KAUPHÖLLIN** Þrjú félög voru skráð á markað á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Breytt spá greiningardeildar:

## Þrjú félög fari á markað á árinu

**VIÐSKIPTI** Greiningardeild Íslandsbanka spáir að þrjú félög, Sjóvá, HB Grandi og Promens, verði skráð í Kauphöll Íslands á þessu ári.

Þetta kom fram í Morgunkorni bankans í gær. Þar segir að sameiginlegt markaðsvirði félaganna verði um 112 milljarðar króna.

Greiningardeildin hafði áður spáð því að Síminn, EIK Landfestar og Reitir færu einnig á markað. Nú gerir deildin ráð fyrir nýskráningum þeirra árið 2015 og einnig skráningum Kaupáss og Skeljungs. **- hg**

Björt framtíð í Reykjavík:

## Björn Blöndal leiðir listann

**BORGARMÁL** Endanlegur framboðslisti Bjartrar framtíðar í Reykjavík var samþykktur á félagsfundi flokksins á miðvikudag. Flokkurinn býður í fyrsta sinn fram í sveitarstjórnarkosningum nú í maí.

Það er Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, sem skipar fyrsta sæti listans. Í öðru sæti er Elsa Yeoman, forseti borgarstjórnar, og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona í því þriðja. **- bá**

# Útfærsla á styttingu námsins liggi fyrir

Jón Torfi Jónasson, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, segir útfærslu á styttingu framhaldsskólanáms þurfa að liggja fyrir í kjaraviðræðum. Byrjað var að ræða um styttingu náms á framhaldsskólastigi fyrir mörgum áratugum.

**KJARAMÁL** Útilokað er að útkljá vissa þætti styttingar framhaldsskólanáms nema þeir komi inn á eitthvert stig kjaraviðræðna. Útfærsla á styttingu námsins þarf þá að liggja fyrir sem ekki er ljóst að hún geri. Þetta segir Jón Torfi Jónasson, prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Stytting framhaldsskólans er hluti af tillögum ríkisins í kjarasamningaviðræðum við framhaldsskólakennara og kom sá þáttur viðræðnanna upp fyrir nokkrum dögum, að því er Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, hefur lýst yfir. Það hafi komið mjög á óvart. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur sagt að með styttingu framhaldsskólanámsins sé hægt að réttlæta launahækkun kennara umfram almennar launabreytingar.

Jón Torfi bendir á að menntamálaráðherra hafi sagt málið flókið og að ræða þyrfti um það. „Ég hef á tilfinningunni að allir séu tilbúnir að ræða þetta en ég hef vissar efasemdir um að það sé verkefni kjarasamninganefnda að útkljá svona mál,“ tekur Jón Torfi fram.

Hann segir það skipta máli hvort bara eigi að þjappa námsefninu saman. „Það hefur ekki komið skýrt fram hvernig þetta á að vera. Mögulega þarf að fjölga kennslustundum eða breyta starfsumhverfi og slíkt tengist auðvitað kjörum kennara.“



**VIÐ NÁM Í VERKFALLI** Rætt er um að þjappa námsefninu í framhaldsskólum saman. Þessar námsmeyjar stunda nám í Menntaskólanum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/



**JÓN TORFI JÓNASSON**

Jón Torfi segir þetta einnig spurningu um framtíðarsýn og hvert hlutverk framhaldsskólans eigi að vera. „Það er talað um að hann eigi að búa nemendur undir atvinnulífið og háskólanám. Það er spurning hvort þeim markmiðum er betur þjónað með þessum breytingum sem rætt er um. Svo tala sveitarfélögin um að fá framhaldsskólana til sín. Það eru margir aðilar sem ættu að koma að þessum málum.“

Að sögn Jóns Torfa hefur umræðan um styttingu framhaldsskólanáms verið í gangi í um það bil 10 ár í þessari lotu. „Þessi umræða hefur reyndar verið áður og það átti meira að segja að vera búið að stytta námið á áttunda áratugnum.“ **ibs@frettabladid.is**

Afgreiddu samning Pútíns:

## Styður innlimun Krímskaga

**RÚSSLAND, AP** Neðri deild rússneska þingsins, Dúman, samþykkti í gær innlimum Krímskaga. 445 þingmenn samþykktu samning Vladimírs Pútín Rússlandsforseta en einn þingmaður greiddi atkvæði gegn honum.

Samþykkið fékkst þrátt fyrir ítrekaðar hótanir vestrænna ráðamanna um frekari refsiaðgerðir gegn Rússlandi.

Efri deild rússneska þingsins mun afgreiða samninginn á næstu dögum. Verði hann samþykktur þarf Pútín að staðfesta samninginn. **- hg**

Ayrault biður um hjálp:

## Ekki kjósa Front National



**JEAN-MARC AYRAULT**

**PARÍS, AP** Jean-Marc Ayrault, forsætisráðherra Frakklands, biður kjósendur um að gera hvað sem þeir geta til að koma í veg fyrir að öfgahægriflokkurinn Front National hljóti mikið fylgi í væntanlegum sveitarstjórnarkosningum.

Front National, eða Þjóðarhreyfingin, er andvígur innflytjendum og segir Ayrault flokkinn boða sundrung og ótta en engar lausnir.

Þjóðarhreyfingin hefur bætt við sig talsverðu fylgi í Frakklandi undanfarna mánuði og býður fram í fleiri bæjum í ár en nokkru sinni fyrr. **- bá**

Í YFIRRÉTTI (E. HIGH COURT OF JUSTICE) Nr. 2078/2013
KRÖFU- OG EIGNARRÉTTARDEILD (E. CHANCERY DIVISION)
FYRIRTÆKJADÓMSTÓLL (E. COMPANIES COURT) Nr. 2078/2013

**VARÐANDI**
**CAVELL INSURANCE COMPANY LIMITED og**
**FIELDMILL INSURANCE COMPANY LIMITED og**
**HILLCOT RE LIMITED og**
**LONGMYND INSURANCE COMPANY LIMITED og**
**UNIONE ITALIANA (UK) REINSURANCE COMPANY LIMITED og**
**RIVER THAMES INSURANCE COMPANY LIMITED og**
**VARÐANDI VII. HLUTA BRESKRA LAGA FRÁ ÁRINU 2000 UM FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU- OG MARKAÐI (FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000)**
**AÐILASKIPTI AÐ ATVINNUREKSTRI**

HÉR MEÐ TILKYNNIST að með umsókn dags. 20. mars 2013 sóttu Cavell Insurance Company Limited (**Cavell**), Fieldmill Insurance Company Limited (**Fieldmill**), Hillcot Re Limited (**Hillcot**), Longmynd Insurance Company Limited (**Longmynd**) og Unione Italiana (UK) Reinsurance Company Limited (**Unione**) (saman „**framseljendur**“) um dómsúrskurð hjá yfirrétti Englands og Wales (High Court of Justice) skv. 111. gr. breskra laga frá árinu 2000 um fjármálaþjónustu og -markaði („**lögin**“) m.a. til heimilunar á framsali atvinnurekstrar („**framsalið**“) sem kveður á um framsal á vátryggingarstarfsemi til River Thames Insurance Company Limited (**River Thames**) og um úrskurð skv. 112. gr. laganna.

Hin framselda starfsemi samanstendur af:
(i) allri vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi á vegum Cavell;
(ii) allri vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi á vegum Fieldmill;
(iii) allri vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi á vegum Hillcot;
(iv) allri vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi á vegum Longmynd; og
(v) allri vátryggingar- og endurtryggingarstarfsemi á vegum Unione.

Eintök skýrslu um skilmála framsalsins, sem var samin af óháðum sérfræðingi í samræmi við 109. gr. laganna, („**skýrslan um framsalið**“) og eintök af yfirlýsingu sem greinir frá skilmálum framsalsins og hefur að geyma samantekt á skýrslunni um framsalið eru fáanleg endurgjaldslaust frá Clyde & Co LLP, The St Botolph Building, 138 Houndsditch, London, Bretlandi, s. +44 (0)20 7876 5000, fax: +44 (0)20 7876 5111, tilvísun: GEQ/1204815/HND/SRB, eða með því að hlaða niður skjalinu af vefsíðunni www.enstargroup.com/insurance-transfers-to-River-Thames.

Umsóknin verður tekin fyrir hinn 17. júní 2014 hjá dómara (e. Applications Judge) hjá 7 Rolls Building, Fetter Lane, London EC4N 1NL, Bretlandi. Hverjum þeim sem telur að framkvæmd framsalsins myndi hafa neikvæð áhrif á hann er heimilt að:
(a) vera viðstaddur fyrirtökuna og flytja mál sitt í eigin persónu eða gegnum fulltrúa; eða
(b) ráða málaflutningsmann (e. barrister) eða lögfræðing (e. solicitor) til að vera viðstaddur fyrirtökuna og flytja mál hans fyrir hans hönd; eða
(c) flytja mál sitt skriflega.

Hyggist þú mæta í fyrirtökuna í eigin persónu eða gegnum fulltrúa eða fá einhvern annan til þess fyrir þína hönd þarft þú að tilkynna slíka fyrirætlan og senda málsástæður þínar:
(a) skriflega;
(b) með greinargerð fyrir ástæðunum fyrir því að þú telur þig geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum af framsalinu;
(c) neðangreindri lögmannastofu á heimilisfangið sem tilgreint er hér að neðan;
(d) og skulu upplýsingarnar hafa borist fyrir dagslok hinn 10. júní 2014.

Fyrirspurnum um framsalið og áhrif þess á tryggingar þínar skal beina til Clyde & Co LLP, The St Botolph Building, 138 Houndsditch, London, Bretlandi; öðrum kosti má hringja í síma +44 (0)20 7876 5000 eða senda fax á +44 (0)20 7876 5111. Tilvísun: GEQ/1204815/HND/SRB.

Heimili dómstóllinn framsalið mun það leiða til yfirfærslu á öllum samningum, fasteignum, eignum og skuldum sem falla undir það til River Thames, þrátt fyrir hvers kyns takmarkanir, svo sem bann á framsali eða kröfu um að aflað sé samþykkis frá öðrum aðila, eða hvers kyns rétt, svo sem rétt til að slíta samningi, sem aðili myndi annars öðlast vegna slíks framsals. Aðeins verður unnt að framfylgja slíkri takmörkun eða rétti að því marki sem úrskurður dómstólsins um framsalið heimilar það. Viljir þú koma einhverju á framfæri hvað varðar framfylgjanleika slíkra takmarkana og réttinda skalt þú gera Court, Clyde & Co LLP eða breska bankaeftirlitinu (Prudential Regulation Authority) viðvart.

**Clyde & Co LLP,** The St Botolph Building, 138 Houndsditch, London EC3A 7AR, Bretlandi.
**Lögmenn framseljanda og framsalshafa (Tilvísun: GEQ/1204815/HND/SRB).**

Þrjátíu stelpur þáðu boð um ókeypis danstíma í verkfalli kennara:

# Æðislegt að dansa og hreyfa sig

**SAMFÉLAG** Birta Birgisdóttir, nemandi í Fjölbrautaskólanum við Ármúla, og Elísabet Ósk Bragadóttir, sem er í Kvennaskólanum, voru meðal 30 stelpna sem þáðu boð Kramhússins í gær um að koma í svokallaðan Beyoncédanstíma án endurgjalds.

„Það var æðislegt að komast aðeins út til að hreyfa sig við skemmtilega tónlist,“ segir Birta, sem kveðst reyna að læra heima á meðan á verkfallinu stendur. „Maður þarf að vera duglegur svo maður verði ekki alveg týndur þegar maður kemur aftur í skólann.“

Birta segist leyfa sér að sofa út en hún sé þó alls ekki búin að snúa sólarhringnum við.

Elísabet segist lítið hafa gert í verkfallinu. „Ég er í ballett og djassballet og ætla að reyna að læra svolítið. Svo er ég búin að fá vinnu á KFC en það var ekki vegna verkfallsins.“

Það var danskennarinn Margrét Erla Maack sem gaf framhaldsskólanemum danstímann en mæting var vonum framar. **- ibs**



**DANS** Birta Birgisdóttir og Elísabet Ósk Bragadóttir, sem eru til hægri á myndinni, nutu þess að fá ókeypis danstíma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Njóttu glæsilegrar hönnunar og framúrskarandi myndgæða

## SAMSUNG SJÓNVÖRPIN ERU EINSTÖK GÆÐATÆKI OG MARGVERÐLAUNUÐ UM HEIM ALLAN

SAMSUNG




UExxF8005ST

### 8005 LÍNAN
### LED SMART TV

EISA AWARD
Best Product 2013-2014
SMART TV
Samsung UE55F8000

### Glæsilegt verðlaunatæki

Nýjasti 1000 riða (CMR) Samsung skjárinn er í öllum 8000 tækjunum.

Stærðir: 40"/46"/55"/65"/75"

### 7005 LÍNAN
### LED SMART TV

Frábær myndvinnsla
í afburða 800 riða (CMR) skjá.

Stærðir: 46"/55"/60"




UExxF7005ST

**HLJÓMTÆKI**

HW-F751

SAMSUNG



Bluetooth

Hágæða heimabíóstæða – "Soundbar" við sjónvarp
- einnig hljómtæki með afspilun frá USB og snjallsíma.
Frábær hljómgæði. Stútfull af hátækni.
Til í mörgum stærðum.

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18
LAUGARDAGA FRÁ 12–16

SAMSUNG SETRIÐ

ORMSSON
Verslanir um land allt

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is




# PEUGEOT 3008 og 5008

MOTION & EMOTION

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535




PEUGEOT

Þú finnur okkur á
Facebook
facebook.com/PeugeotIceland



**LÉTTUR Í LUND** Páfinn sést hér máta hlífðarhjálm eins gesta sinna. Frans hefur notið mikilla vinsælda síðan hann tók við embætti í mars í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fjöldi ítalskra verkamanna heimsótti Vatíkanið í gær:

## Frans páfi tekur á móti gestum

**VATÍKANIÐ, AFP Frans páfi sést hér máta hlífðarhjálm að gamni í gær. Leiðtogi kaþólsku kirkjunnar tók á móti starfsfólki ítalska stálfyrirtækisins Acciaierie di Terni ásamt fjölskyldum þess í Vatíkaninu, en fyrirtækið fagnar um þessar mundir 130 ára afmæli.** - bá




# Liechtenstein þrýstir mest allra á eftirlit

Í utanríkisþjónustunni er talið allt of snemmt að óttast að lokast gæti á hluta EES-samningsins vegna innleiðingartregðu á löggjöf hér á landi. Nærri 600 Evrópugerðir bíða þess að verða leiddar hér í lög og reglur, samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra.

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað líður innleiðingu Evrópureglna um eftirlit með fjármálamörkuðum?

Í byrjun febrúar biðu 580 lög og reglugerðir Evrópusambandsins (ESB) upptöku í EES-samninginn samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. Skýrslan var kynnt og rædd á Alþingi í gær.

„Framkvæmd EES-samningsins hefur ekki verið með öllu hnökralaus undanfarin misseri og sést það einna best á því að tafir eru á upptöku gerða í samninginn og jafnframt á innleiðingu gerða sem teknar hafa verið upp í samninginn,“ segir í skýrslu ráðherra. Tafir eru sagðar skýrast af því að gerðum ESB hafi fjölgað og að EES-/EFTA-ríkin séu lengur en áður að ljúka skoðunar- og afgreiðsluferli sínu, áður en reglugerðir og lög eru felld inn í EES-samninginn.



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Fram kemur að EES-samningurinn skilgreini ekki hversu langan tíma eigi að taka að fella gerðir inn í samninginn, en í ljósi þess að eitt markmiða hans sé að tryggja samræmda löggjöf og samsvarandi réttindi einstaklinga og fyrirtækja á innri markaðnum, sé ástæða til að hafa áhyggjur af þróuninni. Þá þrýsti framkvæmdastjórn ESB í auknum mæli á EES-/EFTA-ríkin um hraðari upptöku miðað við það sem verið hefur.

„Nær 500 gerðir voru teknar upp í samninginn árið 2012, og um 400 árið 2013, en að meðaltali hefur fjöldi upptekinna gerða verið 360 á ári,“ segir í skýrslu ráðherra.

Þá er fjallað um fjölgun álitaefna varðandi stjórnskipulegar heimildir í EES-samstarfinu, en þar ber hæst innleiðingu reglna um sameiginlegt eftirlit með fjármálamörkuðum. Aðrar reglur, þar sem álitamál hefur verið hvort þær rúmist innan heimilda stjórnarskrár Íslands vegna valdframsals, eru flugöryggisreglur, skráningarkerfi með losunarheimildum, reglugerð um barnalyf, reglugerð um skipaeftirlit og reglugerð um ríkisaðstoð.



**EVRÓPUÞINGIÐ Í STRASSBORG** Í fyrrasumar kynntu EFTA-ríkin tillögu að innleiðingu reglna um fjármálaeftirlit sem lagaskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB hafnaði í desember síðastliðnum, að því er segir í skýrslu utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt heimildum blaðsins er fundað mjög reglulega á vettvangi EES/EFTA vegna innleiðingarinnar á fjármálamarkaðaeftirlitinu. Nærri lætur að fundað sé vikulega um þessar mundir. Málið hefur hins vegar verið í skoðun og vinnslu frá því á árinu 2012.

Í skýrslu utanríkisráðherra kemur fram að dráttur á upptöku reglnanna í EES-samninginn hafi leitt til þess að ekki hafi verið unnt að taka fjölmargar gerðir á sviði fjármálamarkaðarins upp í samninginn.

Verkefni utanríkisþjónustunnar í samningum við ESB, Noreg og Liechtenstein, er að finna verklag við innleiðinguna sem ekki kalli á breytingu á stjórnarskrá. Komið hafa fram áhyggjur fræðimanna og annarra af því að EES-samningurinn kunni að lokast að hluta dragist verkefnið úr hófi, en heimildir blaðsins í utanríkisþjónustunni herma að of snemmt sé að hafa slíkar áhyggjur. Alvanalegt sé að nokkuð langan tíma geti tekið að semja um innleiðingu reglna. Hversu langan tíma verkefnið kunni að taka, eða hver áhrifin af því að ná ekki saman verði, eru heimildarmenn hins vegar ófáanlegir til að tjá sig um. Hingað til hafi hins vegar alltaf náðst saman um erfið mál.

Það sem flæki málið við innleiðingu reglnanna er að völd færast til stofnana á þriðja stigi en ekki til framkvæmdastjórnarinnar. Bindandi ákvarðanir eigi því að vera á hendi stofnana Evrópusambandsins, en ekki EES. Stjórnskipunarvandi Norðmanna sé einnig til staðar, þótt hann sé minni en Íslands, en minnst sé vandamálið fyrir Liechtenstein að innleiða reglurnar. Þar sé líka snertiflöturinn mestur því í landinu starfi vogunarsjóðir sem missi atvinnuleyfi upp úr næsta sumri ef reglurnar hafa ekki á þeim tíma verið innleiddar í EES-samninginn.

Innanhússþrýstingur á að lausn finnist í málinu er því sagður mestur frá Liechtenstein, en um leið séu allir af vilja gerðir að finna lausnina, hvort sem það eru Íslendingar, Norðmenn eða ESB.

olikr@frettabladid.is




Sölusýning opnuð í Kringlunni á vegum Kiwanis:

## UNICEF og Kiwanis gegn stífkrampa

**HEILBRIGÐISMÁL** UNICEF á Íslandi og Kiwanisumdæmið Ísland og Færeyjar hafa tekið höndum saman og hvetja landsmenn til að leggja baráttunni gegn stífkrampa lið. Í tilkynningu frá UNICEF segir að á níundu hverri mínútu deyi nýbökuð móðir eða nýburi úr þessum kvalafulla sjúkdómi en með bólusetningu megi koma í veg fyrir hvert einasta dauðsfall af hans völdum.

Af þessu tilefni var opnuð sölusýning í Kringlunni í gær þar sem gestir og gangandi geta fræðst um sögu Kiwanis sem fagnar 50 ára afmæli hérlendis samhliða átakinu gegn stífkrampa. Félagar í Kiwanis munu auk þess dreifa upplýsingum um samstarfið við UNICEF og mikilvægi þess að stöðva stífkrampa fyrir fullt og allt. Meðal þess sem samtökin vilja vekja athygli á er að það kostar aðeins 210 krónur að bólusetja barnshafandi konu og ófætt barn hennar gegn þessari veiki.



**FRÆÐAST UM STÍFKRAMPA** Fulltrúar Kiwanis fræða gesti og gangandi um samtökin og stífkrampa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Það er furðuleg tilhugsun að svo lág upphæð geti skilið á milli lífs og dauða,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. - fbj




# Í DAG ER ALÞJÓÐADAGUR DOWNS-HEILKENNIS

FÉLAG ÁHUGAFÓLKS UM DOWNS-HEILKENNI

www.downs.is

# SKOÐUN

Ofurtollar vernda einn, lítinn framleiðanda:

## Fæðuöryggi og franskar

Þegar hinir himinháu tollar sem ríkið leggur á innfluttar búvörur eru til umræðu, grípa talsmenn landbúnaðarkerfisins oft til röksemdarinnar um fæðuöryggi. Með tollverndinni sé tryggt að samkeppnin frá útlöndum verði ekki of skæð, heldur blómstri innlend framleiðsla og séð sé til þess að Ísland geti verið sjálfu sér nógt um mat, til dæmis ef heimsstyrjöld eða drepsóttir koma í veg fyrir að hægt yrði að flytja hingað matvæli.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Í röksemdafærsluna vantar reyndar yfirleitt að ef skorið yrði á aðföng til landsins myndi okkur vanta eldsneytið, áburðinn, vélarnar og fóðrið sem þarf til að framleiða innlenda búvöru, að ekki sé talað um landbúnaðarafurðir sem ekki eru framleiddar á Íslandi, til dæmis mestallan kornmat sem við látum ofan í okkur. Þannig að það yrði samt eitthvert vesen með fæðuöryggið. Eins og önnur ríki eigum við mest undir frjálsum milliríkjaviðskiptum og friðsamlegum samskiptum ríkja.

Í Fréttablaðinu í gær er hins vegar rakið dæmi, þar sem jafnvel vinir landbúnaðarkerfisins hljóta að eiga ákaflega erfitt með að nota fæðuöryggisröksemdina fyrir álagningu ofurtolla. Félag atvinnurekenda hefur vakið athygli á því að 76 prósenta tollur er lagður á innfluttar franskar kartöflur. Það er gert til að vernda einn framleiðanda, Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar, sem annar um fimm prósentum innanlandseftirspurnar eftir frönskum kartöflum. Hluti af framleiðslu verksmiðjunnar er raunar ekki úr íslenzkum kartöflum, heldur innfluttum.

Í þessu tilviki er ekki um það að ræða að stjórnvöld hleypi upp verðinu á innflutningi sem er lítið hlutfall innanlandsneyzlu eins og á við til dæmis um innflutning á osti, skinku eða jógúrt. Verðið á yfirgnæfandi meirihluta allra franskra kartaflna sem neytendur kaupa úti í búð er 45 prósentum hærra en það þyrfti að vera af því að það þarf að vernda einn vinnustað í Þykkvabænum. Árið 2012 borguðu íslenzkir neytendur 200 milljónir króna í tolla af frönskum kartöflum. Sennilega hefði fólk verið til í að nota þá peninga í annað.

Ef þessa eina verksmiðja í Þykkvabænum færi á hausinn myndi það engu máli skipta fyrir fæðuöryggi Íslendinga. Verndartollarnir sem lagðir eru á til að vernda starfsemi hennar eru svo augljóslega sóun á peningum og skerðing á lífskjörum almennings.

Dæmið um frönsku kartöflurnar vekur áhugaverðar spurningar um það hvernig stjórnvöldum, sem finnst landbúnaðarkerfið frábært, finnst að það eigi að virka. Sumir telja til dæmis að það sé vel hægt að rækta hveiti á Íslandi, þótt það sé örugglega miklu dýrara og óhagkvæmara en í rótgrónum hveitiræktarlöndum. Segjum sem svo að framtakssamur hveitibóndi næði að anna svona tveimur til þremur prósentum innanlandseftirspurnar. Ætti þá að skella verndartolli á allt innflutt hveiti til að passa að hann færi ekki á hausinn við sína óhagkvæmu iðju?

Kerfi hafta, miðstýringar og tollverndar í landbúnaði hefur fyrir löngu gengið sér til húðar. Dæmið um frönsku kartöflurnar er óneitanlega ýkt, en sýnir samt í tærleika sínum hvað þetta er vitlaust kerfi og mikil þörf á að breyta því.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Harkan sex

Í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gær steig í pontu framsóknarþingmaðurinn Karl Garðarsson og spurði Sigurð Inga Jóhannsson, sjávarútvegs-, landbúnaðar-, umhverfis- og auðlindaráðherra, út í viðbrögð við gjaldtöku á ferðamannastöðum. Karl vildi vita hvort ríkið ætlaði ekki að draga landeigendur fyrir dóm og láta endurgreiða innheimtan aðgangseyri.

### Þungavigtarráðherra

Sigurður Ingi tók undir með Karli að samræmt kerfi væri betra en benti um leið á að málið væri á forræði iðnaðar- og viðskiptaráðherra. „Varðandi það hvort ég muni ekki beita allri minni þyngd, sem er nú allnokkur, til að tryggja réttindi ríkisins, þá er það auðvitað verkefni ráðherra og framkvæmdarvaldsins á hverjum tíma. Og ég mun gera það."



### Svar eða ekkert svar?

Forsætisráðherra tók þátt í óundirbúnum fyrirspurnum í gær og svaraði Helga Hjörvar, þingmanni Samfylkingar, um hvort von væri á boðuðum lagafrumvörpum innan tilskilins frests, eða fyrir mánaðamót. Svona er svarið á Alþingisvefnum: *„Hvað varðar hins vegar þau frumvörp sem hv. þingmaður spyr um þekkir hv. þingmaður stöðu þeirra mála mætavel. Fyrir liggur greining sérfræðingahóps um afnám verðtryggingar, reyndar meiri hluta og minni hluta, á því hvernig rétt sé að standa að því. Eins og meðal annars hæstv. fjármálaráðherra hefur gert grein fyrir hófst strax vinna við að útfæra og undirbúa framkvæmd að afnámi verðtryggingar þegar niðurstaða þessarar vinnu lá fyrir. Því getur hv. þingmaður verið rólegur hvað það varðar rétt eins og gerð hefur verið grein fyrir því hvað miðar vinnu við lyklafrumvarpið. (Forseti hringir.) Hæstv. innanríkisráðherra hefur sérstaklega fjallað um það í þinginu. (Gripið fram í: Er ekkert svar?)"*



olikr@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Menntastefna fjármálaráðuneytis?

KJARAMÁL



Guðbjartur Hannesson
þingmaður Samfylkingarinnar

Enn og aftur þurfa uppeldisstéttir að berjast fyrir kjörum sínum með verkföllum og ræða menntastefnu við samninganefnd ríkisins.

Aðilar almenna vinnumarkaðarins hafa samið og það á að binda kennara á sama bás óháð því hvernig laun hafa þróast hjá ólíkum stéttum á undanförnum árum og hvernig ríki og almenni markaðurinn verðmetur vinnu starfsstétta með sambærilega menntun.

Á sama tíma hefur komið fram í fjölmiðlum að menntamálaráðherra geri það að skilyrði fyrir kjarabótum að framhaldsskólinn verði styttur. Beðið er eftir Hvítbók, skýrslu ráðherra, sem á að draga fram helstu álitamál og viðfangsefni í íslensku skólastarfi, ekki hvað síst varðandi styttingu náms til lokaprófs og brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum. Hún átti að verða til þess að skapa umræðu um framhaldsskólastigið svo hægt væri að ná breiðri samstöðu um breytingar.

Skilaboð menntamálaráðherra hafa verið afar misvísandi og helst þau að ráðherra telji að enn megi hagræða í fjársveltum framhaldsskólum. Ekkert er rætt um innihald náms né hvernig fjármagna eigi t.d. bætt iðn- og starfsnám, tækniframfarir og bætta aðstöðu fyrir nemendur og kennara. Á þessi atriði var ítrekað bent við gerð síðustu fjárlaga þar sem enn frekari niðurskurður fjárveitinga var samþykktur og breytingartillögum um hækkanir var hafnað, þrátt fyrir aukið svigrúm í rekstri ríkissjóðs.

Nú er útlit fyrir að það verði gerðir kjarasamningar um framtíð og fyrirkomulag framhaldsskólans á Íslandi, af fjármála- og efnahagsráðuneyti, áður en almenn fagleg umræðan í samfélaginu á sér stað um innihald náms og gæði! Von er á enn einu valdboðinu frá ríkisstjórninni, þar sem Alþingi verður stillt upp frammi fyrir gerðum hlut og gert að samþykkja lög til að uppfylla slíka kjarasamninga. Þetta eru úrelt vinnubrögð sem varla leiða af sér bestu niðurstöðu.

Nú þegar rofar til þarf að forgangsraða í þágu menntunar. Fyrsta skrefið er að leiðrétta laun kennara þannig að þau standist samanburð. Það skref verður að stíga strax. Við þurfum vel menntaða og vel launaða kennara til að takast á við sífellt ný og krefjandi verkefni, svo hægt verði að efla enn frekar skólastarf á framhaldsskólastigi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Umhverfisvænt að rukka

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



> Sú leið að það kosti sérstaklega inn á hvern fjölfarinn ferðamannastað er umhverfisvænust.

Einhvern tímann fyrir langa löngu var affallsvatni frá Hitaveitu Suðurnesja dælt inn á hraun á Reykjanesskaga. Affallsvatnið var tiltölulega heitt. Fólki finnst gott baða sig í tiltölulega heitu vatni. Fólk fór því að mæta á þennan stað, skellti sér í sundföt í skjóli opinna bílskotta og dýfði útlimunum ofan í. Einhver byggði lítinn skúr til að fólk gæti skipt um föt í meira skjóli. Menn fóru að rukka inn.

Í dag er þessi litli skúr orðinn að einhverju best þekkta vörumerki íslenskrar ferðaþjónustu. Þarna, hjá Bláa lóninu, er búið að reisa einhvern svakalegan dekurkastala. Gestir eru rukkaðir um 35 evrur fyrir einfalda sundferð. „Viltu fá handklæði og bjór? Tvöfalt meira! Viltu fá mat og töfflur? Þrefalt meira!“ Kortaposarnir tralla.

Ímyndum okkur að einhver pólitíkus hefði ákveðið að það mætti ekki rukka í Bláa lónið. „Íslendingar skulu ekki vera rukkaðir fyrir að fá að baða sig í sínu eigin affallsvatni og hana nú!“ Hefði eitthvað af þessu orðið að veruleika?

Við værum með ofsetið lón með hundruðum bíla og fólki að reyna að skipta um föt á malarplani. Allt að fyllast af rusli. Þingmenn kjördæmisins myndu hrista hausinn og segja að það þyrfti meira fé til að hreinsa lónið „svo sómi væri að“. Það gengi ekki að bjóða erlendum gestum upp á þetta. Það þyrfti að stofna sjóð „hreinsunar ferðamannastaða“ og úthluta úr honum svo einhver gæti daglega veitt bjórdósir og Fríhafnarplastpoka upp úr lóninu.

**Sanngjarnt og umhverfisvænt**

Sú leið að það kosti sérstaklega inn á hvern fjölfarinn ferðamannastað er umhverfisvænst. Ef einungis verður boðið upp á miðlæga pakkadíla eins og „náttúrupassa“ þá hafa þeir sem keypt hafa sig inn í það fyrirkomulag ekki lengur ástæðu til að dreifa sér frekar á síður farna staði. Þegar fólk hefur keypt sér slíkan passa er engin ástæða fyrir það til að fara ekki að sjá Gullfoss eða Geysi á háannatíma. Eiginlega „verður maður að gera það“. Maður er búinn að kaupa þennan passa og allt.

Það er engin betri eða sanngjarnari leið til að stýra aðgengi að stöðum en verð. Ef staðurinn ber ekki lengur fjöldann þá hækka menn verðið. Síðan nota menn peninginn til að stækka staðinn til að hann geti borið enn fleiri og þá græða þeir enn meira. Þeim sem er illa við peninga finnst þetta hljóma eins og hræðileg framtíðarsýn en hún er það ekki. Um leið og rukkað er inn á stað eins og Geysi fer allra-þjóða-lopapeysulið sem gengur um með úkúlele í rassvasanum að tala um að Geysir sé orðinn orðið algjört sellát. „Við förum til Krýsuvíkur, eins og heimamenn!“ segir liðið til að skapa sér sérstöðu. Gömlu náttúruperlunum er hlíft. Og níska, unga fólkið finnur sér nýjar náttúruperlur til að heimsækja. Ný trend verða til.

**Miðlægir draumar**

Margir hafa trú á miðlægum lausnum. Vinsælasta miðlæga lausnin er sú að stjórnvöld rukki skatta og úthluti síðan fé til uppbyggingar hingað og þangað. Sumir nefna virðisaukaskatt á gistiþjónustu, í raun algjörlega ótengdan hlut, í þessu samhengi. Það er sjálfsagt að hafa hann hærri – en í alvöru talað – sú aðgerð að hækka hann mun ein og sér einungis minnka álagið á helstu staði með því að fækka ferðamönnum almennt (sem við viljum ekki) en ekki dreifa túristum á fleiri staði.

Aðgangseyrir á Everest er 1-2 milljónir (bara aðgangurinn, ekkert annað). Væri sniðugt að hafa frítt upp á Everest en bara hærri virðisaukaskatt á gistingu í Nepal? Væri það umhverfisvænt? Varla.

Sumum er ekki sérstaklega vel við peninga. Það er við því að búast að það fólk kalli hvert það ómiðstýrða fyrirkomulag þar sem einn einkaaðili rukkar annan nöfnum á borð við „Villta vestrið“. Fólk má vera dramatískt mín vegna. En það breytir því ekki að vandfundin er sanngjarnari, hagkvæmari og umhverfisvænni leið en sú að fólk borgi beint, úr eigin vasa, fyrir aðgang að vinsælustu ferðamannastöðum landsins.

## AF NETINU



### „Norðurskautið er rússneskt“

Það er rétt hjá Styrmi Gunnarssyni sem skrifar að Rússar séu á ný orðnir ógn við nágranna sína.

Þetta er reyndar ekki alveg nýtt, en nú er yfirgangurinn að færast á nýtt stig – í ófáum ríkjum í kringum Rússland eru stórir hópar Rússa sem hugsanlega vilja sameinast gamla landinu eða sem stjórnvöld í Moskvu geta notað í þeim tilgangi að magna upp átök. Þjóðernisbullugangurinn er kominn á hættulegt stig.

Ólafur Ragnar Grímsson segir að ekki megi blanda gagnrýni á framferði Rússa í Úkraínu við samstarf á norðurslóðum. En staðreyndin er nú samt að þjóðrembingurinn hefur náð þangað norðureftir.

http://eyjan.pressan.is/silfuregils/
*Egill Helgason*



### Kúvenda fram og aftur

Slitatillögu Gunnars Braga átti að keyra gegnum Alþingi með offorsi. Mótmæli í þjóðfélaginu voru þó langvinn og ollu skyndilegri stefnubreytingu. Ákveðið var, að ekki lægi á. Bófarnir vildu ekki lengur, að tillagan um viðræðuslit gagnvart Evrópusambandinu yrði afgreidd á þessu þingi. Síðbúin ráðgjöf almannatengla og ítrekuð neyðaróp sveitarstjórnamanna ýttu málinu fram yfir kosningar í vor. Í staðinn verður sett upp sumarþing og offorsið tekið þá upp á fullu. Ráðherrar vilja vernda sveitarstjórnarmenn sína fyrir ofsareiði almennings. Bófaflokkar eiga auðvelt með kúvenda fram og aftur eftir þörfum.

http://www.jonas.is/
*Jónas Kristjánsson*


# Er vöxtur í ferðaþjónustu sjálfsagður?

**Landsbankinn efnir til** árlegrar vorráðstefnu um stöðu og framtíðarhorfur í ferðaþjónustu, þriðjudaginn 25. mars kl. 8.45–10.15 í Silfurbergi Hörpu.




**ERINDI FLYTJA:**

**Rick Antonson** forstjóri og stjórnarformaður Tourism Vancouver.
**Magnea Þórey Hjálmarsdóttir** framkvæmdastjóri Icelandair Hotels.
**Gísli Marteinn Baldursson** sjónvarpsmaður og fyrrverandi borgarfulltrúi.

**Hagfræðideild Landsbankans** kynnir nýja greiningu á stöðu og mikilvægi ferðaþjónustu á Íslandi.

**Helga Árnadóttir** framkvæmdastjóri SAF er fundarstjóri.

**Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 8.15.**

Skráning á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




**Tilboðin gilda 20. -23. mars 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




**KJÚKLINGABRINGUR**
ÁN ALLRA AUKAEFNA
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 2.798~~
# 2.378,-



-30%

**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
FROSNAR Í RASPI
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 2.989~~
# 2.092,-



-21%

**ÞORSKHNAKKAR**
**KÍLÓVERÐ**
~~ÁÐUR 1.898~~
# 1.499,-

**STARBUCKS**
FRAPPUCCINO
**255 ML**
~~ÁÐUR 199~~
# 139,-







**CAFE PREMIUM**
KAFFIPÚÐAR 36 STK
**VERÐ PER PAKKI**
~~ÁÐUR 549~~
# 499,-




**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
X-TRA 2 STK
**VERÐ PER PAKKI**
# 199,-



**CROISSANT MEÐ SKINKU OG OSTI**
BAKAÐ Á STAÐNUM
~~ÁÐUR 229~~
# 115,-

-50%

# 20% AFSLÁTTUR AF LOPA OG GARNI






**WHOLESOME**
AGAVE SÝRÓP 1L
**VERÐ PER FLÖSKU**
~~ÁÐUR 1.259~~
# 999,-

**CAPRI SÚKKULAÐI**
MEÐ KOKOS EÐA ÁN
**VERÐ PER PAKKI**
~~ÁÐUR 219~~
# 198,-



# Fyrrverandi félagar fjölmenna og taka undir

**Kammerkórinn Hljómeyki fagnar fjörutíu ára afmæli í ár og heldur upp á tímamótin með veglegum tónleikum í Hörpu á sunnudaginn. Marta Guðrún Halldórsdóttir er stjórnandi kórsins, enda hefur hún tekið þátt í starfi hans nánast frá fæðingu.**

„Það voru nokkrir áhugasamir söngvarar sem stofnuðu Hljómeyki fyrir fjörutíu árum. Þau höfðu kynnst í gegnum Pólýfónkórinn og langaði til að starfa í litlum kammerhóp, leggja áherslu á framsækna og nýja tónlist og gera spennandi hluti,“ segir Marta Guðrún Halldórsdóttir, núverandi stjórnandi Hljómeykis. Hún var eðli málsins samkvæmt ekki meðal stofnfélaga en segist líta á sig sem nokkurs konar afkvæmi kórsins þar sem báðir foreldrar hennar voru meðal stofnfélaga.

Tímamótanna verður minnst með tónleikum í Hörpu á sunnudaginn klukkan 17 og þar verður farið í gegnum sögu hópsins. „Við ætlum að byrja tónleikana á sama lagi og var sungið fyrst á fyrstu tónleikum Hljómeykis,“ segir Marta. „Síðan ætlum við að fara út í það sem hefur verið samið fyrir okkur, þannig að það verður stiklað á stóru, en stærstur hluti dagskrárinnar er eftir íslensk tónskáld sem mörg hver hafa sungið með kórnum á einhverju tímabili.“

Vonast er til að sem flestir fyrrverandi félagar Hljómeykis mæti á tónleikana og Marta segir marga fyrrverandi félaga hafa staðfest komu sína. „Sem er einmitt hluti af tónleikaplaninu því þeir munu enda á þremur atriðum þar sem fólk úr salnum stendur upp og slæst í hópinn. Þannig að það verður sextíu til sjötíu manna kór sem slær botninn í tónleikana.“

Hljómeyki hefur lengi lagt áherslu á frumsköpun og frumflutt ógrynni íslenskra verka, en hópurinn hefur frumflutt í kringum sextíu tónverk. Kórinn hefur komið fram víða, hérlendis og erlendis, sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, á Myrkum músíkdögum, Kirkjulistahátíð, á Sumartónleikum í Skálholti, sungið með alls kyns poppgrúppum og tekist á við fjölbreytt verkefni með sveitum og listamönnum á borð við Todmobile, Skálmöld, Dúndurfréttir, Jóhann Jóhannsson og fleiri. Stofnfélagar voru um tíu en í dag eru í kórnum tuttugu og þrír söngvarar auk þess sem þó nokkrir í viðbót eru í kallfæri og koma til liðs við hópinn í stærri verkefnum.


**HLJÓMEYKI** „Stærstur hluti dagskrárinnar er eftir íslensk tónskáld sem mörg hver hafa sungið með kórnum á einhverju tímabili,“ segir Marta Guðrún.

Hæst ber þó að mati Mörtu þátttöku kórsins í Sumartónleikum í Skálholti þar sem hann hefur frumflutt fjölmörg verk og komið fram nánast á hverju sumri frá upphafi. „Þannig að við eigum heilmikið í þeirri uppbyggingu sem þar hefur orðið,“ segir hún. „Ég held ég megi líka fullyrða að tilvist Hljómeykis hafi orðið til þess að mun meira hefur verið skrifað af íslenskum kórverkum en ella hefði verið.“

fridrikab@frettabladid.is

---

†



Elskuleg eiginkona,
móðir, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**
**Svínafelli, Nesjum,**

lést þriðjudaginn 18. mars sl. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju laugardaginn 29. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gísli Sigurbergsson**

---

†



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG A. ÞORSTEINSDÓTTIR**
**(LÓA)**
**Reynimel 82, Reykjavík,**

sem lést 16. mars á hjúkrunarheimilinu Grund, verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 27. mars kl. 13.00.

**Ragnar Ellert Gunnarsson** | **Helga Sveinbjörnsdóttir**
**Elín Gunnarsdóttir**
**Gunnar Gunnarsson** | **Heiða Björk Vignisdóttir**
**Herdís Gunnarsdóttir** | **Haukur Ingi Hauksson**
**Sigríður Gunnarsdóttir** | **Helgi Gunnarsson**
**Hellen Magnea Gunnarsdóttir** | **Örn Karlsson**
**Þorsteinn Gunnarsson** | **Soffía Ólafsdóttir**
**G. Aðalheiður Jónsdóttir** | **Juan Carlos Melgar Rada**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför

**GUÐFINNU HULDU JÓNSDÓTTUR**
**Hraunbæ 102d, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun.

**Jóhannes Kristinsson**
**Kristinn Jóhannesson** | **Brynja Pála Helgadóttir**
**Steingrímur Jóhannesson**
**Sóldís Dröfn Kristinsdóttir** | **Fanney Rán Arnarsdóttir**
**Kristinn Andri Kristinsson** | **Jóhannes Smári Kristinsson**

---

†



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur,
tengdasonur, bróðir, mágur og afi,

**GUÐMUNDUR ÓLAFUR**
**GARÐARSSON**
**Ólafsfirði,**

lést þann 12. mars sl. á Landspítalanum. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 22. mars og hefst klukkan 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hetjurnar, félag langveikra barna á Norðurlandi.

**Þuríður Sigmundsdóttir**
**Garðar Guðmundsson** | **Þ. Kristín Guðmundsdóttir**
**Guðrún Elísabet Guðmundsdóttir** | **Sindri Valdimarsson**
**Halldór Ingvar Guðmundsson** | **Guðbjörg Ýr Víðisdóttir**
**Garðar Guðmundsson** | **Helga Torfadóttir**
**Guðrún Elísabet Víglundsdóttir** | **Sigmundur Agnarsson**
**Halldóra Garðarsdóttir** | **Maron Björnsson**
**Ólöf Garðarsdóttir** | **Barði Jakobsson**
**Hannes Garðarsson** | **Steinunn Aðalbjarnardóttir**
**Salka Björk, Guðmundur Orri, Þuríður Lilja og Kjartan Ólafur**

---

†



Frændi minn og vinur,

**GÍSLI Þ. SIGURÐSSON**
**Hópi, Eyrarbakka,**

sem lést 10. mars, verður jarðsunginn frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 22. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Magnús B. Sigurðsson**

---




---

†



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**KARÓLÍNA ÞÓRA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Seljavegi 33, Reykjavík,**

lést á Landspítala – háskólasjúkrahúsi í Fossvogi sunnudaginn 16. mars. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 28. mars klukkan 13.00.

**Stefanía Kormáksdóttir**
**Logi Jósef Guðmundsson**
**Þóra Bernadetta Valdimarsdóttir** | **Eyjólfur Bjarni Alfreðsson**
**Pétur Fallesen**
**Dagbjört Ylfa Geirsdóttir**
**Alfreð Örn Eyjólfsson**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HANNES**
**SIGURJÓNSSON**
**Miðtúni 11, Seyðisfirði,**

sem lést föstudaginn 14. mars, verður jarðsunginn frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 22. mars kl. 14.00.

**Fjóla Sveinbjarnardóttir**
**Ásta Jóna Guðmundsdóttir** | **Þorvaldur B. Hjarðar**
**Sigurjón Andri Guðmundsson** | **Jóna Margrét Valgeirsdóttir**
**Ingibjörg Sóley Guðmundsdóttir** | **Guttormur Kristmannsson**
**Hildur Björk Guðmundsdóttir** | **Brynjar Guðmundsson**
**barnabörn og langafabarn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, afa og langafa,

**BALDURS ÞORSTEINS**
**BJARNASONAR**
**Háaleitisbraut 39, Reykjavík.**

**Iben Sonne**
**Baldur Þór Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR SÆBERG**
**ÞORSTEINSSON**
**Ársölum 1, Kópavogi,**

lést á heimili sínu, miðvikudaginn 19. mars.

**Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Þorsteinn Sæberg** | **Gerður Sigurðardóttir,**
**Þorgeir Sæberg** | **Hrafnhildur Grímsdóttir**
**Margrét Sæberg** | **Skúli Haukur Skúlason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGTRYGGS ÞORBJÖRNSSONAR**
**rafvirkjameistara,**
**Gullsmára 7, Kópavogi, áður til heimilis að Kotárgerði 22, Akureyri.**

**Ingibjörg Sigtryggsdóttir** | **Aðalbjörn Þorsteinsson**
**Stefán Sigtryggsson**
**Eggert Már Sigtryggsson** | **Guðbjörg Björnsdóttir**
**Guðrún Sigtryggsdóttir** | **Hermann Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

## VEFNAÐUR FYRR Á ÖLDUM



**Málþing um vefnað og hannyrðir fyrr á öldum verður í Þjóðminjasafninu á morgun kl. 13-15 og er öllum opið. Dagskrána er hægt að kynna sér á vef safnsins en margt áhugavert verður til umfjöllunar. Fundarstjóri er Bryndís Sverrisdóttir, sviðsstjóri miðlunarsviðs.**


HÆTTU Í MEGRUN
VERTU FIT



FIT kjúklinga-salat
1.790 KR
Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is




**LJÚFFENGAR BRINGUR** Hér fyllir Úlfar bringurnar með tómatkjötsósu og spínati. MYND/VILHELM

Holta KJÚKLINGUR

# ELDAÐ MEÐ HOLTA

*__HOLTA KYNNIR__ Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að fylltum kjúklingabringum með tómatkjötsósu og spínati. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## FYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR
### MEÐ TÓMATKJÖTSÓSU OG SPÍNATI

**4 MILLISTÓRAR KJÚKLINGABRINGUR** (FYRIR 4)

**FYLLING**
**1 dl kúskús**
**1 dl sjóðandi saltvatn**
**10 ólífur, gróft saxaðar**
**5 sólþurrkaðir tómatar, gróft saxaðir**
**10 hvítlauksgeirar í kryddolíu, gróft saxaðir**
**3 msk. grillaðar paprikur í olíu, gróft saxaðar**
**10 fetaoststeningar, gróft saxaðir**
**1 msk. óreganó, smátt saxað eða 1 tsk. þurrkað**
**1 msk. basil, gróft saxað eða 1 tsk. þurrkað**
**Salt og nýmalaður pipar**
**1 eggjahvíta**

Setjið kúskús og vatn í skál og blandið vel saman, látið standa í 5 mínútur. Blandið þá restinni vel saman við kúskúsið. Skerið vasa inn í bringurnar og fyllið með fyllingunni. Penslið bringurnar með olíu og kryddið með salti og pipar. Færið bringurnar í ofnskúffu og bakið við 180°C í 20 mínútur eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C.



**TÓMATKJÖTSÓSA**
**2 msk. olía**
**1 laukur, smátt saxaður**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**
**1-1,5 dós niðursoðnir tómatar**
**1 msk. óreganó, smátt saxað eða 1 tsk. þurrkað**
**1 msk. basil, smátt saxað eða 1 tsk. þurrkað**
**1 msk. timjan, smátt saxað eða 1 tsk. þurrkað**
**Salt og nýmalaður pipar**

Hitið olíu í potti og kraumið lauk og hvítlauk í tvær mínútur án þess að brenna. Bætið þá niðursoðnum tómötum við ásamt basil, oreganói, timjani, salti og pipar. Sjóðið við vægan hita í 10 mínútur. Berið bringurnar fram með sósunni og t.d. steiktu spínati.


OUTLET
SKÓR
Flottir skór á frábæru verði



aðeins 9900
Herra skór
St. 39-47
aðeins 7900
Dömu skór
St. 36-41
aðeins 9900
Herra skór
St. 41-45
aðeins 2900
Stráka skór
St. 27-39
OUTLET-SKÓR | FISKISLÓÐ 75 | 101 REYKJAVÍK
Opið: mán-fös 13-18 & lau 12-16 sími: 514 4407





Hringdu núna!
Sæktu eða fáðu matinn sendan heim
588 9899
HEILSURÉTTIR
065
Eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti
Orka, kkal 92 Prótein 10,8 gr Kolvetni 10,2 gr Fita 1,4 gr
980 | 1340
Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum.
Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.
*Án salts og sykurs.*
NINGS
Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00 - Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði | www.nings.is










**Laugardaginn 29. mars** kemur út veglegt Brúðkaupsblað með Fréttablaðinu.

Fjallað verður um allt sem viðkemur Brúðkaupum og er blaðinu dreift í **90.000 eintökum.**

Pantið auglýsingar/kynningar tímanlega hjá Bryndísi í síma 512-5434 eða á netfangið bryndis@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ





**FJÖLBREYTNI** Ólíkar tónlistarstefnur heyrast í Eldborg í Hörpu á sunnudaginn. MYND/ÚR EINKASAFNI

# TÓNLISTARMENN FRAMTÍÐARINNAR

**STÓRTÓNLEIKAR** *Margt efnilegasta tónlistar- og söngfólk landsins stígur á svið í Hörpu á sunnudaginn þegar hátíðin Nótan 2014 fer fram.*

Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa í Reykjavík fyllist af ungum og efnilegum nemendum úr tónlistarskólum landsins þegar hátíðin Nótan 2014 verður haldin á sunnudag. Um er að ræða uppskeruhátíð tónlistarskóla og er þetta fimmta árið í röð sem hún er haldin. Að sögn Sigrúnar Grendal, formanns Félags tónlistarskólakennara, er helsta markmið hátíðarinnar að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar og um leið að efla listir, menntun og menningu í samfélaginu. „Hátíðin er í raun þrískipt. Fyrst fara fram uppskeruhátíðir í hverjum tónlistarskóla fyrir sig þar sem fulltrúar skólans eru valdir inn á svæðistónleika. Á fernum svæðistónleikum Nótunnar tóku um 500 nemendur þátt en sérstakar valnefndir völdu þau 24 atriði sem verða flutt í Hörpu um helgina.“



Um 100 tónlistarnemendur frá 18 tónlistarskólum úti um land allt munu svo koma fram í Hörpu. „Samsetning hópsins breytist alltaf aðeins á milli ára en það er gaman að segja frá því að núna verðum við til dæmis í fyrsta skiptið með nemendur frá Vopnafirði og Þórshöfn. Auk þeirra koma líka nemendur frá Bolungarvík, Ísafirði og Dalvík.“

Nemendurnir sem koma fram eru flestir á aldursbilinu 4-25 ára og fjölbreytnin er mikil að sögn Sigrúnar. „Hér má hlýða á alls kyns tónlist og tónlistarstefnur og hátíðin dregur vel fram margbreytileikann í starfsemi tónlistarskóla á landinu. Nemendurnir sem koma fram eru á öllum stigum tónlistarnámsins og þeir koma frá Suzuki-tónlistarskólum, söngskólum, „rytmískum og klassískum“ skólum og skólahljómsveitum.“

Sigrún segir alltaf jafn gaman að sjá hvað krakkarnir standi sig vel þrátt fyrir ungan aldur. „Það skiptir engu máli hver kemur upp á svið, fyrir flest þeirra er þetta eins og að drekka vatn og undantekningarlaust er þetta framúrskarandi.“

Nótan 2014 fer fram á sunnudaginn í Eldborgarsal Hörpu og stendur yfir frá kl. 11-18. Aðgangur á hátíðina er ókeypis.



**LJÚFIR TÓNAR** Sigrún Grendal er formaður Félags tónlistarskólakennara. MYND/ÚR EINKASAFNI

# HOLLIR BLÓMKÁLSKLATTAR

**Blómkál er hollt og gott. Það er hægt að nota á margvíslegan hátt, til dæmis útbúa blómkálsklatta. Þá er hægt að hafa sem meðlæti, aðalrétt eða forrétt með sweet chili-sósu. Með því að setja kínóamjöl (e. quinoa) verður rétturinn sérlega hollur.**

1 blómkálshaus
3 egg
1 dl fulleldað kínóa
4 msk. kínóamjöl
hálf sítróna
1 tsk. tímían
1 tsk. óreganó
1 tsk. tahíní, má sleppa
Salt og pipar
Ólífuolía til steikingar

Skerið blómkálið til helminga og skolið vel. Rífið það síðan niður með grófu rifjárni (eða í matvinnsluvél), stilkarnir eru líka notaðir. Blandið eggjunum saman við, soðnu kínóa og kínóamjöli.

Því næst er tahíní, sítrónusafa og kryddi hrært saman við. Útbúið klatta úr deiginu og steikið á pönnu í nokkrar mínútur á hvorri hlið.

Borið fram með salati og mildri jógúrtsósu eða sterkri sweet chili-sósu, eftir smekk.



**BLÓMKÁLSKLATTAR** Góður og hollur matur fyrir alla fjölskylduna sem einfalt er að gera.

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# Lífið

FÖSTUDAGUR
21. MARS 2014

*Íris Dögg Einarsdóttir og Erna Bergmann*
**LJÓSMYNDA-SÝNINGIN //W// Í SKOTINU** 2

*Eva Brink matarbloggari*
**HELDUR ÚTI BLOGGINU EVABRINK.COM** 8

*Bassi Ólafsson Kærastinn*
**DAGUR Í LÍFI HANS Í MÁLI OG MYNDUM** 10

*Ása, Katrína og Alexandra í Mammút*

## TÓNLISTIN TENGIR OKKUR VINÁTTUBÖNDUM

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
**Sara Karen Þórisdóttir**
**Aldur?** **26 ára**

**Starf?**
Fyrirsæta.

**Maki?**
Frábær týpa.

**Stjörnumerki?**
Steingeit.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Chia-graut með smá kanil og ferskum ávöxtum.

**Uppáhaldsstaður?**
London og París standa alltaf fyrir sínu.

**Hreyfing?**
Engin brjáluð, en ég labba nánast hvert sem ég fer og stunda jóga þegar ég er í stuði.

**Uppáhaldsfatahönnuður?**
Ég á í raun engan uppáhalds, en mér finnst Ann Demeulemeester, Riccardo Tisci hjá Givenchy og Jack McCollough & Lazaro Hernandez hjá Proenza Schouler öll fáránlega flott.

## HVERJIR HVAR?

Eftir vel heppnaða tónleika, Stopp – Gætum garðsins! á þriðjudaginn var haldið heljarinnar eftirpartí á skemmtistaðnum Boston og þangað mætti góður hópur af fólki og skemmti sér fram á nótt. Ber þar að nefna Ragnheiði Elínu Árnadóttur, **Unnstein Manuel** og **Björk Guðmundsdóttur söngkonu**. Sænski söngfuglinn **Lykke Li** átti afmæli og var skálað fyrir henni á íslenska vísu.











# LITRÍKT OG VILLT HÁR OG FÖRÐUN Á ÚTSKRIFTARSÝNINGU

***Hársnyrtiskólinn og Reykjavík Makeup School í samstarfi á flottri hársýningu.***

Útskriftarsýning Hársnyrtiskólans fór fram um síðustu helgi við mikinn fögnuð en sýningin var haldin í Laugardalslauginni. Tólf manns útskrifuðust eftir fimm annir í hárgreiðslunni og greiddu sjötíu fyrirsætum á skemmtilegan máta. Hver nemandi kynnti eigið þema en einkennandi var „rock-a-billy“ útlitið og var litadýrðin áberandi. Dag- og kvöldskóli Reykjavík Makeup School sá um förðun fyrirsætanna.

„Hárið var að sjálfsögðu aðalatriðið í sýningunni en við unnum vel saman og sumar fyrirsæturnar fengu litaðar augabrúnir í stíl við háralitinn. Við sáum til þess að fyrirsæturnar væru með fullkomna húð og mikið var um „smokey look“,“ segir Sara Dögg Johansen, annar eigandi Reykjavík Makeup School. „Það voru 17 stelpur sem förðuðu frá hádegi og fram á kvöld. Þær útskrifast í næstu viku hjá okkur þannig að þetta var eiginlega útskriftarverkefni hjá þeim líka.“




# LJÓSMYNDIR WOMAN OG WATER Á HÖNNUNARMARS

***Íris Dögg Einarsdóttir ljósmyndari og Erna Bergmann hönnuður eru með ljósmyndasýningu í Skotinu.***

„Við erum báðar orkumiklar og afar drífandi í því sem við tökum okkur fyrir hendur svo við fundum fljótt að við gætum unnið vel saman. Við aðhyllumst sömu fagurfræði og stemningu þegar kemur að sköpun svo að þar liggur neistinn að samstarfinu,“ segir Íris Dögg Einarsdóttir ljósmyndari um samstarf þeirra Ernu Bergmann, hönnuðar og stílista. Samstarf þeirra hófst fyrir rúmu ári þegar Íris flutti heim frá Kaupmannahöfn eftir að hafa lokið ljósmyndanámi. Erna er menntaður fatahönnuður frá LHÍ og starfar sem stílisti. „Grunnhugmynd sýningarinnar fæddist líklegast eftir að við gerðum saman tískuþátt í gömlu húsi í Brekkugerðinu í Reykjavík. Í húsinu leyndist stór sundlaug og þar gafst okkur tækifæri til að vinna með eiginleika vatnsins í fyrsta skipti. Sýningin er opin frá 20. mars til 29. apríl í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur en hún ber nafnið // W // sem er samspil orðanna Woman og Water.


Erna Bergmann og Íris Dögg Einarsdóttir.




**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Stefán Karlsson**


Fylgstu með á
Facebook
Lindex Iceland
Edited by
Kate Hudson
Jakki,
13995,-
LINDEX

# TÍSKA ROKKAÐUR GRUNGE-KÚLTÚR

***Sumartískan í ár býður upp á andstæður sem þó passa einstaklega vel saman. Litrík, spennandi mynstur, köflótt, berir leggir og mismunandi gallaefni einkenna innblásturinn af rokkuðum straumum þar sem hinn svokallaði grunge-kúltúr er endurskapaður. Snjóþvegnar gallabuxur, háskólabolir og stutt pils verða vinsæl í sumar og áfram er sjóðheitt að klæðast flíkum yfir flíkur.***

**LJÓSMYNDUN** Björg Vigfúsdóttir **STÍLISTI** Erna Bergmann **FÖRÐUN** Fríða María með MAC Cosmetics og Blue Lagoon Skincare **HÁR** Fríða María með label.m **FÖT** Topshop



**NAGLALAKK**
Nails inc. In the Nude collection - George Street
**AUGABRÚNIR**
MAC Eye Brows - Stud
**AUGNSKUGGI**
MAC Pro Longwear Paint Pot - Groundwork
MAC Lipglass - Clear (á augnlok)



**HÁREFNI**
label.m Sea Salt Spray og label.m Dry Shampoo,
**FARÐI**
MAC Face and Body Foundation,
**LJÓMI (HIGHLIGHT)**
MAC Cream Colour Base - Luna












**FÖT:** Topshop í Kringlunni og Smáralind.


RESCULPT
formar og lagar
HIÐ NÝJA LIFTING CONTOUR SERUM
Þetta öfluga nýja sermi, mótar lyftir og lagfærir útlínur andlitsins.Það sameinar lækningarmáttinn úr kraftaverkaseyðinu okkar við styrkleika hins nýja „Lifting Ferment“ sem eflir náttúrulegt kollagen húðarinnar til að skapa fallegri ásýnd og útlínur andlitsins.
Fullkomnar útlínur og meiri lyfting setja svip á andlitið.
LaMer.com
LA MER
the lifting contour serum
le sérum contour lifting
LA MER
Útsölustaðir:
HYGEA Kringlunni
Sigurboginn Laugavegi
Snyrtistofan Jóna Hamraborg

# ÁSA, ALEXANDRA OG KATRÍNA
## BRENNIMERKTAR VINKONUR FYRIR LÍFSTÍÐ

***Katrína Mogensen, Alexandra Baldursdóttir og Ása Dýradóttir eru konurnar í hljómsveitinni Mammút en hana skipa einnig Arnar Pétursson og Andri Bjartur Jakobsson. Bandið hefur verið áberandi undanfarin misseri og hlaut þrenn verðlaun á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrir bestu plötuna, besta lagið og besta plötuumslagið. Lífið ræddi við stöllurnar um listina að lifa sem tónlistarfólk.***

Öldugatan er snævi þakin þennan morguninn og kuldinn bítur blaðamann þar til hann skottast inn um dyrnar á hvítu húsi sem augljóslega ber mikla sögu. Katrína Mogensen, söngkona í Mammút, heilsar frammi á gangi og afsakar seinaganginn enda nýrisin úr rekkju. „Þú verður að afsaka en það var bara svo gaman hjá okkur í gær og mikið partí. Það voru mjög miklir töfrar og orka í Eldborg í gær og ótrúlega fallegir tónleikar hjá öllum,“ segir Katrína um tónleikana Stopp – Gætum garðsins! sem haldnir voru í þágu íslensku náttúrunnar kvöldið áður. Dyrabjallan hringir og upp tröppurnar kemur Alexandra Baldursdóttir, gítarleikari bandsins. Útvarp Saga hljómar um risíbúðina úr gömlu Bush-útvarpi sem stendur á borði ásamt verðlaunastyttu sem Mammút hlaut á Íslensku tónlistarverðlaununum helgina áður. Katrína býður upp á ilmandi te með hunangi sem við sötrum á meðan við spjöllum um ævintýri hljómsveitarinnar sem hófst þegar Mammút sigraði á Músíktilraunum árið 2003 en þá voru hljómsveitarmeðlimirnir einungis 14 ára.

„Í gær voru þrjár Músíktilraunahljómsveitir að spila á tónleikunum svo það er svolítið skemmtilegt að sjá þessa þróun,“ segir Katrína. „Já, þegar við sigruðum á sínum tíma vorum við nýbyrjuð svo þetta var mikil hvatning fyrir okkur til að halda áfram og gera betur því það er svo mikilvægt að vita að fólki líki við það sem þú ert að gera,“ bætir Alexandra við. Stúlkurnar rifja upp með nostalgíu þennan tíma þegar þær voru táningar. „Við vorum svo brothætt þarna enda vorum við einstaklega ung, ekki nema 14 ára. Eldra fólk veit eflaust betur hvað það er að gera en við vorum bara þarna vinirnir að spila.“

Síðan hefur runnið mikið vatn til sjávar og meðlimirnir fimm hafa fengið þó nokkurn meðbyr undanfarin misseri. Mammút hefur gefið út þrjár plötur, en fyrir þriðju breiðskífuna, Komdu til mín svarta systir, fengu þau Íslensku tónlistarverðlaunin og einnig plötuumslagið, sem Katrína hannaði með myndlistarkonunni Sunnevu Weisshappel, og lagið Salt sem hljómar talsvert á öldum ljósvakans.

### *Mammút stór hluti af lífinu*

„Það myndast að sjálfsögðu spenna inni á milli þegar það eru fimm ólíkir einstaklingar í bandinu en þegar við komum öll saman og spilum þá fæ ég þessa góðu áminningu um af hverju við erum að þessu,“ segir Katrína.

„Já, sammála, enda hefur aldrei komið upp sú tilfinning að við höfum viljað hætta samstarfi enda er hljómsveitin stór partur af lífi okkar og búin að vera ansi lengi – hún er bara hluti af manni. Ef einn meðlimur skreppur til útlanda þá mun sá aðili fyrst láta hina meðlimina vita áður en annað er aðhafst,“ segir Alexandra.

Katrína segist upplifa þetta örlítið eins og að vera í platónsku sambandi með fimm einstaklingum – eins konar fjölkvæni. „Stefnur og strauma höfum við í raun aldrei almennilega rætt eða hvernig tónlist við viljum búa til. Við höfum alltaf bara hist og búið til tónlist saman. Það er mismunandi hverjir koma með hvaða grunna eða takta en svo leikum við okkur öll saman að þessu.“

Mammút skipa þau Alexandra Baldursdóttir sem spilar á gítar ásamt Arnari Péturssyni, Vilborg Ása Dýradóttir sem er bassaleikari og Andri Bjartur Jakobsson trommari. „Ég kann að fikra mig áfram á hljóðfærum en þau eru öll mjög góðir hljóðfæraleikarar. Í upphafi vildi ég í raun alltaf vera bassaleikarinn en það var víst ákveðið að ég skyldi syngja,“ segir Katrína og brosir.

Rödd hennar þykir einstök og hefur víða verið lofuð upp í hástert. En hvað finnst henni um samlíkingar við sjálfa Björk? Hún hikar örlítið áður en hún svarar. „Ég hef mikið hlustað á Björk, sérstaklega þegar ég var unglingur, en ég hef aldrei lagt upp úr því að líkja eftir henni. Þetta er hrós en á sama tíma vill maður ekki láta líkja sér við neinn. Ég veit að ég er undir áhrifum frá henni og syng oft mjög hátt og beiti röddinni mikið. Það er þá kannski borðleggjandi og eðlilegt að fólk taki þetta þangað.“

Meðlimir bandsins eru allir á aldrinum 24-25 ára og sinna námi eða vinnu með hljómsveitarlífinu. Stúlkurnar völdu listabrautina en Alexandra er að læra grafíska hönnun í Listaháskólanum. Ása er með BA-gráðu í myndlist úr LHÍ og starfar sem rekstrarstjóri á kaffihúsinu Stofunni við Aðalstræti og Katrína er að útskrifast úr myndlist frá LHÍ í vor.

„Það er eiginlega ekki hægt að lifa á tónlistinni einni og sér. Maður þarf að vera svolítið mikið stór eins og Bubbi,“ segir Katrína. „Þetta er afburða gamaldags hugsunarháttur hér á Íslandi og við erum mjög eftir á. Þessi tugga að listamenn þurfi endalaust að svara fyrir sig og vera í einhverri vörn fyrir að vera listamenn getur orðið örlítið þreytandi. Kannski er það vegna þess að listin skilar ekki augljósum peningum inn í þjóðarbúið. Tónlist og list almennt skilar þó af sér fullt af peningi fyrir efnahaginn,“ segir hún.

Alexandra tekur undir. „Já, og markaðssetningu sem aflar svo tekna eins og fram kom á Íslensku tónlistarhátíðinni. Það var verið að sýna staðreyndir um íslenska tónlist. Þá kom meðal annars fram að Of Monsters and Men væri gúggluð jafn oft og Ísland. Það er því einkennilegt að vera með ríkisstjórn í dag sem sparkar okkur aftur í tímann, því áður vorum við á góðri leið. Það hlýtur að koma að því að útlendingar upplifi Ísland sem vörusvik.“

Það er augljóst að þetta er þeim mikilvægt málefni sem þær eru tilbúnar að berjast fyrir. „Það er líka búið að kippa í burtu öllum helstu tónleikastöðum miðbæjarins. Það virðist bara eiga að halda flesta viðburði í Hörpunni í dag en Harpan er ekki svarið. Það hentar ekki öllum að spila þar. Til að efla efnahaginn var byggð upp þessi ímynd um orkuna, álfana og grósku í tónlist, myndlist og fleiru sem er alls ekki vitlaus hugmynd í kreppunni – en svo var ekkert verið að hlúa að listinni. Allt var blóðmjólkað en um leið og túristarnir fóru að birtast var listinni ýtt til hliðar. Maður hefur í raun engar áhyggjur af grasrótinni því hún vex bara annars staðar en allt sem var í boði í miðbænum var stöðvað, eins og Nasa og Hjartagarðurinn. Nú eru í boði Gaukur á Stöng, kjallarinn á Ellefunni og litla sviðið á Harlem eða þá Harpan. Þessir staðir eru algjörar andstæður við Hörpuna, bara svart og hvítt, og okkar aðdáendur eru ekki mikið að koma í Hörpuna,“ segir Katrína.



**KATRÍNA MOGENSEN**
Söngkona
**Aldur** 24
**Sími** Já
**Tölva** Já
**Uppáhaldslag** Já

**ALEXANDRA BALDURSDÓTTIR**
Gítarleikari
**Aldur** 24 ára **Sími** iPhone
**Tölva** Macbook Pro
**Uppáhaldslag** Quimey Neuquen eftir José Larralde í útgáfu Chancha via Circuito er lag sem ég hlusta á einu sinni á dag

**ÁSA DÝRADÓTTIR**
Bassaleikari
**Aldur** 25 vetra
**Sími** iPhone
**Tölva** Macbook
**Uppáhaldslag** Allt með Future Islands þessa dagana



*Það er eiginlega ekki hægt að lifa á tónlistinni einni og sér. Maður þarf að vera svolítið mikið stór eins og Bubbi.*

*Katrína Mogensen*

### *Mikil viðurkenning*

Talið berst að Íslensku tónlistarverðlaununum sem fram fóru fyrir skömmu en Mammút stóð uppi sem sigurvegari í þremur flokkum fyrir plötu ársins, lag ársins og plötuumslag ársins. „Það var geðveikt að fá þessi verðlaun en þetta var pínulítið ógeðslegt að sitja þarna,“ segir Katrína hlæjandi. „Ég held að við höfum verið mjög róleg yfir þessu þangað til við löbbuðum inn í Hörpuna. Þá breyttist andrúmsloftið,“ segir Alexandra og Katrína bætir við: „Já, við höfum náttúrulega aldrei verið sett í svona aðstöðu áður og við upplifðum mikinn keppnisanda sem við vorum alls ekki að hugsa um fyrir kvöldið. Við vildum bara líta á þessi verðlaun sem viðurkenningu en þegar við vorum komin inn í salinn þá langaði mann bara að vinna allt, sem er svolítið klikkað – að hugsa til þess að það sé keppni í tónlist en auðvitað gengur þetta út á viðurkenninguna. Daginn eftir vorum við svo búin að ná okkur niður.“ Forvitnin kitlar blaðamanninn sem spyr nánar út í verðlaunin.

„Við fengum stóran bikar og stórt umslag með. Við vorum svo spennt að vita hvað væri í umslaginu, en þetta var handskrifað viðurkenningarskjal, skrifað með kúlupenna.“

### *Vináttan og innblásturinn*

Samræðurnar verða dýpri þegar blaðamaður spyr hvert þær sæki innblástur. „Ég fylgist með mjög miklu og þá sérstaklega íslenskri tónlist en ég fylgist einnig með því sem er að gerast erlendis í poppheiminum en það er þá forvitnin sem leiðir mig áfram. Ég verð að vita hvað er að gerast í tónlistinni í kringum mig og ómeðvitað fær maður innblástur. Við höfum oft velt spurningunni fyrir okkur, hvað það sé sem geri Mammút að Mammút og því verður svarað með því að við erum öll ofboðslega góðir vinir, þrátt fyrir að vera öll mjög ólík. Við erum farin að þekkja inn á hvort annað svo vel og náum að tengja mismunandi hljóma saman. Ég er ekki viss um að við værum vinir ef við hefðum ekki Mammút sem tengir okkur,“ segir Alexandra og hlær. Katrína kinkar kolli. „Já, við höfum öll ólíkan tónlistarsmekk og erum alls ekki sammála um hvað góð tónlist sé. Ætli ég fái ekki mestan innblástur úr öllum útvarpsþáttunum á RÚV og tónlistinni þaðan. Þar eru þættir um alls konar skrítna heimstónlist og sögu,“ segir Katrína.

### *Brennimerkt fyrir lífstíð*

„Við höfum alltaf verið að stefna eitthvert en planið er bara að halda áfram. Við höfum spilað mikið í Evrópu, Þýskalandi og Noregi, og þá vorum við sjálf á bíl að keyra á milli. „Já, við enduðum einn Berlínartúr á því að fá okkur öll eins húðflúr,“ segir Alexandra og réttir fram handlegginn með fimm punktum á. „Við vorum orðin svo súr að vera saman í mánuð og vorum farin að deila nánast öllu. Nærfötum, tannburstum og fleiru. Við vorum einhvern veginn hvert ofan í öðru alla daga og nætur svo þetta húðflúr var bara næsta skref. Nú er búið að brennimerkja okkur öll fyrir lífstíð. Strákarnir eru einstaklega ánægðir með þetta þegar þeir fá sér í glas, þá hefur þetta svo mikið tilfinningagildi að við séum öll með eins húðflúr,“ segir hún og brosir.

„Ég held meira að segja að við Arnar höfum notað sama tannburstann í heilan mánuð svo þessi húðflúr voru ekki mikið vandamál,“ segir Katrína og þær hlæja í kór.



Hljómsveitin Mammút á tónleikum í Gamla Bíói

MYND/MATTHEW EISMAN




# MATUR ER KOKKUR Í BLÓÐINU

***Eva Brink er ungur ástríðukokkur sem heldur úti bloggsíðunni evabrink.com.***

Pabbi minn er kokkur svo það má segja að ég hafi fengið áhugann svolítið í gegnum hann. Um leið og ég flutti að heiman langaði mig að gera meira úr þessu og jafnvel deila með öðrum,“ segir Eva Brink þegar hún er spurð út í matarbloggið sitt, evabrink.com. Eva hefur ekki einungis ástríðu fyrir matar- og kökugerð því hún stundar nám í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands og er tveggja barna móðir. Viðbrögðin við matarblogginu hafa verið góð, sem hefur komið henni sjálfri örlítið á óvart. „Það er alltaf jafn gaman að sjá og heyra að fólk nýti sér uppskriftirnar mínar og það er bara frábært að fólk sé almennt duglegt að skoða hinar ýmsu síður á netinu. Það hefur komið mér ótrúlega á óvart hve mikil traffík hefur verið á síðuna hjá mér. Ég ætla því að halda áfram að vera dugleg að deila uppskriftum og halda mig við einfalda rétti sem allir geta gert.“



Eva Brink er með spennandi uppskriftir á blogginu sínu.



### *Brownies með minturjóma*

Fyrir 6
Brownies
100 g 56% súkkulaði
120 g smjör
250 g sykur
85 g hveiti
2 egg
1 tsk. vanilludropar
½ tsk. salt

Hitið ofninn í 180°C. Klæðið 15 x 25 cm eða svipað form með bökunarpappír og smyrjið bökunarpappírinn. Bræðið súkkulaði og smjör saman í potti eða örbylgjuofni. Þeytið saman eggjum og sykri og blandið svo vanilludropunum og saltinu saman við. Hellið súkkulaðinu og því næst hveitinu ofan í og hrærið varlega saman við með sleif. Hellið deiginu í formið og jafnið út. Bakið í 30-35 mínútur eða þar til prjónn sem stungið er í kökuna kemur hreinn upp. Leyfið kökunni að kólna og skerið svo í 6 sneiðar.

### *Minturjómi*

500 ml rjómi
8 msk. sykur
1½ tsk. piparmintudropar
3-4 dropar grænn matarlitur
100 g suðusúkkulaði

Setjið rjóma, sykur, piparmintudropa og matarlit í skál og þeytið saman þar til rjóminn er orðinn þéttur. Saxið suðusúkkulaðið í smáa bita og blandið varlega saman við rjómann með sleif.
Setjið örlítinn minturjóma á botn ílátanna og brownies-sneiðarnar ofan á. Toppið svo með meiri minturjóma og gjarnan súkkulaðispæni og Remi-mintukexi.

# SOKKAR ERU NÝJASTA TRENDIÐ

Það voru ekki einungis flíkur sem voru áberandi á tískuvikunum í Mílanó, París og New York. Í ár voru það sokkar. Stuttir sokkar við háhæla skó, háir sokkar eða skrautlegir sokkar. Allt virðist vera leyfilegt en sokkar skulu það vera. Hönnuðir á borð við Marc Jacobs, Veru Wang, Kenneth Cole, Diane Von Furstenberg og Donnu Karen hafa skellt sér á bylgjuna.



RODARTE Í NEW YORK Á TÍSKUVIKUNNI.







JEAN-CHARLES DE CASTELBAJAC, PARÍS.





LEA PECKRE POUR LA MAISON LEJABY, PARÍS.







VERA WANG, NEW YORK.

Lausnin er í **Heilsuborg**



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



Heilsulausnir

Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Námskeiðin hefjast mánudaginn 24. mars

Mánud., miðvikud. og föstud.
kl. 07:20, 12:00 eða 17:30

Kynningarfundur í dag 21. mars kl. 16:30
Allir velkomnir

**Gæðin skipta máli**

*„Áður en ég byrjaði í Heilsulausnum þá borðaði ég aldrei morgunmat en þar sem ég fer mjög snemma á fætur þá var hungrið farið að segja verulega til sín í hádeginu og þá var tekið vel á diskinn. Mín skoðun var sú að ég væri ekki að borða neitt mikið, en nú hef ég lært að það eru gæðin og regla sem skipta máli og ég var að borða vitlaust og of sjaldan. Ég borða nú meira en áður, miklu hollari og betri mat.*
*„Ég sef betur, er laus við lyfin og er auk þess skemmtilegri og jákvæðari. Ég hef létt um 29 kíló og er búin að skipta út fataskápnum sem var skemmtilegt. Heilsuborg er frábær staður með fullt af skemmtilegum tímum, þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“*

*Sigríður Ólafsdóttir*

HEILSUBORG
www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108 • Reykjavík • Sími 560 1010

PURELOGICOL

# Collagen til inntöku

## Sléttir fínar hrukkur og þéttir húðina




- Hrukkur og línur sléttast út um 43% *
- Húðin á andliti og öllum líkama verður mýkri og þéttari um 35% *
- Aukin fylling í vörum
- Sterkari hár og neglur
- Frábært fyrir liðina, aukin liðugleiki og betri líðan
- Árangur sést og finnst eftir 3 vikur

Gala SPA AWARDS
BADEN-BADEN

Valið „favorite age-defying“
af tímaritinu MS London



*Húðgreining eftir 6 vikan inntöku á 2.4g af
Pure Logicol collagen í blindprófs samanburði.

## Fæst í apótekum, Græn Heilsa og Fríhöfninni

Collagen er öflugasta byggingarprótín líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskorti er m.a slakari húð, hrukkur og stirðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogicol collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðla að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Dregur úr húðsliti
Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.

# DAGUR Í LÍFI KÆRASTANS

***Bassi Ólafsson sló heldur betur í gegn þegar hann bjó til upptökur á hverjum degi fyrir kærustuna á meðan hún stóð í próflestri í háskólanum. Nú heldur hann úti Facebook-síðunni Bassi Ólafsson – Kærastinn og heldur áfram að standa sig í kærastahlutverkinu.***



Dagurinn byrjar **kl. 09.30.** Kærastan farin í háskólann þannig að ég leik lausum hala í íbúðinni og enda þar af leiðandi í eggjum og beikoni.



**Kl. 10** er það beint út í hljóðver (sem er í bakgarðinum hjá mér) þar sem ég fer að spila inn trommur á nýju Kiriyama-family-plötu.




**Kl. 13** er ég að deyja úr hungri þannig að ég fer beint á Seylon á Selfossi og kippi með mér lambavefju og bruna heim til að ná að klára Needle Man í Megaman áður en ég fer aftur að klára trommutökur.




**Kl. 16** Þar sem veðrið er orðið þetta gott, þá fer ég að setja saman fararskjótann minn í sumar, sem er gamalt 80´s hjólabretti. Ég tek fram úr bílum á þessu tryllitæki!



**Kl. 18.00** Kiriyama-fjölskyldan kemur í hljóðverið að æfa. Ný lög að fæðast hægri, vinstri og við endum á kvöldverðarspjalli eins og svo oft áður. Hljómsveit eða saumaklúbbur?



**Kl. 22** er kærastan komin heim og við dettum í Bachelor-þætti og kósíheit með Tobba (hundinum okkar). Við Tobbi erum sammála um það að piparsveinninn Juan Pablo er ekki alveg að velja réttu stelpurnar.



Svo er klukkan orðin **00.30** og kærastan steinsofnuð á meðan ég ligg andvaka – algjör klassík! En engu að síður frekar góður dagur.


# Lausnin er í **Heilsuborg**



SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

## Heilsulausnir

Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Námskeiðin hefjast mánudaginn 24. mars

Mánud., miðvikud. og föstud.
kl. 07:20, 12:00 eða 17:30

Kynningarfundur í dag 21. mars kl. 16:30
Allir velkomnir

**Gæðin skipta máli**

*„Áður en ég byrjaði í Heilsulausnum þá borðaði ég aldrei morgunmat en þar sem ég fer mjög snemma á fætur þá var hungrið farið að segja verulega til sín í hádeginu og þá var tekið vel á diskinn. Mín skoðun var sú að ég væri ekki að borða neitt mikið, en nú hef ég lært að það eru gæðin og regla sem skipta máli og ég var að borða vitlaust og of sjaldan. Ég borða nú meira en áður, miklu hollari og betri mat.*

*„Ég sef betur, er laus við lyfin og er auk þess skemmtilegri og jákvæðari. Ég hef lést um 29 kíló og er búin að skipta út fataskápnum sem var skemmtilegt. Heilsuborg er frábær staður með fullt af skemmtilegum tímum, þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi."*

*Sigríður Ólafsdóttir*

HEILSUBORG
www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108 • Reykjavík • Sími 560 1010


# GUÐNÝ KJARTANSDÓTTIR

## 30 ÁRA VERKEFNASTJÓRI REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL







1 **Þegar ég var ung þá…** hélt ég að ég gæti orðið hvað sem ég vildi í heiminum.

2 **En núna…** veit ég að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

3 **Ég mun eflaust aldrei skilja…** við manninn minn.

4 **Ég hef ekki sérstakan áhuga á…** því að mikla hlutina fyrir mér. Það er miklu betra að hugsa í lausnum. Með hausnum.

5 **Karlmenn eru…** rétt rúmlega helmingur mannkyns.

6 **Ég hef lært að maður á alls ekki að…** láta mótlæti hafa áhrif á sig, það er bara hressandi að synda á móti straumnum.

7 **Ég fæ samviskubit þegar…** ég vinn of mikið og næ ekki að sinna fjölskyldunni nóg.

8 **Ég slekk á sjónvarpinu þegar…** fótboltinn byrjar.

9 **Um þessar mundir er ég mjög upptekin af…** undirbúningi fyrir Reykjavík Fashion Festival sem verður haldið í Hörpu 29. mars nk. Miðasala er í fullum gangi á midi.is og harpa.is.

10 **Ég vildi óska þess að fleiri vissu af…** grósku sem er í gangi í skapandi greinum á Íslandi.





# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST

## Þú getur unnið draumavinning að verðmæti 2.000.000 kr*



*100.000 danskar krónur

**1. Safnaðu punktum:**

Kauptu Libresse dömubindi, þú finnur kóða með því að skafa miðann á pakkanum. Skráðu þig á **www.libresse.dk** og um leið ertu orðin þátttakandi og hefur unnið þér inn 50.000 punkta.
Þú getur einnig halað niður Libresse leiknum í símann þinn eða tölvuna og nælt þér í viðbótarpunkta.

**2. Hver er þinn draumavinningur?**

Skrifaðu um þína villtustu drauma, hvað þú vilt í vinning? Langar þig til dæmis að eignast 100 pör af rauðum skóm eða fara í reiðtúr á strút um svörtustu Afríku?
Farðu á Libresse síðuna og skrifaðu magnaða lýsingu (á ensku eða dönsku) á því hvað þú vilt vinna og afhverju!

**3. Láttu velja þig**

50 þátttakendur með flesta punkta á hverju svæði* komast í úrslit.
Dómnefnd velur síðan vinningshafa eftir skrifum þeirra um villtustu draumana.
*Ísland, Danmörk, Færeyjar og Grænland sama svæðið

**Vinningar**

1. 100.000 DK til að uppfylla drauminn þinn
2. Gjafabréf að upphæð 10.000 DK frá gavekortet.dk

3.-5. Gjafabréf að upphæð 2.000 DK frá gavekortet.dk






Allar nánari upplýsingar á ojk.is

**facebook**



### Travis Eliot

**https://www.facebook.com/pages/Travis-Eliot/84166116197**

Hann er ekki bara í hörkuformi og predikar kærleik og innri ró. Travis Eliot er jógakennari sem er orðinn áberandi vestan hafs. Facebook-síða hans fær þig til þess að vilja gera betur í dag en í gær og byrja að lifa heilsusamlegra lífi. Reglulega birtir hann myndbönd af jógaæfingum en fyrir stuttu hvatti hann aðdáendur sína til að fara að huga að því að komast í form fyrir sumarið með hörðum æfingum fyrir magasvæðið.

**Pinterest**



**Pinterest.com/fosshotel/honnunar-herbergid-2014**

Fylgstu með útskrifuðum hönnuðum úr Listaháskólanum sem munu á næstu vikum etja kappi í hönnunarsamkeppni þar sem þeir umbreyta hótelherbergjum á Fosshóteli Lind í Reykjavík. Fjögur tveggja manna lið vinna að endurhönnum á fjórum herbergjum. Fyrir áhugasama er hægt að fylgjast með ferlinu á Pinterest-síðu verkefnisins.

**Instagram**





### EOnline

**Instagram,com/eonline**

Fáðu nýjasta slúðrið frá Hollywood beint í æð með því að fylgjast með slúðurmiðlinum E! á Instagram. Þau eru mjög virk á Instagram og bakvið-tjöldin myndir frá viðtölum, rauða dreglinum og af stjörnunum birtast á hverjum degi. Skemmtileg afþreying í dagsins önn.

## BLOGGARINN VINKONUR MEÐ FLOTTAN FATASTÍL

**Elle Ferguson og Tash Sefton**

### Theyallhateus.com

Áströlsku vinkonurnar Elle Ferguson og Tash Sefton deila ástríðu fyrir tísku og lífsstíl og ákváðu að stofna blogg eftir að hafa eytt miklum tíma í að fylla tölvupósthólf hvor annarrar af myndum til innblásturs. Báðar eru þær með puttana á púlsinum hvað varðar tísku og nota bloggið til að miðla þeim áhuga til lesenda. Skemmtilegt blogg sem er stútfullt af myndum af smart fatnaði og öðru fögru fyrir augað.









# nótan

Uppskeruhátíð tónlistarskóla



## LOKAHÁTÍÐ NÓTUNNAR 2014

### Eldborg í Hörpu, sunnudaginn 23. mars

Kl. 11:30 Tónleikar I grunn- og miðnámsatriði
Kl. 14:00 Tónleikar II opinn flokkur og framhaldsnámsatriði
Kl. 16:30 Lokaathöfn - afhending viðurkenninga / tíu handhafar Nótunnar flytja sín verk

### Allir velkomnir – aðgangur ókeypis

Tónlistarnemendur bjóða upp á lifandi tónlist í opnu rými Hörpu á milli viðburða

TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilaborg.is**
**Sími 517-1111**



YAMAHA JET 1800 bátur árgerð 2003, ný uppgerðið báðir mótorar, 310hö, kerra fylgir. Bein sala, skipti dýrari eða ódýrari YAMAHA Jet 1800. Árgerð 2003, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.133798. Er á staðnum.



VW Touareg v8. Árgerð 2004, ekinn 81 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. ásett verð 2490 þús tilboð 1990 þús Rnr.124432. Er á staðnum.



VICTORY Vegas 8-ball v06ab26ca. Árgerð 2006, ekinn 2 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.490.000. Rnr.132798. ath ýmis skipti. Er á staðnum



MAZDA 6 s/d advance. Árgerð 9/ 2008, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.125222.Er á staðnum



M.BENZ A diesel. Árgerð 2004, ekinn 102 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 1490 tilboðsverð 1290 þús Rnr.116863. Er á staðnum



FORD F350 crew 4x4 44" 38". Árgerð 2005, ekinn 144 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.125267. Er á staðnum.



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgerð 12/ 2003, ekinn 260 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.125170. Er á staðnum

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**Bílalíf**



RENAULT Megane scenic 7 sæta. Árgerð 2006, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 790.000. Rnr.351396.



HONDA Stream 2,0i vtec. Árgerð 2003, ekinn 147 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. tilboðsverð 790.000. Rnr.351247.



CITROEN Berlingo sendibíll. Árgerð 2004, ekinn 123 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboðsverð 580.000. Rnr.104327.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**TOYOTA**
**Toyota Kletthálsi**
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Aygo h/b. Árgerð 2006, ekinn 113 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 850.000. Rnr.181639.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

**PLANIÐ**
517 0000



M.BENZ 1417k götusópur. Árgerð 1992, ekinn 255 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.900.000.+ VSK Rnr.300489.



M.BENZ Sprinter 313 cdi. Árgerð 2006, ekinn 161 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.200.000. M/VSK Rnr.300479. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið virka daga mán - fös 10-18**
**www.planid.is**

**ÍSBAND.IS**
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER SOFA BED**
ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 4 stk í boði, Verð 2.690.000kr og 2 stk M/Geymslukassa 2.890.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

**SUZUKI**



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**WWW.SUZUKI.IS**

**KTM ÍSLAND**



KTM 690 EXC R 2014, Frábært ferðahjól, aðeins 137 kg. 70hp. 6 gíra. ABS bremsur. Afgreiðslutími 4 vikur. Verð: 1.949.900,-

**KTM Ísland ehf.**
**Rofabæ 7, 110 Reykjavík**
**Sími: 586-2800**
**www.ktm.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Skoda Octavia 1.9 Dísel 4x4 Árgerð 2008, ekinn 144þ.km. Ný tímareim, nýskoðaður. Bíll í góðu standi. Verð 2.390.000kr. Raðnúmer 133853. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



SUBARU Legacy. Árgerð 2007, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.950.000. Rnr.160972.



MERCEDES BENZ E 250 cdi 4matic. Árgerð 2013, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.490.000. Rnr.111079.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 30 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.990645. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**VAKA**



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Hyundai i20 Classic Dísel - Nýr bíll 2014 módel. Tökum upp í gamla bílinn þinn! Frábært verð aðeins 2.390.000kr. Raðnúmer 133919. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**hjól.is**
bestir í hjólum...



**GLEÐI FÁKUR**
TRIUMPH Bonneville america. Árgerð 2006, ekinn 9 Þ.KM Glæsilegt hjól visalán í boði besta verðið 1.290.000. Rnr.201425.sími 8965464



**2010 MODEL BESTA VERÐIÐ**
KAWASAKI Ninja zx-6r. Árgerð 2010, ekinn 16 Þ.KM Besta Verð 990.000. Rnr.124444. visalán í boði sími 8965464



**HARLEY Á BESTA VERÐINU**
KAWASAKI Ninja zx-6r. Árgerð 2010, ekinn 16 Þ.KM Besta Verð 990.000. Rnr.124444. visalán í boði sími 8965464



**GETUM SELT HJÓLIÐ ÞITT**
Áttu götuhjól fjórhjól hippa bobber racer cruser kíktu með það og við seljum það fljótt og vel núna er er tíminn eða sláðu á okkur og skráðu það hjól.is malarhöfða 5774565

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

## Bílar til sölu

**Seldur.is**

**VILTU SELJA BÍLINN**
Kaupum allar gerðir af lítið keyrðum bílum árgerð 2007 og yngri. Til dæmis Land Rover Discovery, Toyota Land Crusier, Audi Q7 og Mercedes Benz ofl. Við staðgreiðum bílinn þinn. Sendu okkur uppl. í gegnum www.seldur.is



**CITROEN C4 COMFORT.**
Árg. 2006, 2000 vél, ek. 107þús, sjálfsk, hlaðinn aukabúnaði. Kostar 990.000.- engin skipti. Talið við Brimborg, notaða bíla - 5157000

**bílaland**
**- NOTAÐIR BÍLAR -**
**www.bilaland.is**



NISSAN Terrano II SE. Nýskr. 10/99, ekinn 166 Þ.KM, bensín, 5 gírar, einn eigandi, smurbók. **Verð 690.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.141987.



RENAULT Megane Scenic. Nýskr. 07/09, ekinn 88 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.790.000.** Rnr.281164.



VW Polo Comfortline. Nýskr. 10/06, ekinn 87 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 990.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.191353.



NISSAN Qashqai SE. Nýskr. 12/07, ekinn 133 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.290.000.** Rnr.131033.



LAND ROVER Discovery 3 S G4. Nýskr. 10/07, ekinn 104 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.490.000.** Rnr.191354.



HYUNDAI Getz GLS. Nýskr. 04/05, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 850.000.** 100% VISA/EURO lán mögulegt. Rnr.130992.



BMW 320i. Nýskr. 10/05, ekinn aðeins 58 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.990.000.** Rnr.191352.

Kletthálsi 11
**525 8000**
www.bilaland.is

## til sölu

**Til sölu Húsbíll Fiat Benimar Perseo 680**



**Árg. '06 ek. 21 þús 2,8 vél disel beinsk. Sko '15, skráður fyrir 4, dráttarbeysli, hjóla-grind, bakkmyndavél ofl. Einn eigandi.**
**Verð 7,5 millj.**

**Upplýsingar í síma. 868 2352 Sævar**

## Húsaviðhald

Vélslipun & flotun ehf.
Múrverk og flísalagnir
Sími 891 9193

BORTÆKNI
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
NIÐURRIF
S: 892 7544
bortaekni@bortaekni.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- pípulagnir
- þakviðgerðir
- raflagnir
- málningarvinnu
- flísalagnir
- trésmíðavinnu
- jarðvinna
- gluggaskipti
- hellulagnir
- glerskipti
- álklæðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

Tek að ýmis smærri verkefni. Uppl.8478704,manninn@hotmail.com

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í Tarot og bolla tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaðor. Kristín s. 8979002

**SPÁSÍMI 908-6116**

Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Viðgerðir



CASA-RAF

**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**

Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## Önnur þjónusta

**FATABREYTINGAR**

**ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI**

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

**Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26**

**Sími 861 4380.**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

Skúfhólkar óskast
Kaupum gamla skúfhólka.
Fríða frænka
gsm. 8642223

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Bílskúr sirka 30 ferm innréttaður sem einstaklingsíbúð (stórt herbergi og baðhergi) í Garðabæ , ath ekkert eldhús. Leiga er 65 þús + 1 man trygging. Frekari uppl fást hja gylfi@players.is

## Húsnæði til sölu

**OPIÐ HÚS, SMYRLAHEIÐI 5, HVERAGERÐI**

Núna um helgina 22-23 mars, milli kl. 16-17:30. Búseturéttur 3.750 þús, eða tilboð. Glæsileg íbúð. Gott aðgengi. Uppl. í s. 691 8961

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÚSVÖRÐUR ÓSKAST TIL STARFA STRAX.**

Starfið felst í umsjón og viðhaldi á fasteignum í rekstri Leiguherbergja ehf á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að vera handlaginn, útsjónarsamur, skipulagður, heiðarlegur og reglusamur. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu af svipuðu starfi.

**Umsóknir á leiga@leiguherbergi.is**

**Umsóknafrestur til 26 mars.**

**KAFFIVAGNINN GRANDAGARÐI 10 101 RVK AUGLÝSIR TVÆR LAUSAR STÖÐUR.**

Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu í sal. Vinnutími tvískiptar dagvaktir. Eins eru tvær lausar stöður um helgar ,eingöngu Íslensku mælandi koma til greina. Aldur 25 ára og eldri. Umsóknarfrestur er til 26 mars 2014, miðað er við að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánari samkomulagi.

**Umsóknir sendist á taktur70@gmail.com**

**WWW.HORGSLAND.IS**

Suðurland: Starfsmann vantar við þrif, einnig vantar laghentann mann við smíðar og fleiri störf. Uppl. í s. 894 9249

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**RÉTTÓ ,55**

Minnum á hitting í Víkinni laugardaginn 22. mars klukkan 20. -Undirbúningsnefndin

## Einkamál

Karlmenn, nú eru margar nýjar auglýsingar frá konum sem leita mjög ákaft að tilbreytingu. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920.

Kona nálægt sextugu leitar náinna kynna. Rauða Torgið, 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8875.

## tilkynningar

ALÞINGI

### Frá utanríkismálanefnd Alþingis

Utanríkismálanefnd Alþingis gefur þeim sem þess óska kost á að senda skriflegar athugasemdir við eftirtaldar þingsályktunartillögur sem nefndin hefur nú til umfjöllunar:

- um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki.
- um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið.
- um formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslu um viðræðurnar.

Nefndin veitir viðtöku umsögnum og erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum á netfangið erindi@althingi.is. Umsagnir og erindi þurfa að berast nefndinni á rafrænu formi **fyrir 8. apríl nk.** Ekki er hægt að tryggja úrvinnslu umsagna sem berast eftir þann tíma.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Tillögurnar er að finna á vefslóðunum:
http://www.althingi.is/altext/143/s/0635.html,
http://www.althingi.is/altext/143/s/0641.html og
http://www.althingi.is/altext/143/s/0656.html.

**Utanríkismálanefnd Alþingis**

## skemmtanir






# Wilson's PIZZA

## ÞAÐ ER 40% AFSLÁTTUR AF STÓRUM PIZZUM AF MATSEÐLI UM HELGINA



### Stór Rambó
Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2950~~

**1794** kr.



### Stór Hawaiian
Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2450~~

**1494** kr.



### Stór Double pepp
Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litið)

~~2750~~

**1674** kr.



PANTAÐU Á NETINU

**581 15 15 wilsons.is**

Ánanaustum Gnoðavogi 44 Eddufelli 6 Vesturlandsvegi




| KL. 19:45

**Hlustendaverðlaunin**

Bein útsending frá glæsilegum Hlustendaverðlaunum Bylgjunnar, FM957 og X-ins 977 í Háskólabíói.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

| KL. 19:20

**The Simpsons**

Bráðfyndin teiknimynda-sería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.



| KL. 21:40

**Arbitrage**

Dramatísk spennumynd með Richard Gere og Susan Sarandon í aðalhlutverkum.



BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00

**A Good Day To Die Hard**

Spennumynd með Bruce Willis í aðalhlutverki.



| KL. 18:40

**Cougar Town**

Frábærir gamanþættir með Courtney Cox í aðalhlutverki.



| KL. 20:35

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 3 | | | | |
| 3 | | 7 | 2 | 6 | 9 | | 8 | |
| | 1 | | | | | | 3 | 6 |
| | | | 6 | | 4 | | 9 | |
| 2 | | 8 | | 7 | | | 1 | |
| | 3 | 9 | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 9 | | 8 | | | | | 4 |
| | | 5 | 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | |
| | | | 7 | | 5 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 6 | 3 | | 4 | | 2 |
| | | 2 | 8 | | | | 6 | |
| | | | 5 | | | | | 1 |
| 6 | | | | | | | | 9 |
| | 9 | | 1 | 2 | 3 | 8 | | |
| | 3 | | 4 | | | | 7 | |
| 1 | | 6 | | | 5 | 3 | | 8 |
| | | | | 1 | | | 9 | |
| 3 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 2 | 7 | | | | 1 | | |
| | | | | | 6 | | 2 | |
| | | 3 | | 9 | 4 | 8 | | |
| 6 | | | | 8 | | 4 | | 3 |
| | 9 | | | 5 | | | | |
| | | 5 | | | 3 | | | |
| | 6 | | | | | | 4 | 1 |
| | | | | | | 6 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 4 | 8 | 1 | 7 | 6 | 3 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 | 1 | 2 |
| 3 | 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 7 |
| 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 6 | 4 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 4 | 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 8 | 3 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 |
| 5 | 3 | 2 | 4 | 6 | 9 | 1 | 7 | 8 |
| 6 | 9 | 7 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 7 | 9 | 4 | 2 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 9 | 4 |
| 2 | 3 | 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 |
| 9 | 5 | 3 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 8 |
| 4 | 6 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 2 |
| 3 | 6 | 9 | 1 | 7 | 2 | 5 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 8 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 1 | 8 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 5 | 3 | 7 | 6 | 4 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 3 | 6 | 4 | 2 | 1 | 9 | 8 | 7 |
| 2 | 1 | 8 | 6 | 9 | 7 | 4 | 3 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég stunda ekki líkamsrækt. Ef Guð hefði viljað að ég beygði mig hefði hann sett demanta á gólfið.“**

*– Joan Rivers*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**

**2.** létu, **6.** munni, **8.** krá, **9.** sæti, **11.** tveir eins, **12.** skokk, **14.** brestir, **16.** holskrúfa, **17.** blundur, **18.** námstímabil, **20.** Skóli, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**

**1.** andlegt áfall, **3.** í röð, **4.** vörurými, **5.** dýrahljóð, **7.** einstaklingur, **10.** málmur, **13.** poka, **15.** slabb, **16.** ástæður, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** op, **8.** bar, **9.** set, **11.** rr, **12.** trimm, **14.** snark, **16.** rö, **17.** lúr, **18.** önn, **20.** ma, **21.** karl. **LÓÐRÉTT: 1.** lost, **3.** áb, **4.** farmrúm, **5.** urr, **7.** persóna, **10.** tin, **13.** mal, **15.** krap, **16.** rök, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Björgvin Kristbergsson (1175) sýndi frábæra tilburði gegn Grími Grímssyni (1811) í fyrstu umferð Skákmóts öðlinga í fyrradag.**

**Svartur á leik**



**18...Hf5! 19. f3??** (Best var að gefa mann með 19. Bxg4) **19...g3!** Grímur gafst upp enda óverjandi mát eftir 20. Hfd1 Dh2+ 21. Kf1 Dh1#. Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir (1736) átti einnig mjög góð úrslit en hún vann Þorvarð F. Ólafsson (2254).

**www.skak.is** Anand er efstur á áskorendamótinu.


SAMSTÖÐUFUNDUR 4
Fjölmennum á Austurvöll kl. 15-16
laugardaginn 22. mars
Spurningin um aðild að Evrópusambandinu er stærri og mikilvægari en svo að einstakir stjórnmálaflokkar eða ríkisstjórnir eigi að ráða svarinu.
Alþingi ber að sýna þjóðinni þá virðingu að leggja framhald aðildarviðræðna Íslands og Evrópusambandsins í dóm allra Íslendinga.
Þess vegna er hafin undirskriftasöfnun á vefnum Þjóð.is þar sem skorað er á Alþingi að leita þjóðarviljans.
Alþingismenn starfa í umboði okkar. Látum þá vita hvað við viljum og skrifum undir.
www.þjóð.is
JÁ, ÉG VIL KJÓSA!

# Það má alveg hlæja þótt það sé drama

Nýtt íslenskt verk, Ferjan, eftir Kristínu Marju Baldursdóttur, verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Bæði drama og gamanleikur, segir Birgitta Birgisdóttir, ein fimm leikkvenna í verkinu.

„Þetta er ótrúlega áhugavert verk,“ segir Birgitta Birgisdóttir, ein leikaranna í nýju verki Kristínar Marju Baldursdóttur sem Borgarleikhúsið frumsýnir í kvöld. „Þetta er fyrsta leikrit Kristínar Marju og dálítið ólíkt því sem hún hefur skrifað áður. Það eru mikil forréttindi að fá að takast á við nýtt íslenskt verk og við höfum þurft að vinna með ýmislegt sem ekki kemur til álita í verkum sem oft hafa verið sett upp áður. Þetta hefur verið mjög skemmtileg vinna en rosalega krefjandi.“

Spurð hvort þetta sé gamanleikur eða drama dregur Birgitta við sig svarið en kemst svo að þeirri niðurstöðu að þetta sé hvort tveggja. „Við höfum reyndar fundið svolítið fyrir því að fólk viti ekki alveg hvort það megi hlæja, en þetta er mjög fyndið, bara eins og lífið er ef maður horfir þannig á það. Það sem kannski sjokkerar er hversu ofbeldisfullar konurnar eru hver við aðra, við viljum oft halda að konur beiti ekki ofbeldi, en við gerum það og það má alveg segja frá því.“

Verkið fjallar um fimm íslenskar konur og þrjá karla sem stödd eru erlendis og neyðast til að sigla saman heim til Íslands á ryðguðum dalli. Leikstjóri er Kristín Eysteinsdóttir, nýskipaður leikhússtjóri Borgarleikhússins. Vytautas Narbutas hannar leikmynd, Stefanía Adolfsdóttir búninga, Þórður Orri Pétursson lýsingu. Hallur Ingólfsson semur tónlist fyrir verkið. - fsb



**OFBELDI KVENNA** Birgitta Birgisdóttir tekur Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur í karphúsið um borð í Ferjunni. MYND: GRÍMUR BJARNASON





Styrktaraðilar Meistaradeildarinnar

Færir þér útsendinguna

Hestaveisla í vetur
Fylgstu með á Stöð 2 Sport

Flottustu fákar og bestu knapar landsins verða á Stöð 2 Sport í vetur. Við sýnum beint frá Meistaradeildinni í hestaíþróttum og verðum með samantektarþætti í umsjón Telmu Tómasson eftir hvert mót. Við gerum einnig Meistaradeild Norðurlands, KS-deildinni og öðrum mótum góð skil. Ekki missa af sannkallaðri hestaveislu!

Dagskrá Meistaradeildar í hestaíþróttum

| | | |
|---|---|---|
| 22. mars | Skeiðgreinar úti | BEINT |
| 27. mars | Samantekt og spjall | |
| 4. apríl | Slaktaumatölt, lokahátíð | BEINT |
| 10. apríl | Samantekt og spjall | |

Aðrir hestaþættir

| | | |
|---|---|---|
| 27. mars | KS-deildin | Fimmgangur |
| 10. apríl | KS-deildin | Tölt |
| 17. apríl | KS-deildin | Lokakeppni |

Fáðu þér áskrift! 365.IS




**TVENN VERÐLAUN** Mynd ársins og portrettmynd ársins. MYND: PÁLL STEFÁNSSON

## Síðasta sýningarhelgi

Sýningunni Myndir ársins 2013 í Gerðarsafni lýkur á sunnudaginn. Á sýningunni eru bestu myndir félaga í Blaðaljósmyndarafélagi Íslands frá árinu 2013, ásamt bestu myndskeiðum fréttatökumanna. Um 1.000 myndir voru sendar inn í myndasamkeppni BLÍ en sex manna dómnefnd valdi þær 160 myndir sem prýða sýninguna. Dómnefnd valdi einnig þær myndir sem þóttu skara fram úr í hverjum flokki auk þess að velja mynd ársins.



**ELEKTRA ENSEMBLE** Glaðværir flautukvartettar og klarínettukvintett eru á efnisskránni.

## Kammerverk

Elektra Ensemble flytur kammerverk fyrir flautu, klarínett og strengi á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn klukkan 20. Yfirskrift tónleikanna er Heiðríkja og haustvindar. Þar mæta bjartir og glaðværir flautukvartettar og kvintettar Haydns og Boccherinis hinum margrómaða klarínettukvintett Brahms þar sem hauststemning ræður ríkjum. Verkið hefur notið mikillar hylli og var samið undir lok ævi tónskáldsins. - gun

## Diddú og Guðrún Gísla gestir Jónasar

Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona og Guðrún Gísladóttir leikkona verða gestir Jónasar Ingimundarsonar píanóleikara á sunnudaginn í Salnum klukkan 20. Þau halda fimmtu tónleikana í röðinni Við slaghörpuna í hálfa öld og eru þeir lokahnykkurinn á hinni rausnarlegu afmælishátíð Jónasar. Diddú syngur, Guðrún flytur íslensku ljóðin og þýðingar Reynis Axelssonar á erlendu ljóðunum. Sjálfur situr Jónas við slaghörpuna.

Fyrri tónleikar raðarinnar hafa verið í hádeginu en þessir eru ívið lengri og verða því að kvöldi til, eða klukkan 20. - gun



**SÖNGKONAN** Samstarf Diddúar og Jónasar hefur varað í fjölda ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Briem spilar með Bonham

## Heiðurstónleikar Led Zeppelin fara fram í kvöld í Hörpu. Einvalalið listamanna sér um að flytja tónlist sveitarinnar. Briem og Bonham ætla að tromma saman.

„Bonham verður með okkur á sviðinu, nema honum verður varpað á tjald og við ætlum að djamma saman í laginu Moby Dick,“ segir Gunnlaugur Briem trommuleikari sem kemur fram ásamt einvalaliði á heiðurstónleikum Led Zeppelin í Eldborgarsalnum í Hörpu í kvöld.

Hljómsveitin sem ætlar að leika lög Led Zeppelin er skipuð, ásamt Gulla Briem, þeim Þóri Úlfarssyni, Kristjáni Grétarssyni, Eyþóri Úlfari Þórissyni, Inga Birni Ingasyni en söngvarar kvöldsins eru þeir Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Stefán Jakobsson og Dagur Sigurðsson. Sérstakir gestir eru þeir Birgir Haraldsson söngvari og Sigurgeir Sigmundsson, gítarleikari úr Gildrunni.

„Þetta er rokk og ról með klassísku ívafi því með okkur verður strengjasveit,“ bætir Gulli við.

Led Zeppelin er af mörgum talin ein áhrifamesta rokkhljómsveit allra tíma. Hún er meðal mest seldu listamanna heimsins og hefur selt um 300 milljón plötur á heimsvísu. „Þetta er krefjandi tónlist og við höfum æft stíft að undanförnu,“ segir Gulli spurður út í undirbúninginn.

Á þessum tónleikum verða spiluð bestu lög þessarar frábæru hljómsveitar. Uppselt er á fyrri tónleikana klukkan 20.00 en þó eru enn til örfáir miðar á aukatónleikana sem hefjast klukkan 23.00. Miðasala fer fram á miði.is. - glp




**KLÁRIR Í SLAGINN** F.v. Kristján Grétarsson, Eiríkur Hauksson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Stefán Jakobsson og Dagur Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 21. MARS 2014**

### Leiklist

**20.00** Leikritið Ferjan verður frumsýnt á Litli sviði Borgarleikhússins í kvöld. Höfundur er Kristín Marja Baldursdóttir og leikstjórn er í höndum Kristínar Eysteinsdóttur.

### Fundir

**08.30** Fróðlegur fundur með Barböru Stewart, fjármálasérfræðingi og sjóðsstjóra hjá Cumberland Private Wealth Management í Toronto, Kanada. Barbara flytur erindi um nýjustu rannsókn sína Rich Thinking: How Smart Women Invest en þar skoðar hún m.a. hvernig konur nálgast fjárfestingar, hvernig þær byrja og í hverju þær fjárfesta helst. Í pallborði verða: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður FKA, Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland, og Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kjölfestu. Fundarstjóri er Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri hjá VÍB. Opnunarerindi flytur Kristín Jóhannsdóttir, samskiptastjóri hjá NASDAQ OMX Iceland.

### Sýningar

**19.30** Margrómuð verðlaunaleiksýning sem hefur farið sigurför um allan heim. Byggð á hinum frábæru sjónvarpsþáttum Fawlty Towers. Þú kemur í mat í leikhússal í Iðnó og færð frábæran þriggja rétta málsverð ásamt því að kitla hláturtaugarnar allsvakalega, því á meðan á borðhaldi stendur mun hinn stórskrýtni Basil, ásamt konu sinni Sybil og þjóninum frá Barcelona, Manuel, þjóna gestum á sinn einstaka hátt. Sýningin fer fram í Iðnó.

### Tónlist

**12.00** Lögin með Öddu Örnólfs verða flutt á hádegistónleikum í Háteigskirkju í dag. Dagskráin er byggð á dægurlögum sem voru vinsæl um miðbik síðustu aldar og eru enn í dag. Þau lög voru gefin út á plötum í flutningi Arnbjargar Örnólfsdóttur og einnig Ólafs Briem. Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og taka um hálfa klukkustund. Aðgangseyrir er 1.000 kr.

**20.00** Berta Dröfn Ómarsdóttir sópran og Sigurður Helgi Oddsson píanóleikari verða með tónleika til heiðurs hafinu í Grindavíkurkirkju í kvöld klukkan 20.00. Flutt verða íslensk sönglög sem fjalla um hafið, m.a. eftir Jón Ásgeirsson, Pál Ísólfsson og Oddgeir Kristjánsson. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**22.00** Magni Ásgeirsson og félagar í Killer Queen koma enn og aftur og taka fyrir öll bestu lög Queen og þar er af nógu að taka: Somebody to love, We will rock you, Love of my life,Under pressure, Radio Gaga, I want to break free, One vision, We are the champions o.fl., o.fl. Tónleikarnir fara fram á Græna hattinum og hefjast klukkan 22.00.

**23.00** Ingvar Grétarsson og félagar skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, föstudaginn 21. mars kl. 23.00. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**12.30** Myndlistarmaðurinn og prófessorinn Mariella Mosler heldur fyrirlestur um verk sín og vinnuaðferðir í dag klukkan 12.30 í húsnæði myndlistardeildar Listaháskólans að Laugarnesvegi 91. Allir velkomnir.

**20.00** Lárus Ýmir Óskarsson kvikmyndagerðarmaður heldur fyrirlestur sem nefnist: Spiral Dynamics, í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





# FERSKASTI NAMMIBARINN

FERSKT með FLUGI

ávöxtur mánaðarins



TILBOÐ
289kr/pk
verð áður 499

**Jarðarber**
250 gr.



**Ananas**

KOMIÐ Í VERSLANIR



**Ferskt Turmeric**



TILBOÐ
499kr/kg
verð áður 999

**Young Coconut**

NÝTT Í HAGKAUP



449kr/pk

**Forest Feast**
Þurrkaðir ávextir í hnausþykku súkkulaði.



NÝBAKAÐ

TILBOÐ
199kr/pk
verð áður 319

**Baguette 400g**
Vissir þú að í Hagkaup færðu
9 mismunandi tegundir af baguette?

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa



**McCain franskar**

KYNNINGAR

**Garðabær**
Föstud. 21. mars kl 15:00 - 19:00
Laugard. 22. mars kl 13:00-17:00

**Kringlan**
Föstud.21. mars kl 15:00 - 19:00
Laugard. 22. mars kl 13:00-17:00

TILBOÐ
10%
afsláttur á kassa



Kaffið er dökkristað. Það hefur ríkulegt, skarpt og líflegt bragð með góðu jafnvægi. Ríkjandi súkkulaðikeimur með ávæningi af ristuðu brauði og karamellu.

**Illy kaffi**
Dark Roast malað og Illy Espresso baunir.

NÝTT Í HAGKAUP

TILBOÐ
20%
afsláttur á kassa



**Tilda hrísgrjón**
Aðeins 2 mín. í örbylgjuofni
og hrísgrjónin eru tilbúin.

DALOON

599kr/pk



**Daloon Rúllur**
Máltíð tilbúin á 17 mín.

Gildir til 23. mars á meðan birgðir endast.

zevia
KALORÍULAUST GOS

**ENGIN GERVISÆTA**

**KALORÍULAUST GOS**

**MEÐ STEVÍU**



199kr/stk



# HAFÐU ÞAÐ GOTT

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-LUNDIR
2.249 kr/kg
Verð áður 2.998



LÆRI MEÐ LEGG MANGÓ OG LIME
849 kr/kg
verð áður 1.099



GRÍSAKÓTILETTUR BEINT FRÁ BÓNDA
1.199 kr/kg
verð áður 1.849



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

CAJ P. FOLALDAVÖÐVI
1.799 kr/kg
verð áður 2.398

SKÓGARBERJA EÐA MAROKKÓ KRYDDLEGIÐ



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI
2.099 kr/kg
verð áður 2.999



TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

ÚRBEINUÐ KALKÚNALÆRI
1.679 kr/kg
verð áður 2.399



## SNOWDONIAN CHEDDAR OG EPLA CHUTNEY

SMAKKAÐU ÞÁ ALLA!

MARGVERÐLAUNAÐIR CHEDDAR OSTAR FRÁ WALES.



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# LÍFIÐ

## 5 greiðslur til að prófa með vorinu



Toppur með sveip
SUKI WATERHOUSE



Klassísk „bob“-greiðsla
KRISTEN WIIG



Klassísk „bob“-greiðsla
KRISTEN WIIG



Úfin millisídd
KATE MARA



Sítt hár með styttum
BELLA THORNE

### TÍST VIKUNNAR



**Áslaug Sigurbjörns**
@aslaugarna

Mig langar í samstöðusleik með ungum jafnaðarmönnum til að mótmæla misrétti í Rússlandi. Veit bara ekki við hvern ...



**Sóli Hólm**
@SoliHolm

Miðað við frammistöðuna í kvöld á Valencia að spila með lepp. Hann skilur leikinn betur með einu auga.

# Frí gisting gegn spjalli

**Á Töfrastöðum er stunduð svokölluð vistrækt og hugsað í lausnum. Lífrænt kjúklingafóður og upptökustúdíó eru einnig á verkefnalista býlisins þar sem einnig verða námskeið um vistrækt á boðstólum.**

„Ég var orðinn leiður á vandamálum samfélagsins og vildi gera eitthvað í því sjálfur,“ segir Mörður Gunnarsson Ottesen, sveitabæjarstjóri Töfrastaða.

Töfrastaðir eru á Selfossi en þar er að finna þróunarmiðstöð lífræns landbúnaðar. Verkefnið er hugarfóstur Marðar og eru markmið þess meðal annars að stunda vistrækt, vinna að sjálfbærni og finna lausnir fyrir íslenskt samfélag.

„Lausnir á Íslandi miðast oft út frá peningum en ekki út frá hagsmunum samfélagsins,“ segir Mörður. Eitt verkefna Töfrastaða er að bjóða fólki ókeypis gistingu á sveitabænum í þrjár nætur gegn þátttöku í verkefnum bæjarins á meðan á dvölinni stendur.

„Nú eða ef gestir vilja taka þátt í uppbyggilegum samræðum.“

Á Töfrastöðum er unnið að því að búa til lífrænt kjúklingafóður en níu kjúklingar eru á býlinu. Einnig er á dagskránni að útbúa upptökustúdíó í einu útihúsanna sem verður aðgengilegt fyrir tónlistarmenn. Mörður stefnir að því að halda námskeið á Töfrastöðum fyrir fólk sem vill fræðast um vistrækt og sjálfbærni. „Fyrsta námskeiðið er í júní og er fólki velkomið að hafa samband hafi það áhuga.“

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um starfsemi Töfrastaða á heimasíðunni tofrar.com. baldvin@365.is

**Lausnir á Íslandi miðast oft út frá peningum en ekki út frá hagsmunum samfélagsins.**



**TÖFRAR Á TÖFRASTÖÐUM** Mörður Gunnarsson Ottesen býr á Töfrastöðum þar sem markmiðið er að stunda vistrækt og finna lausnir fyrir samfélagið.


HUMARTILBOÐ

HUMARHALAR Stærð 30/40 2.600 kr.kg

HUMARSÚPA 1.490 líter
- að hætti Fiskikóngsins



SKELFLETTUR HUMAR 4.900 kr.kg
-tilvalinn í súpuna



FISKIKÓNGURINN
SOGAVEGI 3
SÍMI 587 7755

FISKIKÓNGURINN
HÖFÐABAKKA 1
- við Gullinbrú
SÍMI 555 2800

OPIÐ LAUGARDAG 10-15

www.fiskikongurinn.is

Finndu Fiskikónginn á f

# Leitar að náttúrulegri fegurð íslenskra kvenna

Þýski ljósmyndarinn Mirko Kraeft sem staddur hér á landi leitar að náttúrulegri fegurð í samanburði við íslenskt landslag.

„Það hafa mjög margar stelpur haft samband við mig eftir að viðtalið við mig birtist í Fréttablaðinu um daginn,“ segir þýski ljósmyndarinn Mirko Kraeft, sem er hér á landi til þess að mynda lokaverkefni sitt við Berliner Technische Kunsthochschul. Hann auglýsti eftir íslenskum konum sem væru til í að sitja fyrir naktar í lokaverkefni hans.

„Ég hef verið að aðstoða hann allan þann tíma sem hann hefur verið hér á landi og höfum við þurft að segja oftar nei en já við þær stelpur sem hafa sóst eftir því að sitja fyrir hjá honum vegna þess að hann er að leita að þessari náttúrulegu íslenskri fegurð og er hann með mjög ákveðna hugmynd í huga. Hann er mjög fágaður í sinni vinnu“ segir Anna Kristín Arnardóttir sem er nemi í Ljósmyndaskólanum og aðstoðarkona þýska ljósmyndarans Mirko Kraeft.

Mirko er með ákveðnir hugmyndir fyrir verkefnið sitt og sækist ekki eftir því að mynda hvaða konu sem er, til að mynda hafa ákveðnar stúlkur sem sótt hafa um að sitja fyrir hjá honum ekki hentað því sumar hafa verið með of alþjóðlegt útlit, aðrar of kynþokkafullar og enn fleiri of venjulegar.

„Helstu vandræðin eru hversu margar stelpur eru feimnar, þær eru oft hræddar um að myndirnar fari fyrir allra augu. Ég mun gera skriflegan samning við þær þar sem samið er um birtingu myndanna,“ segir Mirko.

Hann segir ferlið ekki vera þannig að hann hitti stelpu, biðji hana um að fara úr fötunum og taki svo myndir, heldur að þetta sé mun lengra og flóknara ferli. „Ég fer hægt og rólega í þetta með stelpurnar. Ég hitti þær fyrst og þá ræðum við myndatökuna, við búum til gott og þægilegt andrúmsloft. Þetta á frekar að vera skemmtilegt heldur en alvarlegt og frábært tækifæri fyrir stelpurnar að sjá sig frá öðru sjónarhorni.“


MYND/MIRKO KRAEFT


MYND/ HRAFNHILDUR HEIÐA GUNNLAUGSDÓTTIR

**GOTT TEYMI** Þýski ljósmyndarinn Mirko Kraeft t.v. myndar lokaverkefni sitt hér á landi. Anna Kristín Arnardóttir hefur aðstoðað Mirko í sínu verkefni.


**SÆL MEÐ SITT** Eva er hrifin af mynd kærasta síns. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## „Hann er bestur“

Leikkonan Eva Mendes mætti á viðburð í New York á þriðjudagskvöld og var meðal annars spurð út í nýjustu mynd kærasta síns, leikarans Ryans Gosling, How to Catch a Monster.

„Já, það er falleg, falleg mynd. Ég veit að ég er hlutdræg. Hann er bestur. Hann er bestur,“ sagði Eva.

Mikið hefur verið slúðrað um að samband þeirra standi á brauðfótum en þau hafa ekki staðfest þann orðróm. Eva og Ryan byrjuðu saman í september árið 2011 og eyddu meðal annars gæðastundum í Reykjavík í fyrra. - lkg


**BEST FYRIR SJÁLFA SIG** Kim er ekki sérfræðingur um snyrtivörur. FRÉTTABLAÐIÐ/

## Enginn förðunarsérfræðingur

Raunveruleikastjarnan Kim Kardashian segist ekki vita mikið um förðunarvörur en fjölskylda hennar er með sína eigin línu af förðunarvörum.

„Við fáum vörur og prófum þær og sjáum hvað lítur best út. Sérfræðingar í förðunarvörum hjálpa okkur að velja liti,“ segir Kim. Hún er ófær um að velja förðunarvörur fyrir aðra húðtegund en sína eigin.

„Ég nota bara eitt meik og ég veit hvað lítur best út á mér en ég er ekki góð í að segja hvað væri gott fyrir ljósari eða dekkri húð. Sérfræðingarnir færa okkur vörur og við getum prófað þær og athugað hvað okkur finnst.“ - lkg



SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| NEED FOR SPEED VIP | KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SAVING MR. BANKS | KL. 5:20 | L |
| NON STOP | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 10:30 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:20 | 16 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 5:15 - 8 - 10:20 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 5:30 - 8 | L |
| POMPEII | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE | KL. 3D: 8 2D: 10:45 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:35 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| NEED FOR SPEED | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENS TAL 2D | KL. 5:30 | L |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 10:40 | 16 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| POMPEII | KL. 8 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:30 | 12 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 3.30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 3D | KL. 3.30 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 8 (FORSÝNING) | 7 |
| DEAD SNOW - RED VS DEAD | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| ONE CHANCE | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 - 9 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 10.30 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL. 5.50 | L |

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ FJÖLSKYLDUPAKKINN GÆÐASTUND
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE BAG MAN | 10:25 | 16 |
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 10:10 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 4, 6 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | 3:45 | L |
| RIDE ALONG | 6, 8 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 2D | 3:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |


# Blessaður!

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Bíddu, er bara öllum hleypt inn í Hörpu?" sagði ég brosandi við tónleikagest í glæsibyggingunni við höfnina á dögunum. Sá hafði þegar fengið sér sæti og kom ég auga á hann þar sem ég klöngraðist yfir aðra gesti í leit að mínu eigin. „Uuu, já," svaraði maðurinn sem ég taldi mig aldeilis þekkja vel. Auðvitað kom á daginn að viðkomandi var alls ekki Steini Halldórs heldur einhver sláandi líkur honum. Maðurinn klórar sér eflaust enn í hausnum yfir því hver hafi kastað á hann kveðju.

Ég hef aldrei kunnað að meta fólk sem heilsar ekki öðru fólki sem það þekkir. Stundum mætir maður einhverjum úti á götu sem maður kannast við en lítur ekki einu sinni upp. „Djöfull er hann merkilegur með sig," hef ég stundum hugsað en í seinni tíð hef ég velt fyrir mér öðrum möguleikum. Viðkomandi geti verið feiminn, utan við sig eða einfaldlega ómannglöggur.

Hvað sem því líður legg ég mig fram um að heilsa fólki og þá helst með nafni. Mér líður vel að heyra nafn mitt og veit að það gildir um fleira fólk. Á hinn bóginn er sérstaklega pínlegt þegar maður rangnefnir fólk. Það gerði ég, einu sinni sem oftar, í brúðkaupi um árið þar sem ég reyndi svo að redda mér með því að nefna til sögunnar gælunafn mannsins. Kom á daginn að viðkomandi kunni sérstaklega illa við umrætt gælunafn.

Stundum tekst manni samt að bjarga sér fyrir horn. Þannig gekk ég fram hjá Vesturbæjarlauginni um daginn og sá kunnuglegt andlit nálgast. „Blessaður, Davíð," sagði ég en sá strax eftir orðum mínum eftir því sem við nálguðumst. Vegfarandinn, sem ég þekkti minna en ekki neitt, horfði spurnaraugum á mig þar til ég endurtók, algjörlega ósjálfrátt og af meiri krafti en áður, „Blessaður!" Manninum brá svo að hann gat ekki annað en kastað á mig kveðju og skildu svo leiðir okkar, tveggja stórra spurningarmerkja.

# Sombístuð í Smárabíói

Norska uppvakningamyndin Dead Snow: Red vs. Dead var frumsýnd í Smárabíói á miðvikudagskvöldið. Margt var góðra gesta og létu þeir sér ekki bregða þótt ógnvænlegir uppvakningar röltu um bíóið með tilheyrandi óhljóðum. Myndin var tekin upp hér á landi í fyrrasumar og er meðframleidd af Sagafilm.



**POPP OG PEPSI** Arnmundur Ernst og Ragnar Jón vættu kverkarnar fyrir sýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓLÍKLEGT PAR** Vel fór á með Öldu Karen og þessum uppvakningi.



**TOPPTEYMI** Birta Árdal, Sigríður Þóra Árdal, Bergsteinn Björgólfsson, Bjarmi og Sindri.



**TVENNUTILBOÐ** Jón Þór og Jónína Hauksdóttir voru í góðu stuði í bíóinu.



**MEÐFRAMLEIÐENDUR** Pétur Óli Gíslason, Arnbjörg Hafliðadóttir og Ragnar Agnarsson hjá Sagafilm.

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# „Framúrskarandi akstursupplifun“

## Ford Kuga Titanium AWD.

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum akstурseiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Ford Kuga fær þig til að brosa í hvert skipti sem þú sest undir stýri. Komdu og prófaðu.

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk og dráttarbeisli að verðmæti 365.000 kr. öllum Ford Kuga í mars. Nýttu tækifærið.

**Beinskiptur með dísilvél frá 5.790.000 kr.**
**Sjálfskiptur með dísilvél frá 6.490.000 kr.**
**Sjálfskiptur með bensínvél frá 6.190.000 kr.**




Ford

50 ár í bílgreininni

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

ford.is

| Brimborg Reykjavík | Brimborg Akureyri |
|---|---|
| Bíldshöfða 6 | Tryggvabraut 5 |
| Sími 515 7000 | Sími 515 7050 |

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Vissir þú að Ford Kuga er öruggasti bíllinn í sínum flokki?
Öryggi skiptir miklu máli en það gerir staðalbúnaðurinn líka. Ford Kuga stenst þann samanburð fyllilega líka enda búinn skynvæddu fjórhjóladrifi, Ford SYNC raddstýrðu samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17" Titanium álfelgum, upphitanlegri framrúðu, starthnappi, regnskynjara í framrúðu og langboga með álútliti. Síðan er að sjálfsögðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 140 hö. 6 gíra beinsk./sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9/6,2 l/100 km. $CO_2$ losun 154/162 g/km.
Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hö. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. $CO_2$ losun 179 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Spilað í KA-heimilinu á nýjan leik



**HANDBOLTI** Fresta þurfti leik Akureyrar og Vals í Olísdeild karla um einn sólarhring vegna ófærðar og fer hann því fram í kvöld. Höllin á Akureyri er hins vegar upptekin í kvöld og því þurfti að færa leikinn í KA-heimilið.

Úrvalsdeildarleikur fór þar síðast fram árið 2008 en KA hefur tvívegis orðið Íslandsmeistari og í bæði skiptin hefur titillinn unnist á heimavelli, árin 1997 og 2002. Meistaraflokkar Þórs og KA voru svo sameinaðir undir merkjum Akureyrar handboltafélags árið 2006.

Leikurinn í kvöld skiptir bæði lið máli en Akureyri er á síðasta séns að bjarga sér frá umspilinu í vor. Valur má hins vegar ekki við því að gefa eftir í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni.

Guðmundur Hólmar Helgason og Geir Guðmundsson, sem eru báðir Akureyringar, snúa aftur norður í kvöld en þeir gengu til liðs við Val fyrir tímabilið og eru markahæstu leikmenn liðsins. - esá

## Grindavík og KR komin á sigurbraut í úrslitakeppninni

**KÖRFUBOLTI** Fyrstu leikirnir fóru fram í úrslitakeppni Domino's-deildar karla í gær og voru úrslitin eftir bókinni svokölluðu. Grindavík lagði baráttuglaða leikmenn Þórs og þá lentu deildarmeistarar KR ekki í vandræðum með Snæfellinga.

Fyrstu umferðinni í 8-liða úrslitunum lýkur í kvöld. Þá mætast Haukar og Njarðvík og svo Stjarnan og Keflavík. Báðir hefjast kl. 19.15.

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins



**BARÁTTA** Travis Cohn sækir að KR-ingnum Demond Watt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KARLA

**8-LIÐA ÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**GRINDAVÍK - ÞÓR ÞORL. 92-82 (44-43)**
**Stigahæstir hjá Grindavík:** Earnest Clinch 21, Þorleifur Ólafsson 21/8 fráköst, Ólafur Ólafsson 16/8 fráköst.

**Stigahæstir hjá Þór:** Mike Cook 25, Ragnar Ágúst Nathanaelsson 19/13 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 17.

**KR - SNÆFELL 98-76 (48-39)**
**Stigahæstir hjá KR:** Martin Hermannsson 23, Darri Hilmarsson 16, Helgi Már Magnússon 16, Demond Watt 12.

**Stigahæstir hjá Snæfelli:** Travis Cohn 21, Sigurður Á. Þorvaldsson 19, Jón Ólafur Jónsson 10.

### OLÍSDEILD KARLA

**ÍBV - HK 36-27 (16-14)**
**Markahæstir hjá ÍBV:** Agnar Smári Jónsson 8 (12), Grétar Þór Eyþórsson 7 (9), Magnús Stefánsson 7 (9), Theodór Sigurbjörnsson 5/2 (6/3).

**Varin skot:** Henrik Vikan Eidsvag 8 (21/1, 38%), Kolbeinn Aron Ingibjargarson 7/1 (20/2, 35%).

**Markahæstir hjá HK:** Leó Snær Pétursson 9/2 (11/3), Garðar Svansson 4 (7), Jóhann Gunnlaugsson 4 (8), Atli Karl Bachmann 4 (9).

**Varin skot:** Helgi Hlynsson 8 (29, 28%), Valgeir Tómasson 4 (19/2, 21%).

**HAUKAR - ÍR 26-22 (14-9)**
**Markahæstir hjá Haukum:** Þórður Rafn Guðmundsson 6 (6), Sigurbergur Sveinsson 5/1 (10/1), Elías Már Halldórsson 4 (7).

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 20 (42/2, 48%).

**Markahæstir hjá ÍR:** Sturla Ásgeirsson 6/2 (8/2), Daníel Ingi Guðmundsson 5 (9), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (6), Jón Kristinn Björgvinsson 4 (6).

**Varin skot:** Kristófer Guðmundss. 14 (40/1, 35%).

**FRAM - FH 25-28 (13-15)**
**Markahæstir hjá Fram:** Elías Bóasson 5 (8), Garðar B. Sigurjónsson 5/2 (8/3), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5).

**Varin skot:** Stephen Nielsen 7 (24, 29%), Svavar Már Ólafsson 5 (16/3, 31%).

**Markahæstir hjá FH:** Ragnar Jóhannsson 7 (9), Benedikt Reynir Kristinsson 5 (5), Magnús Óli Magnússon 5 (8), Ásbjörn Friðriksson 4/3 (4/3), Valdimar Fannar Þórsson 4 (7).

**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 17/2 (42/5, 40%),.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Haukar | 18 | 14 | 1 | 3 | 475-399 | 29 |
| ÍBV | 18 | 13 | 0 | 5 | 497-454 | 26 |
| Valur | 17 | 10 | 1 | 6 | 475-399 | 21 |
| Fram | 18 | 9 | 0 | 9 | 401-426 | 18 |
| FH | 18 | 8 | 1 | 9 | 452-445 | 17 |
| ÍR | 18 | 8 | 0 | 10 | 481-489 | 16 |
| Akureyri | 17 | 6 | 0 | 11 | 402-440 | 12 |
| HK | 18 | 1 | 1 | 16 | 403-539 | 3 |



**ÍSLENDINGASLAGUR** Guðbjörg Gunnarsdóttir, lengst til vinstri, og Hallbera Guðný Gísladóttir, lengst til hægri, mætast í Meistaradeildinni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Með aukabolta á hausnum

Guðbjörg Gunnarsdóttir hefur byrjað vel með þýska stórliðinu Turbine Potsdam og hefur nú haldið markinu hreinu í 352 mínútur. Fram undan eru Meistaradeildarleikir á móti Hallberu Gísladóttur og félögum.

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsmarkvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir gekk um áramótin til liðs við þýska stórliðið Turbine Potsdam. Guðbjörg vann sér strax sæti í byrjunarliðinu en liðið er á toppnum í þýsku deildinni og fram undan eru leikir í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

„Ég hef fengið að spila allar mínúturnar og það var markmiðið. Það er ekki verra að halda markinu hreinu en það er nú léttara þegar það er gott lið fyrir framan mann," segir Guðbjörg sem fékk á sig mark eftir átta mínútur í fyrsta leiknum en hefur nú haldið markinu hreinu í 352 mínútur.

**Þjálfarinn öskrar stanslaust**

„Þetta er örugglega erfiðara en ég bjóst við. Það er ástæða fyrir því að þær eru svona góðar í þýska landsliðinu. Við æfum eins og geðsjúklingar og þær hæfustu lifa af og fá að spila," segir Guðbjörg.

„Karlinn er trylltur og öskrandi allan tímann. Það þorir enginn að slaka á í sekúndu. Þetta er einhver blanda af virðingu og hræðslu við hann. Tveggja metra maður sem öskrar á þig stanslaust," segir Guðbjörg um þjálfarann Bernd Schröder.

Guðbjörg neitaði að fara út af í 4-0 sigri á Duisburg í fyrrakvöld þrátt fyrir að hafa fengið spark í höfuðið. „Ég fann ekki fyrir því að ég hefði fengið svona rosalega stóra kúlu. Ég fékk spark í hausinn en ég neitaði að fara út af," segir hún.

„Eftir leikinn var ég komin með aukabolta á hausinn. Ef ég hefði verið útileikmaður þá hefði ég farið beint út af því ég hefði aldrei getað skallað boltann eftir þetta," segir Guðbjörg og með þessu vann hún sér inn stig hjá öllum í liðinu.

**Geðveikur víkingur**

„Þær kölluðu mig geðveikan víking og hlógu bara að mér. Ég held að því að ég er enginn „vælari". Ég vildi alls ekki fara út af og eiga það á hættu að missa sætið mitt og spila ekki um helgina," segir Guðbjörg en Potsdam mætir þá Hallberu Gísladóttur og félögum



**STÓR KÚLA** Guðbjörg Gunnarsdóttir eftir leikinn á móti Duisburg í þýsku úrvalsdeildinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

hennar í ítalska liðinu Torres í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

„Það verður gaman að mæta henni. Það virðist enginn vera sérstaklega stressaður en það er pínu hættulegt að hugsa svoleiðis. Við erum klárlega stóra liðið í þessari viðureign," segir Guðbjörg sem gæti orðið fyrsta íslenska konan til þess að vinna Meistaradeildina.

„Þetta er mjög spennandi keppni. Lyon, sem hefur unnið þetta síðustu árin, datt út fyrir Potsdam. Ef við komumst áfram verður það Potsdam – Wolfsburg í undanúrslitunum og ég held að liðið sem vinnur þar komi til með að vinna keppnina," segir Guðbjörg. Hún er nýkomin frá Algarve en Ísland náði 3. sætinu þar.

**Líta á það að komast í landsliðið sem frí**

„Það var mjög fínt að komast í nýtt umhverfi. Það eru flestar í liðinu hér sem líta á það sem pínu frí að fara að hitta landsliðið," segir Guðbjörg. „Það var hlegið svolítið að mér eftir að við töpuðum 5-0 á móti Þýskalandi. Ég vissi samt alveg að ég myndi fá að heyra það," segir Guðbjörg en tveir liðsfélagar hennar hjá Potsdam léku með þýska liðinu.

ooj@frettabladid.is




# Kom mörgum á óvart – mér líka

Chynna Brown verður aftur með Snæfelli gegn Val í úrslitakeppninni í kvöld.

**KÖRFUBOLTI** Flestir innanbúðarmenn í Snæfelli voru búnir að afskrifa hina bandarísku Chynnu Brown eftir að hún skaddaði liðband í rist í leik liðsins gegn Val um helgina. Það var fyrsta viðureign liðanna í undanúrslitum úrslitakeppni Domino's-deildar kvenna og lyktaði með sigri Snæfellinga. Brown missti svo af næsta leik og Valur náði að jafna metin með nokkuð öruggum sigri.

Snæfell tryggði sér deildarmeistaratitilinn með þó nokkrum yfirburðum í vetur en Brown var þar í mjög stóru hlutverki. Því var jafnvel talið að fjarvera hennar, auk meiðsla Hugrúnar Evu Valdimarsdóttur, myndi kosta liðið sæti í lokaúrslitunum.

En svo birtist nafn Brown á leikskýrslu fyrir þriðja leik liðanna í fyrrakvöld eins og skrattinn úr sauðarleggnum. Brown spilaði í rúmar 20 mínútur og Snæfell vann leikinn. Að honum loknum sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari liðsins, að hann hefði sent Brown til Keflavíkur þar sem hún fór í meðferð hjá Pétri Péturssyni, osteópata (sérfræðings í hrygg- og liðskekkjumeðferð) í Keflavík.

Brown segir í samtali við Fréttablaðið að það hefði komið mörgum á óvart að meðferðin hjá Pétri hefði skilað svo góðum árangri.

„Ekki síst sjálfri mér," segir hún. „Í stuttu máli þá fiktaði hann aðeins í löppinni á mér. Það var sársaukafullt en algjörlega þess virði."



Hún segist hafa eðlilega verið aum eftir leikinn í gær. „Það var við því að búast en þetta er þó ekkert of slæmt," segir hún og bætir við að liðbandið sjálft sé ekki slitið – aðeins tognað.

„Annars fann hann eitthvað í mjöðminni sem hann gat unnið með. Hann talaði um að það hefði mögulega orsakað meiðslin," segir Brown sem hafði enga reynslu af því að leita óhefðbundinna lækninga.

„Ég hafði aldrei heyrt um osteópata áður en var til í að prófa allt. Ég hitti hann svo aftur í dag [í gær] og er klár í næsta leik." - esá




# Tónlistarviðburður ársins!

Hlustendaverðlaunin verða afhent í kraftmiklu og spennandi tónlistarpartýi í Háskólabíói. Hátíðin verður í beinni útsendingu og opinni dagskrá í kvöld á Stöð 2 klukkan 19.45. Fjölmörg tónlistaratriði eru á dagskrá kvöldsins og á meðal þeirra sem koma fram eru Kaleo, Emilíana Torrini, Lay Low, Skálmöld, Jón Jónsson, Dikta, Leaves, Friðrik Dór, Steindi JR og Bent. Kynnar kvöldsins verða Sverrir Þór Sverrisson og Saga Garðarsdóttir.




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild á aðeins 7.990 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**7.990 kr. + 0 kr.** Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 19.45
**Hlustendaverðlaunin 2014**



Bein útsending frá glæsilegum Hlustendaverðlaunum Bylgjunnar, FM957 og X-ins 977 í Háskólabíói, í beinni útsendingu og opinni dagskrá. Kynnar kvöldsins eru Sverrir Þór Sverrisson og Saga Garðarsdóttir. Fjölmörg tónlistaratriði eru á dagskrá kvöldsins og á meðal þeirra sem koma fram eru Kaleo, Emilíana Torrini, Lay Low, Steinar, Skálmöld, Jón Jónsson, Dikta, Leaves, Friðrik Dór, Steindi JR og Bent.



### American Idol
**STÖÐ 3 KL. 20.35** Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásætinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick Jr.



### The Voice
**SKJÁR EINN KL. 20.30** Sjötta þáttaröð hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á Skjá Einum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna.



### Útsvar
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.05** Reykjavík–Seltjarnarnes. Spurningakeppni sveitarfélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.

### X-ið 977 kl. 08.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur þar sem tekinn er púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.




## FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



# Í DRAUMASTARFINU MEÐ DRAUMABARNIÐ

Nýi borgarleikhússtjórinn **Kristín Eysteinsdóttir** segist smám saman munu gera breytingar á starfsemi leikhússins en það verði engin bylting. Hún upplifir nú ár af draumum sem rætast því fyrir átta mánuðum fæddist langþráð dóttir eftir óteljandi tilraunir.

### Stendur uppi sem sigurvegari



**Arnór Dan Arnarson** tónlistarmaður varð fyrir alvarlegri líkamsárás í miðbæ Reykjavíkur fyrir tveimur árum. Hann gerir upp eftirmála árásarinnar en Hæstiréttur hefur loksins komist að niðurstöðu í málinu og eftir stendur Arnór sem sterkari maður.

### Hver er þessi Pútín?

Einn umdeildasti þjóðarleiðtogi heims um þessar mundir er **Vladimír Pútín** Rússlandsforseti. Fréttablaðið skoðaði manninn á bak við nafnið.



### Misjöfn ánægja með kennaraverkföll



**Fréttablaðið** ræddi við fólk á öllum aldri um verkföll framhaldsskólakennara í gegnum árin og hvað það hafi fyrir stafni í þessum óvæntu fríum.

FRÉTTABLAÐIÐ *Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000 | Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Malcolm In the Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.10** **Bold and the Beautiful**
**09.30** **Doctors**
**10.15** **Fairly Legal**
**11.00** **Celebrity Apprentice**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Big Mommas. Like Father, Like Son**
**14.40** **The Glee Project**
**15.25** **Ærslagangur Kalla kanínu og félaga**
**15.45** **Xiaolin Showdown**
**16.10** **Waybuloo**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **The Simpsons**
**19.45** **Hlustendaverðlaunin 2014**
**21.40** **Arbitrage** Dramatísk spennumynd frá 2012 með Richard Gere, Susan Sarandon, Brit Marling og Tim Roth í aðalhlutverkum. Stjórnandi fjárfestingasjóðs í New York gerir örvæntingafulla tilraun til að selja fyrirtækið en skelfileg uppákoma og dómgreindarbrestur hans virðist ætla að verða honum að falli.
**23.25** **Charlie Wilson's War**
**01.05** **Me, Myself and Irene**
**03.00** **City of Men**
**04.50** **Big Mommas. Like Father, Like Son**

## SPORT *besta sætið*

**12.05** **Anzhi - AZ Alkmaar**
**13.45** **Napoli - Porto**
**15.25** **Benfica - Tottenham**
**17.05** **Snæfell** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
**17.35** **Grindavík - Þór Þ.**
**19.05** **Dominos-deildin - Upphitun**
**19.55** **La Liga Report**
**20.25** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.55** **Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**21.50** **NBA - Dr. J - The Doctor** Heimildarmynd um NBA leikmanninn Julius Erving.
**23.00** **Indiana - Chicago** Bein útsending
**02.00** **Miami - Houston**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.00** **Hull - Man. City**
**12.45** **Aston Villa - Chelsea**
**14.30** **Sunderland - Crystal Palace**
**16.15** **Premier League World**
**16.45** **Messan**
**18.30** **Man. Utd. - Liverpool**
**20.10** **Match Pack**
**20.40** **Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**21.10** **Football League Show 2013/14**
**21.40** **Fulham - Newcastle**
**23.20** **Everton - Cardiff**
**01.00** **Goals of the Season 2008/2009**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Reykjavíkurrölt **21.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**12.40** **Simpson-fjölskyldan**
**13.00** **Friends**
**13.20** **Mindy Project**
**13.45** **Suburgatory**
**14.05** **Glee**
**14.45** **Hart of Dixie**
**15.25** **Gossip Girl**
**16.05** **The Carrie Diaries**
**16.45** **Pretty Little Liars**
**17.30** **Jamie's 30 Minute Meals**
**17.55** **Raising Hope**
**18.20** **The Neighbors**
**18.40** **Cougar town 4**
**19.00** **H8R**
**19.45** **How To Make it in America** *(3:8)*
**20.15** **1600 Penn** *(13:13)*
**20.35** **American Idol** *(21:37)*
**21.15** **Grimm** *(19:22)*
**22.00** **Luck** *(8:9)*
**22.45** **H8R**
**23.25** **How To Make it in America**
**23.55** **1600 Penn**
**00.20** **American Idol**
**01.00** **Grimm**
**01.40** **Luck**
**02.25** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.19** Svampur Sveinsson **08.45** Gulla og grænjaxlarnir **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Ávaxtakarfan **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Latibær **10.34** Ævintýraferðin **10.47** Tom and Jerry **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.19** Svampur Sveinsson **12.45** Gulla og grænjaxlarnir **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ávaxtakarfan **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.23** Latibær **14.34** Ævintýraferðin **14.47** Tom and Jerry **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.19** Svampur Sveinsson **16.45** Gulla og grænjaxlarnir **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Brunabílarnir **17.47** Ávaxtakarfan **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.23** Latibær **18.34** Ævintýraferðin **18.47** Tom and Jerry **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Litla stóra Pandan **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.50** **Strákarnir**
**18.20** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(16:24)*
**20.00** **Það var lagið**
**21.00** **Game of Thrones** *(9:10)*
**21.55** **Twenty Four** *(23:24)*
**22.40** **It's Always Sunny In Philadelphia** *(3:13)*
**23.05** **Footballers Wives**
**23.55** **The Practice**
**00.40** **Það var lagið**
**01.35** **Game of Thrones**
**02.30** **Twenty Four**
**03.15** **It's Always Sunny In Philadelphia**
**03.40** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.10** **Honey**
**13.00** **My Cousin Vinny**
**15.00** **Cheerful Weather for the Wedding**
**16.35** **Honey**
**18.25** **My Cousin Vinny**
**20.25** **Cheerful Weather for the Wedding**
**22.00** **A Good Day To Die Hard**
**23.40** **13**
**01.10** **Green Street Hooligans 2**
**02.45** **A Good Day To Die Hard**

## RÚV

**15.40** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20** **Litli prinsinn**
**17.43** **Hið mikla Bé**
**18.05** **Nína Pataló**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Eldað með Ebbu**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Njósnari** *(8:10) (Spy II)* Bresk gamanþáttaröð þar sem fylgst er með Tim sem er njósnari hjá MI5 og togstreitu hans milli njósnastarfs og einkalífs. Meðal leikara eru Darren Boyd, Robert Lindsay og Mathew Baynton.
**20.05** **Útsvar** *(Reykjavík - Seltjarnarnes)* Spurningakeppni sveitafélaga. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir og spurningahöfundur og dómari er Stefán Pálsson.
**21.10** **Tólf í pakka 2** *(Cheaper by the Dozen 2)* Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Steve Martin í aðalhlutverki. Stórfjölskyldan fer í frí og viðbúið er að það gangi ekki stórslysalaust fyrir sig.
**22.45** **Hamilton njósnari – Barnsránið** *(Agent Hamilton: Men inte om det gäller din dotter)* Sænsk spennumynd um sérsveitarmanninn Carl Hamilton sem fær að reyna angistina á eigin skinni, þegar guðdóttur hans er rænt og enga hjálp virðist vera að fá frá sænsku leyniþjónustunni.
**00.15** **Baaria**
**02.40** **Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.05** **Pepsi MAX tónlist**
**14.30** **Dogs in the City**
**15.20** **Svali&Svavar**
**16.00** **The Biggest Loser - Ísland**
**17.00** **Minute To Win It**
**17.45** **Dr. Phil**
**18.25** **The Millers**
**18.50** **America's Funniest Home Videos**
**19.15** **Family Guy**
**19.40** **Got to Dance** *(11:20)*
**20.30** **The Voice** *(7:28)* Þáttaröð sex hefur göngu sína vestan hafs í sömu viku og þættirnir verða sýndir á Skjá Einum. Adam Levine og Blake Shelton snúa aftur sem þjálfarar og með þeim í annað sinn verða þau Shakira og Usher. Carson Daly snýr aftur sem kynnir þáttanna. Mikil eftirvænting er fyrir þessari þáttaröð enda hefur það kvisast út að keppendur séu sterkari en nokkru sinni fyrr.
**22.45** **The Tonight Show** Söngfuglinn Billy Joel mætir til leiks ásamt fyrrverandi forsetadótturinni Chelsea Clinton.
**23.30** **Friday Night Lights**
**00.10** **The Good Wife**
**01.00** **The Tonight Show**
**02.30** **Beauty and the Beast**
**03.10** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.15** PGA Tour 2014 **11.15** Champions Tour 2014 **12.35** Golfing World 2014 **13.25** Inside The PGA Tour 2014 **13.50** Feherty **14.35** PGA Tour 2014 - Highlights **15.30** Golfing World 2014 **16.20** Augusta Masters Official Film - 1960 **17.15** Champions Tour 2014 - Highlig **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** Inside The PGA Tour 2014 **23.15** Augusta Masters Official Film - 1960

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |



# Allt í steik!

## 4ra rétta seðill

Verð aðeins 7.390 kr.
Næg bílastæði

**PARMASKINKA**
með klettasalati, stökkum parmissankúlum og kryddjurtamajónesi

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

**FISKUR DAGSINS**
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*eða*

**NAUTALUND**
með lauk, hvítlauksconfit, graskeri, smælki og piparsósu

*eða*

**LAMBAHRYGGUR**
með kartöfluflani, gulbeðumauki, grænkáli, perlulauk og soðgljáa

VELDU ÞÉR EFTIRRÉTT

**KARAMARMELLAÐ HVÍTSÚKKULAÐIFRAUÐ**
með músli „ muffins", eplasellery chutney og limejógúrtís

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!

## Erfidrykkjur

Perlan býður upp á þjónustu við erfidrykkjur í fallegu og notarlegu umhverfi.

Gjafabréf Perlunnar
Góð gjöf við öll tækifæri!







Veitingahúsið Perlan
S: 562 0200 · Fax: 562 0207
perlan@perlan.is
www.perlan.is

PERLAN

**BESTI MORGUNMATURINN**



**„Egg og beikon með sriracha-sósu. Vel steikt og „sunny side up“. Þá er ég góður.“**

Danni Deluxe plötusnúður

# Nýr fréttamiðill fyrir áhugafólk um Ísland

Iceland Mag er nýr frétta-og dægurmiðill á ensku sem kemur út í fyrsta sinn í dag. Jón Kaldal ritstýrir.

„Miðillinn er fyrst og fremst hugsaður sem vefur en það verður einnig mánaðarlegt fríblað á ensku,“ segir Sara McMahon, en hún er blaðamaður hjá blaðinu Iceland Mag sem kemur út í fyrsta sinn í dag.

Um er að ræða bæði blað sem kemur út mánaðarlega á ensku og vefsíðuna Icelandmag.com. Sara segir þetta vera frétta- og dægurmiðil sem inniheldur bæði ítarleg viðtöl við áhugavert fólk sem og fréttir um land og þjóð. Einnig verður lögð mikil áhersla á skemmtilegt sjónvarpsefni inn á vefnum.

Vefurinn icelandmag.com fer í loftið í byrjun næstu viku en hann verður með svonefndu skalanlegu sniði. Þá aðlagast vefurinn öllum snjalltækjum.

Áherslur miðilsins virðast vera fyrst og fremst á erlenda ferðamenn og erlent áhugafólk um landið. „Efnið ætti þó líka að höfða til Íslendinga og við ætlum auðvitað að reyna að vera fyrst með fréttirnar, rétt eins og aðrir miðlar.“

Ritstjóri Iceland Mag er Jón Kaldal en hann er fyrrverandi ritstjóri Iceland Review, Fréttablaðsins og einn stofnenda Fréttatímans. Blaðið verður hægt að nálgast á helstu hótelum, gistiheimilum, kaffihúsum og veitingastöðum um land allt frá og með deginum í dag. - bþ






**FRÉTTIR Á ENSKU** Jón Kaldal og Sara McMahon matreiða fréttir um land og þjóð á ensku í Iceland Mag sem kemur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HEIÐUR EFTIR ELIF SHAFAK

ÁST, ÓTRYGGÐ, TRÚ OG HEIÐUR



HEIÐUR HEFUR VERIÐ ÞÝDD Á 39 TUNGUMÁL




Elsti sonurinn telur hægt að elska manneskju af hug og hjarta en vera jafnframt reiðubúinn til þess að gera henni mein.

Dramatísk saga um átök ólíkra menningarheima.

Ingunn Ásdísardóttir íslenskaði.

DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR

# Mættu á frumsýningu Game of Thrones

Þremenningarnir í Sigur Rós, þeir Jónsi Birgisson, Georg Holm og Orri Páll, mættu á frumsýningu fjórðu seríu Game of Thrones. Þeir leika tónlistarmenn í þáttunum en höfundar seríunnar eru miklir aðdáendur sveitarinnar.

Jónsi Birgisson, Georg Hólm og Orri Páll Dýrason, meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar, mættu á frumsýningu fjórðu seríu sjónvarpsþáttarins Game of Thrones í Lincoln Center í New York á þriðjudag. Eftir frumsýninguna röbbuðu þeir við George R.R. Martin, höfund bókanna sem sjónvarpsþættirnir eru byggðir á. Birtu þeir mynd af sér með rithöfundinum á Facebook-síðu sinni og virtist fara vel á með fjórmenningunum.

Sigur Rósar-menn voru í góðum félagsskap á rauða dreglinum á frumsýningunni en allar helstu stjörnur þáttanna létu sjá sig í sínu fínasta pússi, þar á meðal Peter Dinklage, Lena Headey, Emilia Clarke og Sophie Turner.

Jónsi, Georg og Orri ferðuðust til Króatíu á síðasta ári til að leika í seríunni og samkvæmt Entertainment Weekly leika þeir tónlistarmenn. Höfundar þáttanna, David Benioff og Dan Weiss, réðu þremenningana því að þeir eru miklir aðdáendur sveitarinnar og hlustuðu á tónlist hennar þegar þeir tóku upp fyrri seríur á Íslandi. Óljóst er hvort tónlist Sigur Rósar heyrist í nýju þáttunum.

Tökulið Game of Thrones hefur þrisvar komið hingað til lands og myndaði atriði í fjórðu seríu síðastliðið sumar. Tökur fóru meðal annars fram í Þjórsárdal, á Hengilssvæðinu og Stekkjargjá á Þingvöllum. Kraftajötunninn Hafþór Júlíus Björnsson fer einnig með hlutverk í seríunni en hann sást ekki á frumsýningunni í New York í vikunni.

Stutt er síðan Sigur Rós fékk gestahlutverk í Simpsons-þættinum The Saga of Carl sem vakti mikla athygli.

liljakatrin@frettabladid.is



GEORGE R.R. MARTIN

**REFFILEGIR Á RAUÐA DREGLINUM** Sigur Rósar-menn voru smart meðal stjarnanna í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### → Fleiri tónlistarmenn í Game of Thrones

Mikil tenging hefur verið á milli Game of Thrones og þekktra tónlistarmanna. Sveitirnar The National og The Hold Steady hafa báðar átt lög í þáttunum og sömdu lög sérstaklega fyrir þá sem voru innblásin af skrifum George R.R. Martin. Þá léku Coldplay-trommarinn Will Champion og Gray Lightbody úr Snow Patrol aukahlutverk í þriðju seríu.

# Gamlinginn olli miklum kvíða

Kvikmyndin er tekjuhæsta mynd allra tíma í Svíþjóð. „Ótrúlegar viðtökur,“ segir Sigurjón Sighvatsson sem er einn af aðalframleiðendum myndarinnar.

„Bókin var vinsæl og við vorum með gott handrit. En myndin var óheyrilega dýr á sænskan mælikvarða. Við þurftum að fá fimm hundruð þúsund manns á myndina til að koma út á núlli. Venjulega eru ekki nema sjö til átta myndir í heild sem fara yfir það á hverju ári í Svíþjóð og í mesta lagi einn til tvær sænskar. Þannig að við vorum frekar kvíðin með hvernig myndinni gengi,“ segir kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson. Hann er einn af aðalframleiðendum sænsku myndarinnar Gamlinginn, sem heitir á frummálinu Hundraåringen som klev ut genom fönstret…

Myndin hefur náð þeim áfanga að vera best sótta sænska mynd síðustu tveggja áratuga í Svíþjóð og tekjuhæsta mynd allra tíma.

„Þetta eru ótrúlegar viðtökur,“ bætir Sigurjón við. Tæplega ein og hálf milljón manna hafa séð myndina í Svíþjóð og um 455 þúsund á hinum Norðurlöndunum. Þá verður myndin frumsýnd í þrjú hundruð kvikmyndahúsum í Þýskalandi um helgina.

Sigurjón er nýkominn frá Nýja-Sjálandi þar sem tökum á myndinni Z for Zachariah lauk nýverið. Sigurjón vann myndina í samstarfi við Zik Zak og fyrirtæki leikarans Tobeys Maguire, Material Pictures. Hann undirbýr nú næstu verkefni en vill lítið gefa upp.

„Við erum komin langt með undirbúning fyrir mynd byggða á skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig. Óskar Axelsson leikstýrir henni og vonandi verður það næsta mynd. Ég get lítið sagt um leikaravalið nema að það er athyglisvert og mun koma á óvart.“ - lkg



### → Aðsóknarmestu myndir Svía

1. Sällskapsresan (1980)–**2.038.589**
2. Att angöra en brygga (1965)–**1.955.725**
3. Emil i Lönneberga (1971)–**1.652.791**
4. Ronja Rövardotter (1984)–**1.645.776**
5. Utvandrarna (1971)–**1.585.042**
6. Tjorven och Skrållan (1965)–**1.545.405**
7. Sällskapsresan II – Snowroller (1985)–**1.538.958**
8. Den ofrivillige golfaren (1991)–**1.525.347**
9. Hundraåringen som klev ut genom fönstret… (2013)–**1.502.619**
10. SOS – en segelsällskapsresa (1988) – **1.501.982**



# JT
## WORLD TOUR
# TAKK!

Sena þakkar eftirtöldum aðilum fyrir að leggja hönd á plóginn og láta Justin Timberlake tónleikana á Íslandi verða að veruleika.

---

VODAFONE · WOW AIR · MIÐI.IS · MP BANKI · ADVEL LÖGMENN · EXTON
KÓPAVOGSBÆR · KÓRINN · HK · VÍFILFELL · SJÓVÁ · EFLA VERKFRÆÐISTOFA
HESTAMANNAFÉLÖGIN SPRETTUR OG FÁKUR · SMÁRALIND

---

Og við þökkum 16 þúsund tónleikaunnendum frábær viðbrögð.
Sjáumst 24. ágúst á Justin Timberlake tónleikunum í Kópavogi!

**Starfsfólk Senu**

#jtisland

JUSTINTIMBERLAKE.COM FACEBOOK.COM/JUSTINTIMBERLAKE TWITTER.COM/JTIMBERLAKE

vodafone · WOW air · Allt um tónleikana á www.sena.is/jt · Framúrskarandi fyrirtæki 2013 · sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



OPIÐ 24 TÍMA

Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Barnalán á skjánum

Tónlistarmaðurinn **Jón Ragnar Jónsson** á von á sínu öðru barni með kærustu sinni **Hafdísi Björk Jónsdóttur**. Fyrir eiga þau soninn Jón sem fæddist síðasta sumar. Jón Ragnar er ekki sá eini í hæfileikaþættinum Ísland Got Talent sem barnalánið leikur við, því kollegi hans í dómarasætinu, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, á von á sínu fyrsta barni. Kærasti hennar er Hjalti Haraldsson. Bæði börnin eru væntanleg í heiminn í september. Það er því óhætt að segja að frjósemin svífi yfir vötnum í hæfileikaþættinum. **- áp**



### Highlands nær toppnum

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Highlands, sem skipuð er þeim Karin Sveinsdóttur og **Loga Pedro Stefánssyni,** vakti athygli iTunes nú á dögunum. Platan sem kom út þann 18. febrúar síðastliðinn hefur vakið verðskuldaða athygli en iTunes benti sérstaklega á plötuna sem ferska og þess virði að fylgjast með. Tvíeykið í Highlands var tilnefnt sem nýliði ársins á tónlistarverðlaunum X-ins 977 og á Íslensku tónlistarverðlaununum auk þess sem platan fékk frábæra dóma hjá The Guardian. Tónlistarspekúlantar þurfa greinilega að fylgjast grannt með krökkunum í Highlands því sveitin er komin til að vera. **- ssb**



### Mest lesið Vísir

1. Rökstuddur grunur um að brakið sé úr vélinni
2. Segir bæinn óttast að sundlaugargestir horfi frítt á leiki ÍA
3. Fórnarkostnaður framhaldsskólakennara
4. Átta mánaða drengur vegur jafnmikið og sex ára barn
5. Níu hundruð látnir í Katar


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



JOOP! • bruno banani • elegante • CONFORM • QUILTS OF DENMARK • Charlotte Sjulien • TEMPUR DÝNUR OG KODDAR



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

TAX FREE DAGAR

AÐEINS Í 3 DAGA

– FIMMTUDAG – FÖSTUDAG – LAUGARDAG –

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Betra Bak.